

**EINSTAKUR STÍLL SONIU RYKIEL**
TÍSKA 30

# Hinn gullni mjöður

**Á fáeinum árum hafa sprottið upp þrjú afbragðs brugghús úti á landi.**

BRUGGHÚS 22





**ÖGRANDI MENNTASKÓLI FYRIR GRUNNSKÓLABÖRN**
HELGARVIÐTAL 18


# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

8. ágúst 2009 — 186. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**HELGARVIÐTAL** 20



**Samkynhneigðir geta líka verið afburða íþróttafólk**

**ÞRIÐJA GRÁÐAN** 24

**Danstónlist af bestu gerð**

**INNI OG ÚTI**



**Leiðarvísir um berjatínslu**

**SÉRBLAÐ FYLGIR**





**VESTASTI ODDI ÍSLANDS** Stöðugur straumur ferðamanna er við Látrabjarg á Vestfjörðum á sumrin. Látrabjarg er stærsta sjávarbjarg landsins og eitt þéttsetnasta fuglabjarg heims. Það er 14 kílómetra langt og við Heiðnukinn er það 441 metra hátt. Á skerjunum úti fyrir flatmaga selir gjarnan og úti á sjónum má oft sjá hval. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sparifé í bönkum ber neikvæða vexti

**Óverðtryggðir sparireikningar bankanna bera margir hverjir neikvæða vexti. Vextirnir hafa lækkað síðustu misseri á sama tíma og verðbólga hefur aukist.**

**FJÁRMÁL** Óverðtryggðir sparireikningar bankanna bera margir ýmist neikvæða raunvexti eða eru mjög nálægt því.

Þetta kemur til af því að vextir hafa farið lækkandi á meðan verðbólga hefur haldist í svipaðri prósentutölu. Þetta mun að öllum líkindum ekki breytast mikið, þar sem Seðlabankinn er að reyna að lækka vaxtastigið, að sögn Lilju Mósesdóttur, hagfræðings og alþingismanns. Verðbólgan í júlí var 11,3 prósent samkvæmt tölum Hagstofunnar. Gæta verður þó að því að verðbólga er reiknuð á ársgrundvelli.

„Þetta er í sjálfu sér jákvætt á eins miklum samdráttartímum og við erum að ganga í gegnum núna,“ segir Lilja. „Það er mjög jákvætt að það séu nærri því neikvæðir raunvextir á sparifé vegna þess að það sem samfélagið og efnahagslífið þarf er að fólk eyði peningum ef það á peninga. Og það er fullt af fólki sem á peninga vegna þess að ríkið tryggði innstæður að fullu.“ Það sé því í sjálfu sér ekki neikvætt fyrir samfélagið þó það sé neikvætt fyrir einstaklinga að peningarnir séu að brenna upp.

Pétur H. Blöndal alþingismaður segir það mjög alvarlega stöðu þegar vextir verði neikvæðir, sérstaklega til lengri tíma. Hann segir þó að þótt vextir fari lækkandi sé verðbólgan líka á niðurleið.

„Sparnaðarviljinn varð gífurlegur í haust, og það má segja að það hafi orðið algjör umskipti á eyðsluhegðun landans, sem er mjög jákvætt því það var allt of mikil eyðslugræðgi áðan. Svo snerist það yfir í mikinn sparnað sem er kannski fullmikill, því hann veldur nánast stöðvun alls staðar. Það er í þeim skilningi ágætt að vextir séu ekki mjög háir á innistæðum, svo menn séu dálítið fúsir til að eyða þeim. Þetta má hins vegar ekki vara í langan tíma, því þá verður eyðslugleðin of mikil aftur.“

Vissulega getur fólk lagt fé inn á verðtryggða reikninga bankanna, en þeir hafa langan binditíma.

- þeb

Bók Helgu Sig. endurútgefin:

## Kona keypti sjö

**MENNING Bókin Matur og drykkur eftir Helgu Sigurðardóttur hefur verið endurútgefin.**

**„Ein kona kom hér við áðan og labbaði út með sjö eintök. Hún ætlaði að tryggja að öll börnin hennar hefðu eintak við höndina, svo hún hefði sína bók í friði,“ segir Sigurður Svavarsson bókaúgefandi.**

- hdm/ sjá síðu 42










**SPURNING DAGSINS**



*Halldóra, er það undir hælinn lagt að vinna svona keppni?*

„Maður þarf bara að vera á góðum skóm og standa í lappirnar.“

Halldóra Eydís Jónsdóttir er komin í tíu manna úrslit í breskri skóhönnunarkeppni sem nefnist Nýja skóstjarnan.

Skilanefnd Hróarskeldubanka fer fram á ákærur yfir fyrrverandi bankastjóra:

# Fer í hart við bankastjórann

**DANMÖRK** Skilanefnd Hróarskeldubanka hefur tilkynnt að hún muni fara fram á ákæru á hendur fyrrverandi bankastjóra bankans, Niels Valentin Hansen. Þá hefur hún ákveðið að höfða skaðabótamál á hendur honum. Þetta kom fram í dönskum fjölmiðlum í gær. Danska fjármálaeftirlitið hefur þegar hafið vinnu við gerð ákæru.

Í nýrri skýrslu, sem unnin var um aðdragandann að falli bankans í ágúst í fyrra, kemur fram að líklega hafi fjölmörg lögbrot verið framin við stjórn bankans. Þar beri Hansen langmesta ábyrgð. Sjálfur hefur hann hafnað ábyrgð á vandræðunum. Hansen er meðal annars grunaður um umboðssvik og að hafa látið bankann kaupa stóra hluti í sjálfum sér í hlutafjárútboði. Við hvoru tveggja getur legið fangelsisrefsing.




**HRÓARSKELDUBANKI** Svört lögfræðiskýrsla um rekstur Hróarskeldubanka hefur kallað fram viðbrögð.

Einnig er talið að endurskoðunarfyrirtækið Ernst og Young verði ákært fyrir „gagnrýnisverðar aðgerðir“.

Samkvæmt dönskum fjölmiðlum íhuga hluthafar bankans einnig að fara í skaðabótamál á hendur Hansen, og jafnvel einnig Sören Kaare-Andersen, sem tók við af Hansen árið 2007, en Hansen stýrði bankanum frá árinu 1978.

Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, og Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, sögðust í Fréttablaðinu í gær myndu fylgjast með málinu. **- sh**

Mótmælendur í ham:

## Slettu skyri á ráðuneyti og bíl

**LÖGREGLAN Fjórir mótmælendur, tveir karlar og tvær konur, voru handteknir í gær eftir að hafa slett grænu skyri á iðnaðarráðuneytið og bíl Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra. Að auki spörkuðu þau í höfuð lögreglumanns, sem hlaut minniháttar áverka.**

**Fjórmenningarnir tengjast samtökunum Saving Iceland en um tuttugu manns söfnuðust saman fyrir utan ráðuneytið til að mótmæla undirritun fjárfestingarsamnings Helguvíkurálvers. Undir hann skrifuðu iðnaðarráðherra og forstjóri Norðuráls meðan á mótmælunum stóð. - vsp**




**TWITTER** Samskiptaforritið lá niðri tvo tíma á fimmtudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Skotmarkið var Cyxymu:

## Segir netárás af pólítískum toga

**INTERNETIÐ** Skotmark Twitter netárásinnar er talinn vera 34 ára gamall Twitter-bloggari frá Georgíu sem notar notendanafnið Cyxymu. Samskiptaforritið Twitter lá niðri í tvær klukkustundir á fimmtudaginn.

Cyxymu, sem kallar sig Georg í samtali við CNN, segist aðallega blogg til þess að veita fólki utan Georgíu almennilegar upplýsingar um ástæður þess að Georgía sé eitt, sameinað ríki. Árásin sé því af pólítískum toga. Í gær var nákvæmlega ár liðið frá því að stríð hófst milli Georgíu annars vegar og Rússlands, Suður-Ossetíu og Abkhasíu hins vegar. **- vsp**

Lárentsínus vék sæti:

## Krafa LR nemi 250 milljónum

**VIÐSKIPTI** Lárentsínus Kristjánsson, meðeigandi Lögfræðistofu Reykjavíkur (LR) og stjórnarformaður skilanefndar Landsbankans, vék sæti við umræðu um ítarlegan verksamning sem skilanefndin gerði við LR vegna lánveitinga Landsbankans til Exista. Þetta kemur fram í tilkynningu frá skilanefndinni.

Þar segir jafnframt að gert sé ráð fyrir að LR fái tímagjald fyrir þjónustu sína eða miklu lægri fjárhæð en sem nemur kröfugerðinni. Kröfugerðin sem LR sendi skilanefndinni er talin nema um 250 milljónum króna eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. **- vsp**

Há launakrafa í bú Straums:

## Vann aldrei hjá Straumi banka

**VIÐSKIPTI Óttarr Möller, 91 árs fyrrverandi forstjóri Eimskips, gerir 279 milljóna launakröfu í bú Straums þrátt fyrir að hafa aldrei starfað fyrir bankann. Krafan tengist eftirlaunasamningi sem hann gerði við Eimskip þegar hann lét af störfum þar árið 1979.**

**Var gert ráð fyrir að hann héldi sömu kjörum eftir að hann hætti sem forstjóri. Krafan kom síðan inn í Straum þegar Burðarás, fjárfestingarfélag Eimskips, sameinaðast Straumi árið 2004. Slitastjórn Straums hefur hafnað kröfunni.**

**William Fall, fyrrverandi forstjóri Straums-Burðaráss, gerir 600 milljóna króna launakröfu í búið. Aðrar launakröfur í búið eru töluvert lægri. - vsp**



**HELGUVÍK** Mælt er fyrir um í stöðugleikasáttmálanum að greiða eigi fyrir framkvæmdum eins og byggingu álvers í Helguvík. Um 1.600 manns eru atvinnulausir á Suðurnesjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ráð að byggja upp stóriðju á næstunni

**Frekari stóriðja gæti styrkt gengið og minnkað atvinnuleysi samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar. Forseti ASÍ segir brýnt að við nýtum okkar auðlindir.**

**ATVINNA** Flest bendir til að þjóðhagslega hagkvæmt sé að ráðast í stóriðjuframkvæmdir á næstu árum og frekari uppbygging álframleiðslu leiðir til meiri stöðugleika en ella. Þetta kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans sem unnin var fyrir iðnaðarráðuneytið og birt í gær.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að miðað við atvinnuleysi og þverrandi tekjur þjóðarinnar sé mjög brýnt að við nýtum okkar auðlindir. Sextán þúsund manns séu án atvinnu og þungt hljóð í mönnum fyrir haustið.

Í stöðugleikasáttmálanum er gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin greiði götu þegar ákveðinna framkvæmda, eins og álvers í Helguvík. Gylfi segir mikilvægt að ráðast í þær framkvæmdir þar sem mikið atvinnuleysi sé á Suðurnesjum.

Í skýrslunni kemur fram að stóriðjuframkvæmdir styrki gengi krónunnar og minnki atvinnuleysi. Tímasetningar framkvæmdanna skipti þó máli og ábatinn sé mestur í efnahagslægð. Ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna umhverfiseyðileggingar í skýrslunni en í skýrslu fjármálaráðuneytisins, sem birt var nýlega, er talið að miðað við líklegan náttúrukostnað virkjana sé arðsemin umtalsvert minni en gefið sé til kynna.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**



**BJARNI BENEDIKTSSON**



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, segir mikilvægt að umræða fari fram um arðsemi stóriðju og hún verði til hliðsjónar þegar framtíðarstefnan sé mótuð. Stefnt sé að umhverfisvænni iðnþróun með áherslu á litla og meðalstóra iðnaðarkosti.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, er þeirrar skoðunar að nýta eigi orku landsins. Ekki þurfi þó að einangra sig við álver því fjölmargt annað komi til greina. „Mestu máli skiptir þó að þegar koma hingað áhugasamir fjárfestar verða þeir að mæta því viðmóti  að stjórnvöld séu tilbúin að nýta orku landsins en ríkisstjórnin er ekki sammála í orkumálum,“ segir Bjarni. **- vsp**

## Látinn eftir baráttu við veikindi

Grétar Már Sigurðsson, sendiherra og fyrrverandi ráðuneytisstjóri, lést í gær, fimmtugur að aldri, eftir baráttu við illvígt krabbamein. Grétar starfaði í utanríkisþjónustunni í rúma tvo áratugi, gegndi lykilstörfum í rekstri samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og var um skeið aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA.



**GRÉTAR MÁR SIGURÐSSON**

Grétar var skipaður sendiherra í september 2001 og ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu árið 2006. Síðast starfaði hann sem sérstakur Evrópuráðgjafi utanríkisráðherra.

Grétar lætur eftir sig eiginkonu og þrjár dætur.

Atvinnulíf Bandaríkjanna:

## Atvinnulausum hefur fækkað

**BANDARÍKIN Atvinnuleysi dróst saman í Bandaríkjunum úr 9,5 prósentum í 9,4 prósent í júlí. Þetta er þvert á spár hagfræðinga en síðast dróst atvinnuleysi saman milli mánaða í apríl í fyrra.**

**Robert Gibbs, fjölmiðlafulltrúi Baracks Obama, forseta Bandaríkjanna, sagði að enn væri búist við að atvinnuleysi myndi fara upp í tíu prósent áður en hjólin fara að snúast efnahagslífinu í vil.**

**Þrátt fyrir að atvinnuleysi minnkaði milli mánaða misstu um 247 þúsund manns vinnuna í júlí. Gibbs segir að ekki verði horft fram hjá því en þetta sé þó á réttri leið. - vsp**

Ríkisstjórnin bregst við hættu á að eignum verði skotið undan með frumvarpi:

# Skatturinn fái að kyrrsetja eignir

**STJÓRNMÁL** Veita á skattyfirvöldum auknar heimildir til kyrrsetningu eigna, samkvæmt frumvarpi sem fjármálaráðherra kynnti í ríkisstjórn í gær.

Mat stjórnvalda er að með löngum málsmeðferðartíma skapist hætta á að eignum sé komið undan í skattaskjól. Því sé nauðsynlegt að veita skattyfirvöldum auknar heimildir til varnar því að menn geti komið sér undan greiðslu opinberra gjalda og mögulegum fésektum vegna skattalagabrota með færslu eigna í hendur annarra.

Í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu segir að fregnir á undanförnum vikum og mánuðum af milljarða fjármagnsflutningum frá Íslandi inn á bankareikninga í þekktum skattaskjólum af hálfu forsvarsmanna fjármálafyrirtækja, sem annarra, hafi vakið upp ótal spurningar um íslensk lög og rétt. Þær raddir verði sífellt háværari sem segi að auka þurfi verulega við refsiheimildir stjórnvalda, meðal annars til kyrrsetningu og/eða haldlagningu eigna þeirra sem taldir eru bera ábyrgð á tjóninu og verða dæmdir sem slíkir.

Fram kemur að þegar sé í gangi umfangsmikið starf er miði að því að kanna hvort farið hafi verið á svig við skattalög í tengslum við hrun bankanna eða starfsemi þeirra. Sérstakur starfshópur vinni að því að hraða rannsókn hugsanlegra skattalagabrota hvort sem er hjá eigendum, stjórnendum eða starfsmönnum bankanna, eða félögum sem þeim tengjast. **- bþs**



**ODDVITAR RÍKISSTJÓRNARINNAR** Steingrímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frjókorn í Reykjavík:

## Ekki fleiri frjókorn síðan 1991

**UMHVERFISMÁL** Frjókornafjöldi í Reykjavík var vel yfir meðallagi í júlímánuði, samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands. Aðeins einu sinni áður hafa frjókorn mælst fleiri, en það var sumarið 1991. Ekki er vitað hvort frjómagnið hefur náð hámarki eða ekki.

Annað var uppi á teningnum á Akureyri í síðasta mánuði. Frjókornafjöldi þar var langt undir meðallagi í júlímánuði og hafa grasfrjó ekki mælst eins fá síðan mælingar hófust árið 1998. Það sem af er sumri hafa frjókornin aðeins verið fimmtungur á við meðalár. Búist er við því að miklu hámarki verði náð nú í ágúst. **- þeb**


Kringlan
Opið til 18
Útsölulok!
Götumarkaði lýkur um helgina
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 07.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,35 | 125,95 |
| Sterlingspund | 209,87 | 210,89 |
| Evra | 179,69 | 180,96 |
| Dönsk króna | 24,168 | 24,31 |
| Norsk króna | 20,586 | 20,708 |
| Sænsk króna | 17,459 | 17,561 |
| Japanskt jen | 1,3147 | 1,3223 |
| SDR | 196,08 | 197,24 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

233,4168

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðherrar á fund utanríkismálanefndar til að fjalla um samskiptin vegna Icesave:

# Upplýsa um samskipti við grannþjóðir

**STJÓRNMÁL** Utanríkisráðherra og fjármálaráðherra koma á fund utanríkismálanefndar Alþingis á mánudag og fjalla um samskipti íslenskra stjórnvalda við stjórnvöld í nágrannalöndunum vegna Icesave.

Ekki hefur enn fundist lausn á Icesave-deilunni sem samstaða er um innan stjórnarliðsins en þingmenn, ráðherrar og embættismenn hafa unnið að því þrotlaust síðustu daga og vikur.

Víst er að Alþingi mun setja fyrirvara við frumvarpið um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna en deilt er um hversu langt á, og hægt sé, að ganga.

Þá eru uppi mismunandi sjónarmið um hversu sterka fyrirvara þarf í raun að setja um endurupptöku samningsins ef efnahagslegar aðstæður breytast til hins verra. Þeim sjónarmiðum hefur verið hreyft innan fjárlaganefndar að ákvæði í samningunum sjálfum geri einmitt ráð fyrir endurupptöku við slíkar aðstæður.



**Á ALÞINGI** Þingfundur verður á mánudag eftir nokkurt hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Enn er með öllu óvíst hvenær fjárlaganefnd lýkur meðferð sinni um Icesave-málið.

Þingfundur verður á mánudag eftir nokkurt hlé. Enn er óvíst hver dagskrá fundarins verður en þrjátíu mál bíða meðferðar þingsins. - bþs

Líkamsárás af gáleysi:

# Gerviandapoki olli slysaskoti

**DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás af gáleysi vegna þess að skot hljóp úr byssu hans í handlegg veiðifélaga hans. Svo virðist sem skotið hafi hlaupið úr gamalli byssunni, þrátt fyrir að öryggið væri á, þegar maðurinn sveiflaði poka með gerviöndum inn í skott á bíl.**

**Maðurinn var sýknaður af ákæru um brot gegn veiðilögum, en talið var að hann hefði borið ólöglegt vopn við veiðarnar. Taldi dómari að þegar hann hélt á byssunni í bíl sinn hafi hann verið hættur veiðunum. - sh**



**NÝSTÁRLEGT ÞRÍHJÓL** Starfsmaður Google hjólar um götur Parísar á þríhjólinu nýstárlega. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir starfsmenn Google:

# Kortleggja París á skrítnu hjóli

**PARÍS, AP** Bandaríska tölvufyrirtækið Google hefur ráðið tvo unga menn til að hjóla um götur Parísar á nýstárlegu þríhjóli. Á hjólinu eru níu myndavélar, GPS-staðsetningartæki, tölva og rafall.

Myndirnar og upplýsingarnar verða notaðar í þrívíddarmyndir sem munu prýða götukort Google sem almenningur getur skoðað sér að kostnaðarlausu. París verður kortlögð götu fyrir götu þangað til 20. ágúst þegar haldið verður í norðurhluta Frakklands. Svipuð þríhjól kembdu fyrr í sumar götur Bretlands og Ítalíu en nú er komið að Frakklandi. Til að virða einkalíf fólks hefur Google sett upp hugbúnað sem sér til þess að hvorki sjáist í andlit né bílnúmeraplötur á götukortinu. - fb

## ATHUGASEMD

Vegna skrifa í dálknum Frá degi til dags í gær vill Helgi Helgason, sem situr í framkvæmdastjórn Frjálslynda flokksins, taka fram að með frétt flokksins um að „einungis hafi borist 5-6 úrsagnir úr flokknum eftir kosningar" sé átt við að spár um hópúrsagnir hafi ekki ræst.

# Verkefni Jónasar og Tinds notað í frumkvöðlakeppni

**Tveir meintir fíkniefnaframleiðendur ætluðu upphaflega að framleiða saman eldvarnarefni. Hugmyndin þótti svo góð að hún var send í frumkvöðlakeppni. Þeir neita báðir að hafa ætlað að framleiða amfetamín.**

**DÓMSMÁL** Efnafræðineminn Tindur Jónsson, annar þeirra sem ákærður er í amfetamínverksmiðjumálinu í Hafnarfirði, fór upphaflega að vinna fyrir hinn sakborninginn, Jónas Inga Ragnarsson, með það í huga að aðstoða hann við að framleiða eldvarnarefni. Honum þótti verkefnið svo vænlegt til árangurs að hann tók þátt í frumkvöðlakeppni hjá fyrirtækinu Innovit út á það. Þetta er meðal þess sem fram kemur í greinargerð verjanda Tinds, sem lögð var fram í Héraðsdómi Reykjaness í vikunni.

Í greinargerðinni segir enn fremur að Tindur hafi viljað ljúka afplánun dóms, sem hann hlaut fyrir sveðjuárás, á áfangaheimilinu Vernd. Til þess hefði hann þurft vinnu og engin önnur vinna hafi staðið til boða en sú hjá Jónasi Inga.

Mennirnir neita báðir að hafa ætlað að framleiða amfetamín í verksmiðju sem upprætt var í iðnaðarhverfi í Hafnarfirði í fyrrahaust. Sérfræðingur Europol hefur sagt að verksmiðjan hafi verið ein sú fullkomnasta sem hann hafi séð, og að úr upphafs- eða milliefnunum sem fundust á vettvangi hefði mátt framleiða um 353 kíló af amfetamíni.

Í greinargerðum verjendanna Sveins Andra Sveinssonar og Brynjars Níelssonar segir að hvorugur maðurinn hafi haft í hyggju að framleiða amfetamín. Jónas Ingi hafi vitað að það væri hægt, en Tindur ekki haft hugmynd um það. Auk þess hafi hvergi fundist önnur nauðsynleg efni til amfetamínframleiðslu.

Segir í greinargerð Sveins að Jónas Ingi hafi ætlað að framleiða milliefnið P-2-P úr upphafsefninu P-2-NP með aðstoð Tinds. Hann hafi síðan ætlað að selja milliefnið á svörtum markaði. Framleiðsla þess sé ekki ólögmæt nema ef sannað þykir að það hafi verið ætlað til fíkniefnaframleiðslu, en það hafi Jónas ekkert vitað um.

Hátt í tonn af mjólkursykri sem fannst á staðnum, og lögregla telur að hafi verið ætluð sem íblöndunarefni til drýgingar amfetamínsins, breyti engu þar um enda hafi Jónas stundað sölu á ýmsum efnum sem hefði mátt drýgja fíkniefni með.



**VERKSMIÐJAN FULLKOMNA** Sérfræðingur Europol hefur sjaldan séð annað eins.

Þá er gerð athugasemd við ætlað magn amfetamíns sem segir í ákæru að hefði mátt framleiða úr upphafs- og milliefnunum. Kílóin 353 séu miðuð við vel drýgt og veikt amfetamín en réttilega ætti að miða við hreint amfetamín, og líklega hefði einungis mátt framleiða fjórtán slík kíló úr efnunum miðað við 50 prósenta afrakstur.

Aðalmeðferð í málinu fer fram í byrjun september.

stigur@frettabladid.is



**JÓNAS INGI RAGNARSSON** Jónas hlaut árið 2004 tveggja og hálfs árs dóm í líkfundarmálinu svokallaða.

**TINDUR JÓNSSON** Tindur hlaut árið 2006 sex ára fangelsisdóm fyrir tilraun til manndráps.


# Varmadælur til Húshitunar.

**Stórlækkið upphitunarkostnað með varmadælu.**



Þessar varmadælur nýta orku í útilofti og skila henni inn í hús. Sem dæmi þá notar varmadæla ca 1kw en skilar 4.31kw inn sem hita. Þær hreinsa og gera loftið betra. Þær geta stýrt hitastigi svo sem dag og næturhita. Íslenska ríkið endurgreiðir hluta af kostnaði við orkusparandi framkvæmdir.

**Uppl. í sima 8239448 eða senda email: varmadaela@varmadaela.is**


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veður-fræðingur

**BARA ÁGÆTT VEÐUR**

Það er viðburðaríkur dagur í dag. Fiskidagurinn mikli á Dalvík, gleðigangan í Reykjavík og sjálfsagt eru uppákomur víðar. Veðrið verður bara ágætt. Hægur vindur og hlýtt. Skúrir á stangli sunnan og vestan til með góðum uppstyttum og jafnvel björtu á milli. Norðanlands verður bjart nú með morgninum en svo þykknar smám saman upp enda hætt við síðdegisskúrum. Þurrt að mestu eystra.




**Á MORGUN** Hægviðri. Síðdegisskúrir nyrðra

**MÁNUDAGUR** 3-8 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Amsterdam | 23° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 29° |
| Billund | 27° |
| Eindhoven | 22° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 24° |
| Kaupmannahöfn | 26° |
| Las Palmas | 30° |
| London | 23° |
| New York | 27° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 22° |
| París | 27° |
| Róm | 33° |
| Stokkhólmur | 25° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegi.


Pottaplöntu-
útsala
20-
50%
afsláttur
Allar
pottaplöntur
á útsölu
Útsalan
hefst í dag
Kaffi Garður
Skútuvogi
Sveppasúpa
190
Skúffukaka og kaffi
290
Gjafavara
vasar, könnur, styttur o.fl
30%
afsláttur
Friðarlilja
1499
Garðskraut
og styttur
50%
afsláttur
Enn er tími
til að gróðursetja
sumarblóm
og trjáplöntur
50%
afsláttur
ALLAR VÖRUR
30-50%
AFSLÁTTUR
Soldis
EGG
30-
50%
afsláttur
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú tínt sveppi?*

| | |
|---|---|
| Já | 25,7% |
| Nei | 74,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eru dómar í fíkniefnamálum of þungir?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Bónus er með lægsta verðið á 38 vörutegundum af 55 samkvæmt verðlagseftirliti ASÍ:

# Mikill verðmunur á grænmeti milli verslana

**VIÐSKIPTI** Bónus er með lægsta verðið á 38 vörutegundum af þeim 55 sem verðlagseftirlit ASÍ skoðaði miðvikudaginn 5. ágúst. Nóatún var oftast með hæsta verðið eða í 28 skipti.

Athygli vakti hversu mikill verðmunur er á grænmeti. Samkvæmt verðkönnuninni munaði 792 prósentum á kílóverði á jöklasalati og var langdýrast í Hagkaupum. Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa, segir þetta hins vegar mistök. Greinilega hafi verið vitlaust verðmerkt og verðeftirlitið ekki farið á kassann til að skoða verðið, því að kílóverðið er 449 krónur. Verðmunurinn væri þá 141 prósent.

Verðmunur á agúrkum er 214 prósent, ódýrastar í Samkaupum Úrval, 269 krónur kílóið en dýrastar í Hagkaupum á 797 krónur kílóið. Mjólkin er ódýrust í Hagkaupum, kostar lítrinn 97 krónur en 107 krónur í Fjarðarkaupum.

Lítill verðmunur var á forverðmerktum vörum eins og til dæmis SS-vínarpylsum. Verðlagseftirlitið bendir á að slík forverðmerking sé bönnuð og hamli samkeppni. Brýnt sé að yfirvöld tryggi að verðsamkeppni á þessum vörum verði með eðlilegum hætti.

Könnunin var gerð í eftirtöldum verslunum: Bónus, Smáratorgi; Krónunni, Lindum; Nettó í Hverafold; Kaskó, Vesturbergi; Hagkaupum, Skeifunni; Nóatúni í Nóatúni; Samkaupum Úrval, Miðvangi, og Fjarðarkaupum, Hólshrauni. - vsp

| Bónus | Krónan | Nettó | Kaskó | Hagk. | Nóatún | Samk. | Fjarðarkaup |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Heill ferskur kjúklingur =108,4%** | | | | | | | |
| 479 | 524 | 539 | 898 | 949 | 898 | 898 | 998 |
| **Agúrkur = 213,8%** | | | | | | | |
| 311 | 340 | 254 | 254 | 797 | 397 | 269 | 299 |
| **Smjörlíki 500 gr = 79,3%** | | | | | | | |
| 191 | 150 | 168 | 168 | 269 | 178 | 211 | 159 |
| **Kötlu vanilludropar 30 ml = 88,5%** | | | | | | | |
| 135 | 130 | 159 | 159 | 169 | 245 | 189 | 159 |
| **Jöklasalat kílóverð = 792,5%/141%** | | | | | | | |
| 186 | 187 | 187 | 187 | 1.660(449*) | 298 | 239 | 210 |

* Samkvæmt framkvæmdarstjóra Hagkaupa

**Verslanirnar eru í réttri röð:** Bónus Smáralind, Krónan Lindum, Nettó Hverafold, Kaskó Vesturbergi, Hagkaup Skeifunni, Nótaún Nóatúni, Samkaup Úrval í Miðvangi og Fjarðarkaup Hólshrauni

Varnir gegn svínaflensu:

## Bóluefni tilbúið í september

**LONDON, AP** **Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir prófanir á bóluefnum gegn svínaflensunni H1N1 á áætlun. Áætlanir gera ráð fyrir því að fyrstu skammtarnir verði tilbúnir í september.**

**Tilraunir með lyfið eru nú hafnar hjá þremur framleiðendum, en meðal þess sem kanna á er hversu oft þurfi að bólusetja hvern einstakling. Hingað til hefur verið talið að hver maður þurfi tvo skammta af bóluefni.**

**Íslenska ríkið hefur tryggt sér kauprétt á 300 þúsund skömmtum, sem talið er að dugi til að bólusetja 150 þúsund manns, tæpan helming landsmanna.**

**Alls hafa nú 72 smitast af svínaflensu hérlendis. Langflestir eru á aldrinum 15 til 19 ára eða alls 23. Ellefu börn á aldrinum 5 til 14 ára hafa smitast.** - bj

Flugskeytaárás í Pakistan:

## Leiðtogi talibana fallinn

**PAKISTAN, AP** Talsmaður talibana í Pakistan staðfesti í gær að leiðtogi þeirra, sem meðal annars er talinn hafa stýrt fjölmörgum sjálfsmorðsárásum, hefði fallið í flugskeytaárás Bandaríkjahers á miðvikudag.



**BAITULLAH MEHSUD**

Flugskeytaárásin var gerð á hús tengdaföður Baitullahs Mehsud í Suður-Waziristan, sem er fjallahérað á landamærum Pakistans við Afganistan. Kona hans féll einnig í árásinni. Talið er að fráfall Mehsuds muni hjálpa pakistönskum og bandarískum stjórnvöldum að ráða niðurlögum talibana og liðsmanna Al-Kaída í Pakistan. - bj

# Eðlilega staðið að kaupum á ráðgjöf

**Ríkisendurskoðun telur að eðlilega hafi verið staðið að kaupum forsætisráðuneytisins á ráðgjöf fyrir um 300 milljónir króna í kjölfar bankahrunsins í haust. Sænski bankasérfræðingurinn Mats Josefsson fær 29 milljónir fyrir störf sín.**

**STJÓRNSÝSLA** Forsætisráðuneytið keypti sérfræðiþekkingu og ráðgjöf fyrir um 300 milljónir króna í kjölfar bankahrunsins í liðnu hausti.

Samið var við átta aðila – einstaklinga og fyrirtæki – sem unnu misumfangsmikil og -kostnaðarsöm verkefni.

Þeirra kostnaðarsamast var vinna bresku lögfræðistofunnar Lovells LLP sem veitti ráðgjöf vegna hugsanlegra málaferla ríkisins við bresk stjórnvöld og aðstoð vegna samskipta við Eftirlitsstofnun EFTA. Ekki varð af málaferlum.

Eftir að Jóhanna Sigurðardóttir tók við embætti forsætisráðherra óskaði hún eftir yfirferð Ríkisendurskoðunar á fyrirliggjandi verksamningum.

Starfsmenn Ríkisendurskoðunar ræddu við starfsmenn forsætisráðuneytisins um téða samninga og kynntu sér margvísleg gögn þeim tengd.

Að mati stofnunarinnar gerði ráðuneytið fullnægjandi grein fyrir ákvörðunum sínum og gerir hún ekki athugasemdir við mat þess á þörf fyrir utanaðkomandi ráðgjöf og þekkingu.

Ríkisendurskoðun telur að nægileg rök hafi legið fyrir því að bjóða ekki út viðkomandi verk enda falli þau undir undantekningarákvæði laga um útboð. Verkkaupin hafi verið algerlega nauðsynleg vegna aðkallandi neyðarástands sem stafaði af ófyrirsjáanlegum atburðum. Því hafi verið nauðsynlegt að sneiða hjá almennu útboði. „Ljóst er að atburðarás var mjög hröð, þörfin brýn og mjög erfitt hefði verið við þær aðstæður að bjóða út kaup á ráðgjöf, ekki síst þar sem nauðsynlegt var talið að leita til erlendra aðila,“ segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

bjorn@frettabladid.is



**Í KJÖLFAR HRUNSINS** Geir H. Haarde stóð fyrir kaupum á sérfræðiþjónustu fyrir um 300 milljónir króna vegna falls bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

| | | |
|---|---|---|
| **Headland** | Breskt fyrirtæki sem aðstoðaði við almannatengsl | 13,1 m.kr |
| **Retainer & Company AS** | Norskt fyrirtæki sem annaðist almannatengsl og krísustjórnun | 6,5 m.kr |
| **McKinsey & Company** | Alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki sem var ráðuneytinu og sérstökum starfsmanni þess til aðstoðar í upphafi bankakreppnunnar, m.a. við að halda utan um og samhæfa viðbrögð. Starfaði einnig fyrir FME | 42,6 m.kr |
| **Lovells LLP** | Bresk lögfræðistofa sem veitti ráðgjöf vegna hugsanlegra málaferla ríkisins við bresk stjórnvöld og aðstoð vegna samskipta við Eftirlitsstofnun EFTA o.fl. | 109,3 m.kr |
| **LOGOS** | Íslensk lögfræðistofa sem m.a. er með skrifstofu í London. Lögfræðiráðgjöf í tengslum við bankahrunið | 33,8 m.kr |
| **Kaarlo Vilho Jannari** | Finnskur sérfræðingur sem falið var að skoða löggjöf um banka og framkvæmd bankaeftirlitsins | 10,6 m.kr |
| **Mats Josefsson** | Sænskur sérfræðingur sem ráðinn var til að stýra endurskipulagningu bankakerfisins | 29,0 m.kr (áætlað) |
| **Oliver Wyman** | Alþjóðlegt fyrirtæki sem ráðið var til að aðstoða við endurskipulagningu bankakerfisins. Starfar einnig fyrir FME. Áætlaður kostnaður er 300 þús. evrur | 51,3 m.kr |





**Viðskiptasendinefnd**
í Póllandi 6.-9. október

Útflutningsráð undirbýr nú ferð viðskiptasendinefndar til Póllands í samvinnu við sendiráð Íslands í Berlín. Pólland hefur styrkt stöðu sína sem vænlegt viðskiptaland og **hér er því gott tækifæri fyrir þau fyrirtæki sem vilja efla viðskipti sín þar eða skoða ný viðskiptatækifæri.**

Farið verður til tveggja borga í sömu ferð og þannig opnað fyrir fleiri möguleika á mismunandi markaðssvæðum. **Fundir viðskiptasendinefndarinnar verða í Gdansk 7. október og í Varsjá 8. október.**

Á báðum stöðum verður unnið með þarlendum ráðgjöfum að skipulagningu viðskiptafunda í samræmi við óskir þátttökufyrirtækja. Einnig fer fram kynning á Íslandi og íslensku viðskiptalífi.

Sendinefndin er opin fyrirtækjum úr öllum greinum atvinnulífsins. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband sem fyrst en óskir um fundi þurfa að hafa borist fyrir 15. ágúst.

**Nánari upplýsingar veitir Þorleifur Þór Jónsson, thorleifur@utflutningsrad.is, eða í síma 511 4000.**

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • www.utflutningsrad.is


Fimmtán mánaða dómur fyrir að berja mann til óbóta í húsi við Grettisgötu:

# Dæmdur í fangelsi fyrir hrottaskap

**DÓMSMÁL** Rúmlega fertugur maður, Arvydas Guobis, var í gær dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir hrottafengna líkamsárás í húsi við Grettisgötu í byrjun júní síðastliðins. Fórnarlambið hlaut lífshættulega áverka af árásinni, sem stóð yfir heila nótt. Arvydas þarf að greiða fórnarlambinu 400 þúsund krónur í bætur.

Af vitnisburðum að dæma var kveikjan að barsmíðunum sú að fórnarlambið hafði í óleyfi tekið fé út af bankareikningi Arvydasar. Því reiddist Arvydas mjög og hóf að berja á manninum.

Ofbeldið hefði getað leitt til dauða fórnarlambsins, sem hlaut af því miklar bólgur í andliti, svo að sá ekki út um augun, heilablæðingu og brotnar tennur. Fórnarlambið missti meðvitund, var um skeið í öndunarvél og glímdi fyrst um sinn eftir árásina við jafnvægistruflanir og tvísýni. Læknir telur að áverkarnir gætu haft áhrif á líf mannsins til frambúðar.

Maður og kona sem tóku þátt í árásinni voru dæmd til að greiða 120 þúsund króna sekt í ríkissjóð fyrir að annars vegar slá fórnarlambið einu sinni og hins vegar sparka einu sinni í það. Þau voru sýknuð af ákæru um að hafa látið fyrir farast að koma fórnarlambinu til hjálpar í neyð, enda benti allt til þess að þau hefðu þvert á móti kallað til sjúkrabíl þegar þeim varð ástand þess slasaða ljóst. - sh



**HÚSIÐ VIÐ GRETTISGÖTU** Barsmíðarnar stóðu linnulítið alla nóttina í þessu húsi. FRÉTTABLAÐIÐ / ARNÞÓR




6.-9. ágúst

Allt að
90%
Afsláttur

# Götumarkaðsstemmning

Komdu og gerðu frábær kaup á allra síðustu dögum útsölunnar í Smáralind.
Útsölunni lýkur á sunnudaginn! Frábær tilboð og algjört verðhrun.

OPIÐ Í DAG 11-18

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM38750

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heita þeir sem hlutu lengstu fangelsisdómana vegna umfangsmesta fíkniefnasmygls Íslandssögunnar?
2. Hvað heitir fyrsti hæstaréttardómari Bandaríkjanna sem er af rómönskum uppruna?
3. Hvert ætlar jógakennarinn Guðjón Bergmann að flytja ásamt fjölskyldu sinni?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Fjárfestingarsamningur ríkisins og Norðuráls um álver í Helguvík undirritaður:

# Unnið að undirbúningi í fimm ár

**IÐNAÐUR** Skrifað var í gær undir fjárfestingarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Century Aluminum Company og Norðuráls Helguvíkur ehf. vegna byggingar álvers í Helguvík.

Samningurinn byggist á lögum sem samþykkt voru í apríl en í þeim er fjallað um starfsemi fyrirhugaðs álvers, verkefni þess og skyldur.

Nýverið lá fyrir sú niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að ekkert væri að athuga við lögin en í þeim er meðal annars kveðið á um afslátt af almennri skattlagningu fyrirtækja.

Samið hefur verið við HS orku og Orkuveitu Reykjavíkur um orkukaup. Orkan er ekki til og þurfa fyrirtækin að ráðast í virkjanagerð til að uppfylla skuldbindingar sínar. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra kvaðst í samtali við Fréttablaðið ekki trúa öðru en að fyrirtækin standi við gerða samninga.



**HELGUVÍK** Bygging kerskála stendur yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fimm ár eru liðin síðan vinna við undirbúning álversins hófst. Fyrsta skóflustungan var tekin fyrir rúmu ári og er nú unnið að byggingu kerskála. Áætlanir miða við að starfsemi geti hafist í nýju álveri haustið 2011.

Gangi allt eftir verður Helguvíkurálverið fjórða álbræðslan á Íslandi. Fyrir eru Fjarðaál í Reyðarfirði, Norðurál í Hvalfirði og Ísal í Straumsvík. Í ár eru liðin fjörutíu ár síðan starfsemin hófst í Straumsvík. **- bþs**

Leiðtogi Tamíltígra í haldi:

# Yfirheyrslur standa yfir

**SRÍ LANKA, AP** Yfirvöld í Srí Lanka hafa að undanförnu yfirheyrt Selvarasa Pathmanathan, nýjan leiðtoga Tamíltígra.

Pathmanathan, sem hafði áður umsjón með vopnasmygli Tamíltígra, tók við forystu uppreisnarsinnanna eftir að stjórnvöld á Srí Lanka drápu þáverandi leiðtoga þeirra, Veluppillai Prabhakaran. Eftir að stjórnvöld komust að því að Pathmanathan hefði tekið við stjórn Tamíltígranna var hann handtekinn. Talið er að handtakan hafi komið sér vel fyrir forseta Srí Lanka, Mahinda Rajapaksa, en þingkosningar í landinu eru í þann mund að hefjast. **- fb**

Björn settur ríkissaksóknari:

# Settur yfir bankahrunið

**STJÓRNSÝSLA Björn L. Bergsson hæstaréttarlögmaður var settur ríkissaksóknari í málefnum er varða bankahrunið af dómsmálaráðherra í gær. Gildistími setningarinnar er til 1. júní 2010. Málið kom upp eftir að Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari sagði sig frá málaflokknum í heild sinni.**

**Björn er fæddur 4. mars 1964 og lauk lagaprófi frá HÍ árið 1990. Hann hlaut héraðsdómsréttindi árið 1992 og varð hæstaréttarlögmaður árið 1999. Hann starfaði sem fulltrúi á Lögfræðiskrifstofu Guðjóns Ármanns Jónssonar hdl. 1990-1993, var fulltrúi á Lögmannsstofu Arnmundar Backman hrl. 1993-1995 en er nú einn eigenda Mandatlögmannsstofu.**

**- vsp**

Enn er nóg eftir af hvalveiðikvóta:

# Búið að veiða 110 hvali

**SJÁVARÚTVEGUR** Veiddir hafa verið samtals 110 hvalir við strendur landsins í sumar samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu. Um fjórðungur hrefnukvótans hefur verið veiddur og innan við helmingur langreyðarkvótans.

Fyrsta langreyðurin veiddist um miðjan júní, og síðan hafa 64 dýr verið dregin á land, 33 tarfar og 31 kýr. Frá því fyrsta hrefnan veiddist í lok maí hafa 46 hrefnur veiðst, 8 kýr og 38 tarfar. Samkvæmt veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar má veiða 200 hrefnur og 150 langreyðar á árinu 2009.

Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna, segist ekki endilega gera ráð fyrir því að það takist að veiða upp í allan hrefnukvótann enda sé það ekki markmið í sjálfu sér. Kvótinn hafi verið aukinn úr 100 dýrum í 200 dýr í júní þegar allar ráðstafanir hrefnuveiðimanna hafi miðað við að veiða 100 dýr.



**LANGREYÐUR** Veiðst hafa 64 langreyðar það sem af er ári, en kvótinn er 150 dýr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnar Bergmann segir sölu hrefnukjöts hafa gengið vonum framar. „Fram að þessu höfum við ekki fryst eitt einasta kjötstykki. Þetta hefur allt farið ferskt á innanlandsmarkað, enda líklega eitt vinsælasta grillkjöt sumarsins.“ **- bj , - th**



**LAUS ÚR FANGELSI** Lestarræninginn Ronnie Biggs var handtekinn við komuna til Bretlands árið 2001, 36 árum eftir að hann flúði úr fangelsi og komst úr landi. Biggs er nú sagður rúmliggjandi og við afar slæma heilsu. NORDICPHOTOS/AFP

# Ronnie Biggs er frjáls á ný

**Hinn alræmdi lestarræningi Ronnie Biggs hefur verið látinn laus úr fangelsi í Bretlandi. Hann var í fimmtán manna gengi sem framdi lestarránið mikla árið 1963. Biggs er sagður við dauðans dyr.**

**LONDON, AP** Ronald Arthur Biggs, betur þekktur sem hinn alræmdi lestarræningi Ronnie Biggs, var í gær látinn laus úr fangelsi í Bretlandi. Hann tók þátt í lestarráninu mikla 8. ágúst 1963, fyrir nákvæmlega 46 árum í dag.

Jack Straw, dómsmálaráðherra Bretlands, náðaði Biggs af mannúðarástæðum, en hann er sagður við dauðans dyr. Biggs á 80 ára afmæli í dag, og framdi því ránið á afmælisdaginn sinn.

Ættingjar Biggs sögðust í gær vonast til þess að hann næði að njóta þess litla tíma sem hann eigi eftir. Talið er að litlar breytingar verði á högum hans þrátt fyrir nýfengið frelsi, enda mun hann að mestu rúmliggjandi eftir að hafa fengið hjartaáfall oftar en einu sinni.

Biggs var í fimmtán manna gengi sem rændi póstlest í ágúst 1963, og komst undan með 2,6 milljónir punda, sem myndi á verðlagi dagsins í dag jafngilda um 8,2 milljörðum króna. Ránsfengurinn fannst aldrei.

Lögreglan handtók Biggs og flesta hina lestarræningjana skömmu eftir ránið. Biggs var dæmdur til 30 ára fangelsisvistar, en flúði úr fangelsi í júlí 1965, eftir fimmtán mánaða fangelsisvist, með því að klifra yfir fangelsisvegginn með kaðalstiga.

Biggs flúði land, lét breyta andliti sínu með lýtaaðgerð í Frakklandi, og eyddi svo næstu árum í Ástralíu. Hann flúði þaðan árið 1970, eftir að fréttamenn komust á snoðir um hvar hann hélt sig, og eyddi næstu þremur áratugum í Brasilíu.

Bresk stjórnvöld reyndu að fá Biggs framseldan frá Brasilíu, en enginn samningur um framsal var í gildi. Biggs hafði að auki feðrað barn með brasilískri konu og fann skjól í lögum sem banna brasilískum stjórnvöldum að vísa foreldrum brasilískra ríkisborgara úr landi.

Biggs ákvað að snúa aftur til Bretlands árið 2001, þá á 72. aldursári, en þá var heilsu hans farið að hraka verulega. Hann var handtekinn við komuna til Bretlands, en þá átti hann eftir að afplána 28 ár af dómi sínum.

Hans þáttur í þessum fræga glæp var þó langt frá því að vera mikilfenglegur. Eina verkefni Biggs í lestarráninu mikla var að útvega mann sem kunni að stýra lestinni sem gengið rændi, en það tókst ekki betur til en svo að sá sem hann fann til verksins þekkti ekki þá tegund lesta sem pósturinn notaði. Hann fékk því það hlutverk að bera peningapoka úr lestinni.

Þrettán af ræningjunum fimmtán voru handteknir, en aldrei hefur verið upplýst hverjir tveir ræningjanna voru. **brjann@frettabladid.is**






# Það er leikur að læra

Innritun í kvöld- og fjarnám er hafin

**Kvöldskóli**
Byggingatækniskólinn
Raftækniskólinn
Tæknimenntaskólinn
Véltækniskólinn
Meistaraskólinn

**Fjarnám**
Byggingatækniskólinn
Fjölmenningarskólinn
Upplýsingatækniskólinn
Skipstjórnarskólinn
Raftækniskólinn
Véltækniskólinn
Meistaraskólinn

**Diplómanám**
Endurmenntunarskólinn
- Rekstur og stjórnun í atvinnulífinu
  - Útvegsrekstrarfræði
  - Flugrekstrarfræði
  - Almenn lína í rekstri og stjórnun
  - Rekstrarfræði
- Lýsingarfræði
- Lýsingarhönnun

**Flugskóli Íslands**
Í september hefjast:
- MCC námskeið
- ATPL námskeið
- PPL námskeið (einkaflugmannsnámskeið)
- Flugkennaranámskeið

www.flugskoli.is

zetor

**Innritun lýkur 26. ágúst.**
Aðstoð við innritun er 26. ágúst frá kl. 16:00 – 19:00.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Innritun fer fram á **www.tskoli.is**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

# FULLAR BÚÐIR

Good Night Sleep

DREAMZONE™




SPARIÐ 30.000,-

ST. 183X203 SM. ÁÐUR: 109.900,-

**79.900,-**

10 ár dýna Ábyrgð · 2 ár áklæði Ábyrgð · Miðlungs · Svampur · LFK gormar · Yfirdýna

**GOOD NIGHT SLEEP dýna**
Virkilega góð og vönduð dýna sem vert er að fjárfesta í.
Hreint ótrúlegt verð! Fáanleg í fjórum stærðum.
Fætur fylgja með.




ST. 90 X 200 SM.

**23.900,-**

VERÐ ÁN FÓTA

2 ár dýna Ábyrgð · 2 ár áklæði Ábyrgð · Smáir Bonell gormar · Bonell gormar · Dönsk gæða-framleiðsla · Miðlungs · Yfirdýna · Svampur

**BASIC B20 boxdýna**
Nú með tvöföldu gormakerfi og yfirdýnu. Góð dýna, mjúk með 115 BONELL gormum pr. $m^2$ í efra lagi og 150 gormum í neðra lagi. Vönduð yfirdýna innifalin í verði. Stærð: 90 x 200 sm. Verð án fóta.

VALITOR KORTALÁN · VISA · MasterCard

## ROYAL DREAM SPRINGDÝNA

Royal Dream ★★★★ ...a dream come true!




SPARIÐ 10.000,-

ST. 90X203 SM. ÁÐUR: 29.900,-

**19.900,-**

**ROYAL DREAM springdýna**
Frábær springdýna með tvöföldu gormakerfi ásamt þykkri yfirdýnu sem saumuð er á. Dýnan er með sterkum hliðarkanti og er stíf.

## GOOD NIGHT SLEEP DÝNA

Good Night Sleep




10 ár dýna Ábyrgð · 2 ár áklæði Ábyrgð · Miðlungs · Svampur · LFK gormar · Yfirdýna

SPARIÐ 15.000,-

ST. 120X203 SM. ÁÐUR: 69.900,-

**54.900,-**

**GOOD NIGHT SLEEP dýna**
Mjög góð og vönduð dýna sem vert er að fjárfesta í. Stærð: 120 x 203 sm.
Fætur fylgja með.

## GOLD B20 BOXDÝNA

DREAMZONE™




SPARIÐ 10.000,-

ST. 90X200 SM. 69.900,-

**59.900,-**

VERÐ ÁN FÓTA

**GOLD B20 boxdýna**
Afbragðsgóð dýna. Í efra lagi eru 250 pokagormar pr. $m^2$ og í neðra lagi eru 150 BONNEL gormar pr. $m^2$. Með dýnunni fylgir þykk og góð yfirdýna úr latex- svampi. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Verð án fóta.

## ROYAL QUEEN DÝNA

Royal Queen




SPARIÐ 40.000,-

20 ár dýna Ábyrgð · Miðlungs · Yfirdýna · Svampur · Pokagormar · Þægindasvæði

ST. 153X203 SM. ÁÐUR: 139.900,-

**99.900,-**

**ROYAL QUEEN dýna**
Vönduð og góð millistíf dýna með fallegu áklæði. Pokagormar eru í dýnu og yfirdýnu. Gormalag er tvöfalt sem eykur endingu og þægindi. Fáanleg í fjórum stærðum.

## NIKA KOJA MEÐ VINNUAÐSTÖÐU



SPARIÐ 10.000,-

VERÐ ÁÐUR: 69.900,-

**59.900,-**

VERÐ ÁN DÝNU

**NIKA koja með vinnuaðstöðu**
Frábær koja með vinnuaðstöðu. Rúm, hillur, skrifborð, skúffur og skápur, allt í sama húsgagninu. Litir: Hlynur og grár. Stærð: B250 x D94,3 x H192 sm.
Dýnustærð: 90 x 200 sm. Verð án dýnu.

## ATLANTIS KOJA



KOJA

**59.900,-**

VERÐ ÁN DÝNU OG BOTNS

**ATLANTIS koja**
Sterk og stöðug koja. Hægt að breyta í tvö sjálfstæð rúm.
Dýnustærð: B90 x L200 sm. ATH. verð eru án dýnu og botns.

# 21 DAGUR
## ÁRANGUR & DEKUR
Tækifæri til að fá forskot inn í nýjan og betri lífsstíl



Innifalið í námskeiðinu:

**Þjálfun og mataræði tekið í gegn**

- Þjálfun 4x í viku
  *Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að „ögra“ líkamanum að komast út úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form.*
- *Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum*
- *Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum*
- *Dagleg hvatning, fróðleikur og uppskriftir í tölvupósti frá Ágústu Johnson*
- *Sérstakt mataræði sem er byggt upp á sama hátt og vinsælt er hjá Hollywood stjörnum sem þurfa að koma sér í toppform fyrir rauða dregilinn – við tryggjum að það er heilsusamlegt og skynsamlegt!*
- *Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir*

**Glæsilegur dekurpakki í Blue Lagoon spa**

**Fljótandi djúpslökun** –Sannkölluð draumameðferð sem felst í djúpri slökun í vatni með náttúrulegri Blue Lagoon saltlausn. Slökunin er talin jafnast á við allt að átta tíma svefn. Tilvalin endurnærandi meðferð fyrir þá sem þjást af streitu og þreytu.
**Kísil leirmeðferð** – Í þessari einstöku meðferð berðu hvítan kísil á húðina og slakar á í 20 mínútur í sérhönnuðum leirgufuklefa. Veitir húðinni heilbrigðan ljóma og fallegt yfirbragð.
**Húðgreining og vörukynning á BlueLagoon húðvörum**
–Snyrtifræðingur aðstoðar þig við að finna út hvað hentar húðinni þinni best til að vernda hana og ná fram því besta í henni.
Auk þess er 10% afsláttur af öllum meðferðum á meðan námskeiðinu stendur.

Verð: 29.900 kr.
[Heildarverðmæti námskeiðsins 35.800 kr.]
Námskeiðið hefst 10. ágúst.



**ÁRANGUR**

Átaksnámskeið Hreyfingar hafa aldrei verið betri. Leiðbeinendur sem búa yfir áralangri reynslu hafa fengið sérþjálfun í að leiða hin nýju og árangursríku námskeið sem skila þér pottþéttum árangri.

Kynntu þér námskeiðs möguleikana á
**www.hreyfing.is**

Við erum stolt og ánægð yfir framúrskarandi dómum frá þátttakendum á námskeiðunum

*97,7% segja námskeiðið hafa uppfyllt eða farið fram úr væntingum þeirra.*

*99,5% segja að þær/þeir myndu mæla með námskeiðinu við aðra.*

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa | Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is




**GJÁSTYKKI** Stefnt er að því að virkja á nokkrum svæðum á Norðurlandi. Þar á meðal í Gjástykki og á Þeistareykjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Náttúruverndarsamtök á Norðurlandi:

# Vilja setja upp eldfjallafræðagarð við Gjástykki

**NÁTTÚRUVERND** SUNN, samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, vilja að Gjástykki í Þingeyjarsýslu verði verndað fyrir hvers konar raski. Þetta kemur fram í ályktun samtakanna frá því í gær.

Gjástykki, sem er rétt norðan við Kröflu, er það svæði í heiminum á þurru landi sem best sýnir hvernig landreksflekarnir færast í sundur, að mati Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar, formanns SUNN. Vilja samtökin því að stjórnvöld berjist fyrir uppbyggingu eldfjallafræðagarðs í Gjástykki og við Leirhnjúk, sem er vestan Kröflu.

Þegar hafa rannsóknarboranir hafist við Gjástykki í hrauninu norðanverðu en iðnaðarráðherra setti það skilyrði á síðasta ári að frekari boranir þyrftu að fara í umhverfismat. SUNN lýsir yfir andstöðu við þessar rannsóknarboranir. Segja samtökin að boranir sem þessar kosti sitt og það sé alltaf ljóst að þegar þær fari fram hyggist framkvæmdaraðili virkja.

„Við sem viljum vernda Gjástykki viljum ekkert rask þar og teljum að kostnaður við rannsóknarboranir sé óásættanlegur ef þar verður svo aldrei virkjað,“ segir í ályktuninni. Skora þau jafnframt á umhverfisráðherra að hefjast handa við undirbúning friðlýsingar svæðisins svo tryggja megi eftir föngum að svæðið verði lyftistöng fyrir Íslands. **- vsp**





**Getum enn bætt við nemendum í 5 ára og 8 ára bekk**

**Skóli Ísaks Jónssonar** er persónulegur skóli sem hefur í rúm 80 ár sérhæft sig í kennslu yngstu grunnskólabarnanna. Við leggjum metnað okkar í kennslu í íslensku, stærðfræði og tónlist og tökum glöð á móti nýjum börnum í 5 ára og 8 ára bekk.

Hægt er að sækja um skólavist á heimasíðu skólans **www.isaksskoli.is** eða hjá skrifstofu skólans í síma **553 2590**.

**ÍSAKSSKÓLI**




**FISKAÐ** Samdráttur í loðnuafla hafði mikil áhrif á heildarafla íslenskra skipa árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Minna veitt af fiski í fyrra:

# Aflaverðmætið 99 milljarðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Afli íslenskra fiskiskipa árið 2008 var rúmlega 1.283 þúsund tonn, 113 þúsund tonnum minni en árið áður. Mestu munar um samdrátt á loðnuveiðum um 156 þúsund tonn.

Þrátt fyrir minni afla jókst aflaverðmætið um fjórðung, og var rúmlega 99 milljarðar króna á síðasta ári, að því er fram kemur í samantekt Hagstofu Íslands.

Stærstur hluti afla íslensku skipanna var unninn á Austurlandi, aðallega uppsjávarafli. Obbinn af botnfiskaflanum var hins vegar unninn á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, rúmlega 40 prósent aflans. **- bj**




Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Nú þarf að horfa til framtíðar.

## Það er búið sem búið er

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Í bíómyndum eru persónur stundum látnar flakka aftur og fram í tíma. Jafnvel getur tekist svo vel til hjá hetjum hvíta tjaldsins að þeim lánist að afstýra slysi eða andláti sem þegar er orðið með því að fara með tímavél aftur fyrir voðaatburðinn og koma í veg fyrir að hann eigi sér stað.

Gott væri nú, og ekki síður gagnlegt, að geta farið nokkur ár aftur í tímann og lagað til regluverk, eftirlit og jafnvel siðferðiskennd einhvers hóps manna. Slík ferðalög eru hins vegar ekki í boði utan hinna uppdiktuðu heima. Ekki er heldur hægt að snúa loforðum sem gefin voru í samskiptum við önnur ríki í kjölfar hrunsins, án þess að það hefði afdrifaríkar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Umræðan um Icesave-ábyrgðina er þó iðulega á þann veg að svo virðist sem menn telji að hægt sé að fara aftur fyrir hrun, eða aftur fyrir ákvarðanir sem teknar voru í kjölfar hrunsins og hefja leikinn þar, eins og loforð og vilyrði hefðu aldrei verið gefin. Margt hefði vissulega mátt gera öðruvísi þá, og betur, en atburðarás sem átti sér stað fyrir mörgum mánuðum verður ekki snúið. Ákveðnar forsendur eru gefnar og út frá þeim verður að vinna. Tímanum sem fer í að ræða um breytingar á þessum forsendum og loforðum sem raunar, vel á minnst, voru gefin af forsvarsmönnum annarrar ríkisstjórnar en þeirrar sem nú situr, er því illa varið.

Hver dagur sem líður án þess að lokahnúturinn sé bundinn á Icesave-deiluna er dýr. Þeim mun lengur sem það dregst þeim mun erfiðara getur orðið að standa undir skuldbindingunum í framtíðinni. Tafirnar sem verða á uppbyggingarstarfinu geta kostað fyrirtæki lífið og þar með fólk atvinnuna.

Á lokum Icesave-deilunnar velta hlutir sem skipta sköpum í endurreisninni. Þar ber fyrst að nefna samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og lánin sem Norðurlandaþjóðirnar hafa heitið okkur að uppfylltum skilyrðum.

Allt tal um svik nágrannaþjóðanna og vinslit er raunar furðulegt. Hvað telja menn að Ísland hafi lagt inn hjá Norðurlandaþjóðunum til þess að verðskulda lán frá þeim sem alls óvíst væri hvort og þá hvernig hægt yrði að endurgreiða? Það er ekki eins og þessar nágrannaþjóðir séu nú að liðsinna okkur Íslendingum í kjölfar náttúruhamfara, eins og þær hafa gert myndarlega áður, heldur er verið að aðstoða okkur út úr kröggum sem komnar eru til af mannavöldum.

Íslenskur almenningur stofnaði ekki til Icesave-skuldbindinganna. Það er því ofureðlilegt að hann skuli vera ósáttur við að þurfa að bera þennan skuldabagga sem þar að auki er af ófyrirsjáanlegri stærð. Það er hins vegar ófært að stjórnmálamenn skuli reyna að afla sér vinsælda með óábyrgri afstöðu til ábyrgðar á þessari skuld.

Þeir sem stóðu hina pólitísku vakt, þegar allt virtist leika í lyndi í efnahagsmálum þjóðarinnar og einnig þegar á ógæfuhliðina seig og loks þegar allt hrundi, geta ekki leyft sér að leika sér að fjöreggi þjóðarinnar í pólitískum skollaleik. Sömuleiðis verður stjórnarandstöðunni innan stjórnarflokkanna að linna.

Fortíðinni verður ekki breytt. Nú þarf að horfa til framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871






AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Þjóðarsál í stórum heimi



ÞORSTEINN PÁLSSON

Að því gefnu að þjóðir hafi eitthvað sem kalla má sál sýnist þjóðarsál Íslendinga oft og tíðum vera í meira lagi reikul í rásinni.

Þegar Íslendingar að mati þjóðhöfðingja síns flugu hærra og sáu lengra fram en aðrar þjóðir skynjaði þessi sál ekki dáðlausari þjóð í viðskiptum en Dani, ekki nískara fólk en Norðmenn og ekki svifaseinni menn en Breta. Þessar tilfinningar notuðu menn til að halda því að fólki að slík yfirburðaþjóð gæti aðeins tapað á því að bindast félagsskap þeirra sem næst henni standa.

Nú eru þessar þjóðir óvinir. Þær beita áhrifum sínum í alþjóðasamfélaginu til að knésetja vængbrotna þjóðarsál við ysta haf. Það hugarástand er nýtt til þess að telja fólki trú um að stolt Íslendinga sé meira en svo að þeir geti gengið í félagsskap með kúgurum sínum sem svo eru kallaðir.

Það er ýmist í ökkla eða eyra. Æskilegt væri að meiri rækt yrði lögð við undirstöður utanríkisstefnunnar og ekki síður festu í allri meðferð þeirra mála. Ríkari áherslu þarf að leggja á utanríkispólitískar rannsóknir. Miklu skiptir aukheldur að byggja upp breiðari samstöðu um þessi efni en verið hefur um skeið. Stærri þjóðir en við telja það nauðsynlegt til að styrkja stöðu sína. Íslendingar þurfa rétt eins og aðrir utanríkispólitíska festu.

Fyrstu alvarlegu utanríkispólitísku mistökin sem Íslendingar gerðu eftir lýðveldisstofnun voru samningarnir við Bandaríkin um varnarviðbúnað í ljósi nýrrar stöðu eftir lok kalda stríðsins. Rangt stöðumat leiddi til þess að þráður slitnaði í samskiptum við þá þjóð sem tekið hafði að sér varnir landsins í hálfa öld. Pólitísk staða Íslands veiktist fyrir vikið umfram það sem leiddi af breyttum aðstæðum. Af þessum mistökum má draga lærdóma.

## Andóf stjórnarþingmanna

Það hefði verið rangt stöðumat að semja ekki um Icesave-málið eins og fyrri ríkisstjórn lagði línur um. En það voru á hinn bóginn afdrifarík mistök í vor sem leið þegar forsætisráðherra mat þá að ekki væri tilefni til að færa pólitísk álitamál í þeim samningum upp á borð forsætisráðherra landanna sem hlut eiga að máli.

Óumdeilt er að fjármálaráðherrann hefur haldið á málinu af ábyrgð og festu af sinni hálfu. En með því að ekki var reynt til þrautar af mesta mögulega þunga situr fjármálaráðherrann uppi með andóf og tafaleiki ráðherra og þingmanna í eigin flokki.

Nú er rætt um að samþykkja ríkisábyrgðina með fyrirvörum. Aðferðafræðin við það skiptir máli. Hafi menn í huga að lýsa fyrirvörum í nefndaráliti hafa þeir ekkert gildi, hvorki að íslenskum lögum né gagnvart viðsemjendunum. Slíkt ráð gæti þó haft sálfræðilega þýðingu fyrir andófsmenn í þingliði stjórnarinnar sem komast ekki hjá því að lokum að axla ábyrgð í samræmi við þær skyldur sem þeir undirgengust með myndun ríkisstjórnarinnar.

Komi fyrirvararnir fram sem breyting á lagafrumvarpinu fer um áhrif þeirra eftir efninu. Rúmist þær innan samningsins breyta þær engu. Staða Íslands veikist hvorki né styrkist við það. Gangi þær lengra er komin upp ný staða gagnvart viðsemjendunum sem þeir eru ekki bundnir af.

Slík niðurstaða getur miðað að efnislega skynsamlegri niðurstöðu í samningagerðinni. Á hinn bóginn er ekki mikill sómi að því að standa að samningum við aðrar þjóðir með slíkum hætti.

## Rétt málsmeðferð

Geti Alþingi ekki fallist á samninga óbreytta á það að réttu lagi að fela ríkisstjórninni að taka málið upp til nýrrar umfjöllunar. Eftir stjórnarskránni er það hún sem gerir samninga við önnur ríki. Alþingi þarf í sumum tilvikum að staðfesta þá en öðrum ekki. Í þessu falli kemur einungis ríkisábyrgð á skuldbindingum samningsins til kasta Alþingis.

Meðferð samningamála af þessu tagi hefur verulega þýðingu fyrir álit landsins og stöðu. Sú staðreynd að ríkisstjórnin hefur ekki haft vald á málinu og ekki notið ótvíræðs stuðnings meirihluta Alþingis hefur valdið tvenns konar skaða.

Fyrst er á það að líta að töfin og óvissan hefur valdið verulegu efnahagslegu tjóni. Hún hefur seinkað endurreisn efnahagsstarfseminnar. Hver dagur er dýr í þeim efnum.

Í annan stað ber málsmeðferðin út á við merki um reikult stjórnarfar. Það veikir stöðu landsins í alþjóðasamfélaginu á sama tíma og þörfin fyrir að sýna festu og ávinna landinu traust hefur aldrei verið meiri.

Vandinn í stöðunni eins og málum er komið er sá að tíminn hefur hlaupið frá mönnum í sumar. Þeir ráðherrar og þingmenn stjórnarflokkanna sem verið hafa í andófi áttu að réttu lagi að krefjast þess á fyrstu stigum að endanlega yrði gert út um málið á vettvangi forsætisráðherranna. Í stað þess hafa þeir eytt heilu sumri í að semja við sjálfa sig um lausn á milliríkjasamningi.

Efnislegar breytingar á samningum við erlend ríki eru einfaldlega ekki ákveðnar með einhliða lagabreytingum. Þær eru gerðar við samningaborðið á vettvangi framkvæmdavaldshafa landanna. Í þingræðisskipulagi hefur ríkisstjórnin forystu bæði fyrir Alþingi og framkvæmdavaldinu. Framvinda málsins í þinginu er því á hennar ábyrgð.

Málsmeðferðin öll á að taka mið af þeirri festu sem þarf að ríkja í samskiptum við aðrar þjóðir.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



útsala
gerðu góð kaup
ÚTSALA -30% ÚTSALA -50% ÚTSALA -70%
15-20% AFSLÁTTUR Verkfæri
30% AFSLÁTTUR Öll ljós
15-70% AFSLÁTTUR Af öllum búsáhöldum
30% AFSLÁTTUR Sumarvörur
Einnig mikið úrval af gegnheilum, frostþolnum flísum á frábæru verði.
10-70% AFSLÁTTUR Allar flísar
15-50% AFSLÁTTUR Af öllum Hreinlætistækjum
Aðeins brot af úrvalinu
einnig ótrúlegt verð á vinnufatnaði, útivistarfatnaði, gasgrillum, heimilistækjum, smáraftækjum, parketi, verkfæratöskum, áltröppum, málningu, sumarvörum og mörgu fleiru!
25% AFSLÁTTUR Sláttuvélar & sláttuorf Garðverkfæri
15% AFSLÁTTUR Weber grill og áhöld
weber
Við berjum niður verðið!
*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.
HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

ALLRA SÍÐUSTU DAGAR

# ALVÖRU ÚTSÖL



33% AFSLÁTTUR

SVEFNSÓFI

**49.980**

VERÐ ÁÐUR: 74.980

**MATRIX** svefnsófi, Canal beige. B:195 D:74/150 H:35 cm.



40% AFSLÁTTUR

TUNGUSÓFI

**119.980**

VERÐ ÁÐUR KR. 199.980

**COBRA** tungusófi. Fæst í sand og gráu áklæði. B:253 D:144 H:78 cm.



60% AFSLÁTTUR

**LIVORNO** 3 sæta sófi. Elena svartur. B:194 D:85 H:56 cm.

3 SÆTA SÓFI

**59.990**

VERÐ ÁÐUR: 149.980



50% AFSLÁTTUR

**FRANKIE** 3 sæta sófi, fæst með rauðu og brúnu áklæði. B:215 D:93 H:90 cm. Fæst einnig 2 sæta. B:160 D:93 H:90 cm. **82.490** verð áður: ~~164.980~~

3 SÆTA SÓFI

**89.990**

VERÐ ÁÐUR: 179.980

EXPO

**OPIÐ:** virka daga 10 – 18 • Laugardaga 12 – 18 • Sunnudaga 13 – 17

HÚSGAGNAHÖLLIN

# ULOK

## ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MÁNUDAG 10. ÁGÚST

lágmark **20%** AFSLÁTTUR **AF ALLRI smávöru**



50% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR

**SJÓNVARPSBORÐ**

**49.980**

VERÐ ÁÐUR: 99.980

**NEO** sjónvarpsborð, háglans hvítt. B:160 D:60 H:40 cm.

**BORÐSTOFUBORÐ**

**79.980**

VERÐ ÁÐUR KR. 169.980

**NEO** borðstofuborð. Háglans hvítt. B:90 L:180/240 H:76 cm.



30% AFSLÁTTUR

**BARSTÓLL**

**15.990**

VERÐ ÁÐUR: 23.980

**MATHILDE** barstóll, fást í svörtu leðri.



70% AFSLÁTTUR

**STÓLL**

**9.999**

VERÐ ÁÐUR: 34.980

**MOES** borðstofustóll, fæst hvítur og svartur.



70% AFSLÁTTUR

**STÓLL**

**4.999**

VERÐ ÁÐUR: 17.980

**TEXAS** barstóll, hvítt leður.

# Eiga allir RÚV?

**UMRÆÐAN**
Einar Bjarnason skrifar um fjölmiðla


EINAR BJARNASON

Þessa dagana auglýsir RÚV sig á eftirfarandi hátt með skiltum sem birtast í sjónvarpi:

„Allir fjölmiðlar neita því staðfastlega að þeir þjóni hagsmunum eigenda sinna. Nema við sem leggjum okkur sérstaklega fram um það. RÚV – 319.326 eigendur.“

Hér er á ferðinni lýðskrum og áróður greiddur af ríkinu til höfuðs einkareknum fjölmiðlum. RÚV er að mælast til þess að fjölmiðlar eigi ekki að vera í einkaeign, eða staðhæfir a.m.k. að það sé farsælla að hafa fjölmiðla í ríkiseign. Morgunblaðið og Stöð 2 reiða sig á áskrifendur sína og þurfa því að leggja sig alla fram til þess að þjóna þeim því að þeir geta sagt upp áskriftinni, öfugt við nauðungaráskriftina að RÚV. Stöð 2 hefur enda verið í fararbroddi með nýjungar frá stofnun, s.s. útsendingar í júlí og á fimmtudögum, talsett barnaefni, stafrænar útsendingar, plússtöðvar og margt annað, vegna þess að Stöð 2 þjónar hagsmunum áhorfenda skilyrðislaust. Óhætt er að segja að algjör stöðnun ríkti í sjónvarpi meðan ríkið eitt hafði leyfi til útsendinga.

Það er mikill misskilningur að halda því fram að ríkiseign á fjölmiðli sé trygging fyrir því að hagsmuna allra sé best gætt. Það er alltaf einhver sem fer með þá aðstöðu og eign sem um er rætt. Ohf-væðing RÚV fól í sér að efnisleg starfsemi RÚV, dagskráin, er fyrst og fremst á valdi eins manns, útvarpsstjóra, sem ræður líka alla frétta- og dagskrárgerðarmenn og les fréttirnar, jafnframt því að reka stofnunina. Sú staðhæfing að Páll Magnússon eigi RÚV ohf. er því mun nær raunveruleikanum en lýðskrum RÚV kostað af skattgreiðendum.

Annað af þessum áróðursskiltum sem birtast í ríkissjónvarpinu er með þessi skilaboð:

„Það er ekki siðlaust að eigendurnir skemmti sér á kostnað félagsins. Eigendurnir eiga að njóta forréttinda. RÚV – 319.326 eigendur.“

Með framangreindum áróðri eru núverandi stjórnendur RÚV að verja þá stefnu sína að RÚV eigi fyrst og síðast að vera vinsældadrifið afþreyingarsjónvarp. Nær væri að auglýst væri eftir réttlætingu fyrir því að slík samkeppnisstarfsemi fái árlega að brenna upp milljörðum frá skattpíndum almenningi. Þess má geta að fjölmiðlar í einkaeigu geta ekki gengið út frá því sem vísu að eigandinn breyti skuldum sem tilkomnar eru út af taprekstri í hlutafé. Slíkt gerðist einmitt nýverið þegar 562 m.kr. skuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð var breytt í hlutafé. Þetta gerðist eftir að stjórnvöld höfðu tryggt Ríkisútvarpinu varlega áætlað 700 m.kr. í viðbótartekjur árlega með hækkun á fyrirhuguðum nefskatti fyrir síðustu jól. Án þess þó að nokkrar takmarkanir væru settar á ójafna samkeppni RÚV á auglýsingamarkaði, en þær takmarkanir höfðu verið kynntar sem rökin fyrir hækkuninni.

Undirritaður var kynningarstjóri danska ríkissjónvarpsins, DR1 og DR2, í 5 ár og lærði þar að fjölmiðill í ríkiseign stígur varlega til jarðar í samkeppni við þá miðla sem ekki njóta þess að starfa í skjóli skattpeninga. Það tíðkast einfaldlega ekki erlendis að ríkisstofnanir reyni að klekkja á fyrirtækjum í einkarekstri.

*Höfundur er framkvæmdastjóri markaðssviðs 365 miðla og fyrrverandi kynningarstjóri DR1 og DR2 í Danmörku.*






# Heimilisbókhald Kárahnjúkavirkjunar

**UMRÆÐAN**
Ólafur S. Andrésson skrifar um Kárahnjúkavirkjun


ÓLAFUR S. ANDRÉSSON

Skuldir vegna raforkuframleiðslu til stóriðju ná fljótlega tugum milljarða króna – nema það kraftaverk gerist að álverð tvöfaldist.

Gagnlegt er að færa heimilisbókhald og það er mikilvæg hjálp við að ná endum saman. Aðalatriðið er að tekjurnar séu meiri en útgjöldin. Fróðlegt er líka og gagnlegt að færa einfalt bókhald yfir rekstur fyrirtækja sem við eigum – og berum ábyrgð á. Eitt stærsta og mikilvægasta fyrirtækið í eigu okkar allra er Landsvirkjun. Því miður er bókhald Landsvirkjunar töluvert flókið og góðum sérfræðingum er treyst fyrir því. En ársskýrslur Landsvirkjunar eru að mörgu leyti til fyrirmyndar og þar er t.d. hægt að finna allar helstu tölur sem þarf til að færa einfalt bókhald fyrir Kárahnjúkavirkjun.

Í meðfylgjandi töflu sést að stofnkostnaður virkjunarinnar er nálægt 160 milljörðum króna eða tæplega 2,4 milljarðar bandaríkjadala sem er sú mynt sem orkan er greidd með. Árleg útgjöld virkjunarinnar má meta út frá stofnkostnaði hennar. Varlega áætlað er rekstrarkostnaður um 2%, önnur 2% bætast við vegna 50 ára afskriftatíma og loks eru vaxtagjöld varla minni en 4%. Árstekjurnar þurfa því að ná a.m.k. 190 milljónum dala til að ná jöfnu og helst vill þjóðin hafa einhvern arð af fyrirtækinu.

**FJÁRFESTING VEGNA KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR**

| Ár | milljarðar króna | milljónir USD |
|---|---|---|
| Fyrir 2003 | 1,81 | 18 |
| 2003 | 14,07 | 183 |
| 2004 | 18,70 | 267 |
| 2005 | 23,73 | 377 |
| 2006 | 40,34 | 578 |
| 2007 | 33,45 | 596 |
| 2008 | 16,69 | 189 |
| Vextir (4%) | 11,01 | 159 |
| **Alls** | **159,81** | **2.368** |

*Í ársskýrslum Landsvirkjunar eru notaðar krónur nema USD fyrir 2008. Við umreikninga er notað meðalgengi Seðlabankans. Vextir eru reiknaðir frá miðju viðkomandi ári til ársloka 2007.*

Tekjur af raforkusölu eru nokkuð á huldu en prýðilegur útgangspunktur er í skýrslu iðnaðarráðherra frá 23. mars 2008, þ.e. áætlaðar tekjur upp á 8643 milljónir króna eða 111 milljónir dala. Út frá upplýsingum í ársskýrslum Landsvirkjunar 2007 og 2008, ásamt upplýsingum um álframleiðslu í ársskýrslum Samtaka iðnaðarins, má ráða hversu mikil orka var seld Fjarðaáli árið 2008 svo og hvert meðalverð orku til stóriðju var. Vitað er að orkuverðið er beintengt álverði og þannig sést að orkuverð til álvera nær ekki 20 mils eða 20 þúsundustu úr bandaríkjadal fyrir kílóvattstundina þegar álverð er 2000 dollarar á tonnið.

Álverð er nú um 1800 dalir á tonnið og meðalverð ársins fer varla yfir 2000 dollara markið. Fjarðaál kaupir í mesta lagi 4,7 Gwst af raforku á árinu og greiðir fyrir í mesta lagi 100 milljónir dala.

Að óbreyttu verður því a.m.k. 90 milljóna dala halli á heimilisbókhaldinu árið 2009! Það gerir víst 11,5 milljarða króna. Jafnvel þótt álverð fari í 3000 dali tonnið þá nást ekki endar saman, tapið verður yfir 40 milljónum dala á ári.

Greinilega var samið um allt of lágt orkuverð miðað við stofnkostnað, sem reyndar fór nærri 50% fram úr áætlun í dölum talið, en við því mátti vel búast. Að óbreyttu mun raforkusala til stóriðju sliga Landsvirkjun og skuldabagginn lenda á skattgreiðendum. Til að forða því er hugsanlegt að semja um niðurfellingu á lánum eða hærra raforkuverð. Hvorugt er þó líklegt. Besta leiðin til að jafna þetta heimilisbókhald er að leggja sérstakan orku- og auðlindaskatt á selda raforku og væri það verðugt framlag til að endurreisa efnahag þjóðarinnar.

*Höfundur er lífefnafræðingur.*

# Myndatökur í dómsal

**UMRÆÐAN**
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson skrifar um friðhelgi einkalífsins


VILHJÁLMUR H. VILHJÁLMSSON

Í Danmörku og Noregi er lagt bann við því í lögum að taka myndir af sakborningi í dómhúsi og á leiðinni til og frá dómhúsi. Í lögum er jafnframt kveðið á um viðurlög ef brotið er gegn þessu banni og hefur fjölmiðlum verið gert að greiða sektir vegna slíkra brota. Rökin fyrir setningu framangreindra lagareglna í norrænum rétti eru þau að með myndbirtingum af sakborningi í dómhúsi og á leiðinni til og frá dómhúsi sé brotið gegn friðhelgi einkalífs viðkomandi sakbornings sem nýtur verndar stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindasáttmála. Þessi rök eiga einnig við á Íslandi.

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu og sambærilegt ákvæði er að finna í 1. mgr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Það er einn þáttur í friðhelgi einkalífs að hver maður á rétt til eigin myndar. Af því leiðir sú meginreglan að myndataka og myndbirting af manni án hans samþykkis felur í sér brot á friðhelgi einkalífs hans. Samkvæmt sakamálalögum er sakborningi skylt að koma fyrir dóm við þingfestingu sakamáls. Ef sakborningur hlýðir ekki fyrirkalli dómara er heimilt að færa hann fyrir dóm með valdi. Sakborningur hefur því ekkert val. Hann getur ekki ákveðið að sitja heima í skjóli stjórnarskrárvarinna réttinda um friðhelgi heimilis og einkalífs. Honum er skylt að koma fyrir dóm og svara til saka.

Á vefsvæði héraðsdóms er birt dagskrá yfir þau mál sem rekin eru fyrir viðkomandi dómstóli. Í dagskránni er greint frá nafni sakbornings, brotategund ásamt stað og stund þegar sakborningur á að mæta fyrir dóm. Fjölmiðlar fylgjast grannt með þessari dagskrá. Þegar sakborningur mætir fyrir dóm samkvæmt lagaboði er hann því auðveld bráð fjölmiðla sem skeyta oft engu um stjórnarskrárvarinn rétt viðkomandi sakbornings til friðhelgi einkalífs og rétt hans til eigin myndar. Með vísan til framangreindra sjónarmiða verður að telja að sú skylda hvíli ótvírætt á íslenskum stjórnvöldum að tryggja grundvallarmannréttindi sakbornings, þ.e. rétt til eigin myndar og friðhelgi einkalífs, séu virt við meðferð sakamála og þeir sem brjóta gegn þessum grundvallarréttindum verði beittir lögmætum viðurlögum.

Hvort fylgja eigi fordæmi Norðmanna og Dana og lögfesta bann við myndatökum af sakborningi í dómhúsi og á leiðinni til og frá dómhúsi verður ekki lagt mat á hér, en það hljóta að vera lágmarksréttindi sakbornings að hann þurfi ekki að sæta því að teknar séu af honum myndir í dómsal gegn vilja hans og þær birtar í fjölmiðlum.

*Höfundur er héraðsdómslögmaður.*

# Svikin velferðarbrú

**UMRÆÐAN**
Vigdís Hauksdóttir skrifar um ríkisstjórnina


VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Hin svokallaða velferðarstjórn undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur hefur nú tekið ákvörðun um að skerða grunnlífeyri eldri borgara og öryrkja sem hingað til hefur verið ósnertanlegur. Velferðarbrú Samfylkingarinnar sem auglýst og boðuð var fyrir kosningar var aldrei á dagskrá. Ekki voru liðnir margir dagar frá kosningum þegar títtnefnd Jóhanna réðst af öllu afli á grunnstólpa velferðarkerfisins í stað þess að byggja á þeim framtíð og öruggt skjól fyrir eldri borgara og öryrkja.

Lagasetningu þurfti til og með lögum nr. 70/2009 náði Jóhanna ásamt ríkisstjórnarflokkunum að leiða eftirfarandi í landslög: Frítekjumark vegna atvinnutekna var áður 1.315.200 á ári en er nú 480.000 eða 40.000 á mánuði. Frítekjumark vegna atvinnutekna öryrkja var áður 1.315.200 á ári en er nú 300.000 eða 25.000 á mánuði. Lífeyrissjóðsgreiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum reiknast nú til frádráttar á grunnlífeyri. Frítekjumark á skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóði er einungis 10.000 á mánuði.

*Velferðarbrú Samfylkingarinnar sem auglýst og boðuð var fyrir kosningar var aldrei á dagskrá.*

Er hér um „einstakan árangur“ að ræða og ég fullyrði að nú hafi verið slegið nýtt met í árásum á þá sem minnst mega sín.

*Höfundur er lögfræðingur og þingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður.*

# Rangfærslur Sigrúnar Elsu

**UMRÆÐAN**
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson skrifar um borgarmál

Í grein Sigrúnar Elsu Smáradóttur, borgarfulltrúa og stjórnarmanns í REI, í Fréttablaðinu miðvikudaginn 15. júlí sl. koma fram nokkur mikilvæg atriði sem fá ekki staðist eða eru beinlínis röng.

1. Hún fullyrðir að hlutur Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun hafi verið seldur á of lágu verði. Staðreyndin er sú að hlutur Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun var seldur á góðu verði miðað við öll gögn sem lágu fyrir í málinu. Það var og er m.a. skoðun borgarhagfræðings, sem var fulltrúi borgarinnar í söluferlinu. Í dag er núvirði söluverðsins rúmlega 32 milljarðar króna. Þessir fjármunir hafa meðal annars gert það að verkum að fjárhagsleg staða borgarinnar er miklu traustari en ella hefði verið og um leið lánshæfi, rekstrarstaða og lausafjárstaða borgarinnar. Þetta er mat borgarhagfræðings og fjármálastjóra borgarinnar. Fullyrðingar hennar um að Landsvirkjun hafi ekki greitt Reykjavíkurborg ábyrgðargjald eins og ætlast er til eru rangar. Í bréfi Friðriks Sophussonar, forstjóra Landsvirkjunar, dags. 16. júlí sl., til Sigrúnar Elsu (afrit m.a. sent undirrituðum) eru þessar rangfærslur hennar leiðréttar.


VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

2. Sigrún Elsa gerir enga grein fyrir þeirri ákvörðun 100 daga meirihlutans að REI hafi ætlað, með samþykki stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, á stjórnarfundi fyrirtækisins þann 3. nóvember 2007, að kaupa hlutabréf fyrir 12,5 milljarða íslenskra króna í ríkisreknu orkufyrirtæki á Filippseyjum sem stóð í einkavæðingarferli. Hún svarar því ekki heldur hvers vegna engin umræða fór fram í borgarráði eða borgarstjórn um þetta stórmál í aðdraganda þessarar ákvörðunar. Vissulega fóru fram umræður í stjórn REI um málið en ekkert samkomulag eða samningar lágu fyrir, hvorki í stjórn REI né OR, um kaup á hlutabréfum fyrir 12,5 milljarða íslenskra króna í filippeyska orkufyrirtækinu. Sigrún er því að segja ósatt. Ef þessi fyrirhuguðu kaup, sem stjórn Orkuveitunnar samþykkti á fundi sínum þann 3. nóvember 2007, hefðu gengið eftir væri REI/Orkuveitan í dag búin að tapa mörgum milljörðum íslenskra króna á fyrirhuguðum viðskiptum miðað við lántöku, gengi krónunnar og núverandi hlutabréfagengi orkufyrirtækisins á Filippseyjum.

3. Sigrún Elsa er vinsamlegast beðin um að rökstyðja sinn málflutning en ekki reyna að snúa út úr með rangfærslum. Henni er enn fremur bent á að leita frekari upplýsinga hjá fyrrverandi oddvita VG í borgarstjórn, Svandísi Svavarsdóttur, um þetta mál en fulltrúar borgarstjórnarflokka VG og Samfylkingar í stjórn OR samþykktu að gengið yrði til þessara kaupa. Greinilegt er að bæði Sigrún Elsa og Svandís vildu stuðla að einkavæðingarferli ríkisrekins orkufyrirtækis á Filippseyjum þótt a.m.k. Svandís hafi allt aðra skoðun á slíkum málum hvað Ísland varðar. Og að lokum, Sigrún, hvers vegna svarar þú því ekki hvort þetta mál hafi verið rætt eða samþykkt í borgarráði eða í borgarstjórn? Í REI-skýrslunni svokölluðu sem Svandís ritstýrði var m.a. lögð sérstök áhersla á „að öll stærri verkefni og viðfangsefni [skyldu] þola opna og gagnrýna umræðu“.

*Höfundur er forseti borgarstjórnar.*

# Skólakerfið ræður ekki við verkið

**UMRÆÐAN**
Geir Hólmarsson skrifar um skólakerfið

Menntun er afrakstur reynslunnar sagði John Dewey, einn merkasti hugsuður á sviði menntamála. Taktu eftir; ekki reynslan sjálf heldur afrakstur hennar. Við reynum eitthvað, metum reynsluna og verðum reynslunni ríkari.

Þú getur ekki lært að hugsa nema þú áskiljir þér rétt til að hafa rangt fyrir þér. Rétturinn til að hafa rangt fyrir sér er grunnforsendan í sköpunarvirkni (creativity) því aðeins þannig verða til frumlegar hugmyndir sem hafa gildi, hvort sem það er fyrir einstaklinginn eða samfélagið. Nemendur sem alast upp í skólaumhverfi sem refsar þeim sem hafa rangt fyrir sér læra fljótt að hugsa smátt og reyna lítið út fyrir skólabókina sem er full af þægilegum staðreyndum. Þeir bregðast þannig við að þeir leggja bókina á minnið og þylja hana aftur á prófstundum. Slíkt fyrirkomulag gerir nemendur að farþegum á eigin menntavegi en ekki ökumönnum.

Samfélagsgerð framleiðsluþjóðfélagsins krafðist þessa af menntakerfinu og menntakerfið okkar er mjög skilvirkt að þessu leyti. Framleiðsluþjóðfélagið hefur hins vegar vikið fyrir upplýsingasamfélaginu. Upplýsingasamfélagið þarfnast fólks sem er virkt og skapandi og getur nýtt reynslu sína til virðisauka. Hefur hæfileika til að vinna í hópum, getur haft góð samskipti við annað fólk, tekið ákvarðanir og metið áhættu. Er samfélags- og siðferðislega þenkjandi, vill taka þátt í upplýstri umræðu og gerir kröfu um beinni aðgang að lýðræðinu. En skólakerfið okkar ræður ekki við verkið, það getur það ekki því kerfisramminn leyfir það ekki.

Við eigum að hafa kjark til þess að nýta tækifærið sem kreppan færir okkur til að leggja vinnu í að endurhugsa skólakerfið okkar. Reyndar var hugmyndavinna í menntamálaráðuneytinu í gangi fyrir kreppu en þar var um að ræða uppstokkun á núverandi kerfi sem þjónar samfélagi sem er að líða undir lok. Okkur vantar ekki slíkt. Hættum að betrumbæta núverandi kerfi. Búum til nýtt kerfi. Við höfum gert það áður, einu sinni var almenningsfræðsla hins opinbera ekki til en við bjuggum hana til. Við getum gert það aftur fyrir nýtt samfélag og eigum að gera það.

*Höfundur er kennari.*





VILT ÞÚ STYRKJA STÖÐU ÞÍNA?

KYNNTU ÞÉR SÓKNARFÆRI Á WWW.OPNIHASKOLINN.IS

**FagMennt Opna háskólans býður öflug og fjölbreytt námskeið sem hjálpa til við að styrkja stöðu þína. Kynntu þér námsframboð Opna háskólans.**

**DIPLÓMANÁM**

**Mannauðsstjórnun**
Hefst í ágúst

**Mannauðsstjórnun – Akureyri**
Hefst í ágúst

**Stjórnun og rekstur fyrirtækja**
Hefst í ágúst

**Markaðssamskipti og almannatengsl**
Hefst í ágúst

**Verkefnastjórnun í fjarnámi - Akureyri**
Hefst í september

**Alþjóðaviðskipti**
Hefst í september

**Matstækni**
Hefst í september

**Markþjálfun (Coaching)**
Hefst í október

**Flutningafræði (Logistics)**
Hefst í október

**LENGRI NÁMSKEIÐ**

**Neytendahegðun og markaðssamskipti til eininga**
Hefst í ágúst

**Nám til prófs í verðbréfaviðskiptum**
Hefst í september

**Rekstrar- og fjármálanám**
Hefst í september

**Alþjóðaviðskipti til eininga**
Hefst í september

**Sölustjórnun til eininga**
hefst í september

**Fjármál fyrirtækja til eininga**
Hefst í október

**Almannatengsl til eininga**
Hefst í október

**Vinnuréttur til eininga**
Hefst í október

**Vinnusálfræði til eininga**
Hefst í nóvember

**STYTTRI NÁMSKEIÐ**

**Jákvæð sálfræði**
Hefst í ágúst

**Evrópumálin í hnotskurn**
Hefst í september

**Framkoma og tjáning**
Hefst í september

**Verkefnastjórnun**
Hefst í september

**Innri endurskoðun á tímamótum**
Hefst í október

**Innra eftirlit - lykilþáttur í árangri fyrirtækja**
Hefst í október

**Breytingar á skattalögum**
Hefst í október

**Gagnrýnin hugsun: ímyndir og fordómar**
Hefst í október

**Basic Spoken English**
Hefst í september

**Skráðu þig núna á www.opnihaskolinn.is**

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Opna háskólans í síma 599 6360 eða í gegnum tölvupóst á fagmennt@opnihaskolinn.is.

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

www.opnihaskolinn.is

# Ögrandi Menntaskóli fyrir börn

Gangi áætlanir eftir mun gamla Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg fyllast aftur af börnum í haust, þegar sextíu börn hefja þar nám í nýjum og róttækum barnaskóla. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hitti fólkið á bak við skólann og komst að því að nemendur hans munu ekki þurfa að bíða eftir frímínútum til að fara út að leika. Allir dagar verða leikdagar.



**HRISTA UPP Í SKÓLAMÁLUM** Edda Huld Sigurðardóttir, fyrrverandi skólastjóri Ísaksskóla, Þorvaldur Þorsteinsson, myndlistarmaður og rithöfundur, og Jenný Guðrún Jónsdóttir kennari eru þrír af fjórum stofnendum barnaskóla sem verður til húsa í gömlu Heilsuverndarstöðinni á Barónsstíg. Sá fjórði er Ólafur Stefánsson handboltamaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á næstu dögum tekur menntaráð ákvörðun um hvort veita skuli nýjum grunnskóla starfsleyfi. Verði niðurstaðan jákvæð munu sextíu börn hefja nám þar strax í haust. Skólinn verður til húsa á nýuppgerðri jarðhæð gömlu Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. Verða eflaust margir fegnir að fá aftur líf í þetta fallega og sögulega hús sem hefur staðið autt allt of lengi.

Grunnskólinn hefur fengið nafnið Menntaskólinn. Einfalt nafn sem þó vekur spurningar, virkar kannski svolítið öfugsnúið í fyrstu og er jafnvel dálítið ögrandi. Þess vegna er það einmitt mjög viðeigandi, því þannig á skólinn einmitt að verða. Hann verður nefnilega hreint ekki eins og grunnskólar eru flestir.

**Fjöldi barna þegar skráður**

Það eru þau Edda Huld Sigurðardóttir, fyrrverandi skólastjóri Ísaksskóla, Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur og myndlistarmaður, Jenný Guðrún Jónsdóttir kennari og Ólafur Stefánsson handboltamaður sem standa að baki skólanum. Þau Edda, Þorvaldur og Jenný standa nú á haus við að undirbúa opnun skólans. Ólafur býr í Þýskalandi og er því fjarri góðu gamni, þótt hann fylgist grannt með gangi mála. Öll ganga þau út frá því að starfsleyfið verði veitt, enda svo skotin í hugmyndinni sjálf að þau sjá ekki hvernig hægt væri að hafna henni. Þeim hefur líka verið vel tekið í stjórnkerfinu og fjöldi fólks sýnt áhuga á að vinna með þeim. „Margir hafa sýnt áhuga á að vinna með okkur, bæði kennarar og sérfræðingar á ýmsum sviðum," segir Edda. „Og okkur hefur þótt sérstaklega vænt um það hvað margir foreldrar hafa haft samband við okkur og skráð börnin sín. Við erum þegar komin með á þriðja tug barna á skrá. Við hvetjum auðvitað fólk til þess að hafa samband við okkur og skrá börnin sín, með fyrirvara um að leyfi fáist. Við eigum enn þá pláss fyrir nokkurn fjölda barna."

**Stefnan er traust**

Þær Jennýju og Eddu dreymdi upphaflega um stofnun skólans. Báðar hafa þær langa reynslu af starfi innan skólakerfisins og unnu meðal annars saman í Ísaksskóla. „Við höfðum lengi verið að velta því fyrir okkur hversu langt maður gæti gengið í því að gera grunnskóla manneskjulegan," segir Jenný. „Við þekkjum skólakerfið út og inn en okkur langaði að fá hugmyndaauðgina og sköpunina frá þeim Þorvaldi og Ólafi. Fyrst sáum við fyrir okkur að fá þá inn sem ráðgjafa en eftir að við fórum að ræða saman fundum við svo mikinn samhljóm með þeim að það var ekki annað hægt en að fá þá með." Þorvaldur segir það hafa verið ómögulegt að láta það góða boð sér úr greipum renna. „Þegar tvær kanónur innan úr kerfinu eru tilbúnar að byrja frá grunni á forsendum sem við ætlum að móta saman, þá væri það hreinn aulagangur að taka ekki áskoruninni. Daginn eftir að ég hafði tekið ákvörðunina vaknaði ég með slaufu um hálsinn, tilbúinn í barnakennarann, án þess að mega kalla mig það."

Algjör samstaða ríkir hjá hópnum um þá reglu að ekki verði unnið út frá fyrirfram ákveðinni stefnu. „Við erum skotin í mörgum stefnum. En það er svo margt gott verið að gera í skólakerfinu og við viljum læra af öðrum skólum líka. Þess vegna viljum við ekki festa okkur inni í einni ákveðinni stefnu," segir Jenný.

**Skapandi leikur**

Allt starf hins nýja skóla á að fara fram í gegnum skapandi leik, þar sem áhersla verður lögð á að fá það besta úr hverjum og einum nemanda. „Við ætlum að leggja áherslu á að nemendur framkallist eins og þeim er eiginlegt sem skapandi manneskjum," útskýrir Þorvaldur. „Það er æsispennandi ferli að lifa frá degi til dags. Það gleymist bara oft í skólanum, vegna þeirrar aðgreiningar að sköpun tilheyri listum. Þetta ætlum við að vekja til lífsins í skólanum. Við viljum að nemandinn öðlist raunverulegan áhuga á sjálfum sér, viðfangsefnunum og samnemendum sínum. Við teljum það mikilvægara að börn komist að því hver þau eru heldur en hvað þau langar til að verða. Og að skilgreina eigi manneskjuna út frá því ríkidæmi sem hún er en ekki út frá því sem hana vantar. Þar liggur kjarninn. Við gerum ráð fyrir að taka við ómetanlegum gersemum í hverjum nemanda."

Við þetta hefur Edda að bæta grafískri myndlíkingu. „Það má lýsa þessu þannig að við ætlum að renna frá nemendum, fletta inn í þau og lesa. Hvað er þarna inni? Hvað þarf að njóta sín og hvernig getum við hjálpað þeim til þess?"

> Það er mikilvægara að börn komist að því hver þau eru heldur en hvað þau langar til að verða.

**Krefjandi og erfitt**

En hvernig virkar þetta þegar í skólann er komið? Læra börn raunverulega eitthvað ef þau eru bara að leika sér daginn út og inn?

„Já, því við veljum ögrandi og skapandi verkefni sem þroska hugsun, frekar en að pæla í dauðum staðreyndum sem skilja ekkert eftir sig," segir Jenný. „Við notum leikinn sem útgangspunkt og út frá honum nálgumst við viðfangsefnin. Krakkar hafa mjög mikla fróðleiksfýsn og hana viljum við virkja."

Þemaverkefni verða gegnumgangandi sem fela markvisst í sér allar námsgreinar hefðbundinna grunnskóla. Þau verða að stærstum hluta skipulögð af nemendunum sjálfum og á þeirra ábyrgð. Þorvaldur segir fátt meira krefjandi en að vinna á þennan hátt, bæði fyrir kennara og nemendur. „Að vera berskjaldaður sem viðfangsefnið og geta ekki bara hallað sér að fyrirfram gefnum vörðum sem námsefnið er. Það er mjög erfitt. En þetta er lýsing á þroskaferli eins og við þekkjum það best. Uppgötvunin verður til í gegnum reynsluna og verður fyrir vikið raunveruleg. Frekar en í að fá upplýsingarnar í gegnum texta. Þá er undir hælinn lagt hvað þú manst og til hvers."

**Allir læra að lesa**

Þrátt fyrir frelsið og leikinn segja þau enga hættu á að börn í Menntaskólanum missi af menntun sem nemendur hefðbundnari skóla fá. „Það er auðvitað alveg á hreinu að allir fá bestu mögulegu lestrarkennslu. Sömuleiðis verður stærðfræði, í bestu merkingu þess orðs, gert hátt undir höfði og inntaki annarra hefðbundinna námsgreina. Og að sjálfsögðu verður þess gætt að börnin fái réttan kennslustundafjölda og frímínútur á tilskildum tíma. En það verður allt á forsendum nemandans sem skapandi einstaklings, sem fyrir vikið fær svigrúm til þess að uppgötva sjálfur það sem máli skiptir."

Það verður því ekkert sem heitir hefðbundinn skóladagur í Menntaskólanum. Alla þriðjudaga, alveg sama hvernig viðrar, verða krakkarnir til að mynda í margvíslegu útinámi, innan borgar og utan. En gengið hefur verið frá samstarfi við Helenu Óladóttur, skólastjóra Náttúruskólans, um leiðsögn í þeim verkefnum. Fjöldi annarra gestakennara sem tengjast beint viðfangsefnunum hverju sinni munu koma að náminu. Þá verða foreldrar hvattir til að taka beinan þátt í starfinu, hafi þeir tök á því.

**Byrja smátt en hugsa stórt**

Fyrsta árið er gert ráð fyrir að taka við 60 börnum á aldrinum fimm til tíu ára en bæta við aldurshópum strax næsta haust. Innan fárra ára er gert ráð fyrir að fjöldi nemenda verði 300. Það segir Edda kjörstærð fyrir barnaskóla. „Eitt sex ára barn vegur ekki þungt í 500 manna skóla. Ég held það sé farsælla að hafa smærri einingar þar sem hægt er að huga vel að hverjum og einum nemanda. Við ætlum að byrja smátt og byggja skólann hægt og rólega upp."

Jenný bætir þó við með bros á vör að það sé ekkert sem segi að það verði ekki fleiri útibú. Greinilegt er að hugur er í hópnum og full trú á ágæti hins leikandi skóla. En er þetta rétti tíminn til að stofna nokkuð, svona í miðju ástandinu? „Ef eitthvað er ýtti það á eftir okkur. Það fékk mann til að spyrja sig þeirrar spurningar hvort það væri hugsanlegt, að með fyrirfram ákveðnu námsefni – og þar með fyrirfram ákveðinni útkomu úr skólakerfinu – færum við á mis við fjársjóðinn sem býr innra með hverjum og einum. Er það kannski að sýna sig núna hversu dýrkeypt það er fyrir þjóðfélagið að nemandinn fái ekki að vera og þar með verða hann sjálfur?"

## FJÖLBREYTILEG REYNSLA EN SAMEIGINLEG SÝN

**Stofnendur Menntaskólans eru fjórir og munu þeir allir koma beint að starfi Menntaskólans. Hér er reynsla þeirra af skólamálum og vinnu með börnum dregin saman.**



Edda Huld Sigurðardóttir er kennari að mennt, auk þess sem hún útskrifaðist úr MBA-námi árið 2006. Hún hefur víðtæka kennslureynslu en hún hefur starfað innan skólakerfisins í sextán ár. Í ellefu ár gegndi hún starfi skólastjóra Ísaksskóla. Hún lét af störfum þar í vor og hóf undirbúning að stofnun Menntaskólans.

Jenný Guðrún Jónsdóttir er kennari að mennt og hefur undanfarin tíu ár unnið sem grunnskólakennari, fyrst í Árbæjarskóla og síðar í Ísaksskóla. Þá hefur hún bætt við sig menntun á sviði stærðfræði og skrifað námsefni í lífsleikni. Reynsla Jennýjar af starfi með börnum er fjölbreytileg en áður en hún hóf kennslu vann hún í leikskóla í nokkur ár.



Þorvaldur Þorsteinsson starfar jöfnum höndum sem myndlistarmaður, rithöfundur og kennari. Hann er vinsæll fyrirlesari og er þekktur fyrir að hrista upp í þeim sem á hann hlýða með ferskri sýn sinni á viðfangsefnin. Á undanförnum árum hefur hann skoðað íslenska skólakerfið og vakið athygli á mikilvægi skapandi skólastarfs.



Ólafur Stefánsson er þekktastur fyrir handboltaferil sinn en hann er jafnframt menntaður á sviði uppeldisfræði og heimspeki. Undanfarin ár hefur hann þróað leiðir til að hjálpa börnum að ná sambandi við myndheim sinn og nota táknmyndir til að auka skilning sinn á umhverfi sínu. Þær aðferðir munu nýtast í starfi hans með Menntaskólanum.



Hlauptu fyrir gott málefni
22. ágúst!
islandsbanki.is/marathon
ÞÚ GETUR
Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka verður haldið þann 22. ágúst næstkomandi. Líkt og undanfarin ár geta þátttakendur safnað áheitum fyrir góð málefni. Á Íslandi er fjöldi góðgerða- og líknarfélaga sem þurfa á þínum stuðningi að halda.
Svona safnar þú áheitum:
1. Þú skráir þig í hlaupið, velur vegalengd við hæfi og hvaða málefni þú vilt styrkja.
2. Þú færð vini og vandamenn til að heita á þig.
3. Þú hleypur þann 22. ágúst og upphæðin sem þú safnar rennur sjálfkrafa til þíns góðgerðafélags.
Allar nánari upplýsingar á islandsbanki.is/marathon
26 ÁRA
REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA
22. ÁGÚST 2009
Íslandsbanki hefur verið stoltur bakhjarl Reykjavíkurmaraþonsins síðan 1997.

# Samkynhneigðir geta líka verið afburða íþróttafólk

**Hafdís Erla Hafsteinsdóttir** sundkona og **Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson** fótboltakappi eru bæði meðlimir í Styrmi, íþróttafélagi samkynhneigðra. Þau segja íþróttastarfið vera nauðsynlegt í samfélagi samkynhneigðra og segir Vilhjálmur Ingi að félagið hafi verið honum ómetanlegt stuðningsnet þegar hann kom út úr skápnum í vetur. ***Sara McMahon*** ræddi við Hafdísi Erlu og Vilhjálm Inga um fordóma, samstöðu og glæstan árangur Styrmismanna á hinum nýafstöðnum Outgames-leikum.

Hafdís Erla er sundkona og þjálfari sunddeildar Styrmis, hún telur félagið vera nauðsynlegt í samfélagi samkynhneigðra þar sem það stuðli ekki einungis að heilbrigðu líferni heldur skapar einnig sýnileika sem hún telur að geti brotið á bak aftur ákveðnar staðalímyndir sem loða við samkynhneigða. Hafdís æfði sund með sundfélaginu Ægi frá árinu 1990 og keppti meðal annars með unglinga- og aðallandsliðinu í sundi allt til ársins 2004 en þá ákvað hún að segja skilið við sundið. „Ég hætti aðallega vegna þess að þetta var orðið of mikið æfingaálag meðfram námi, en hluti af ástæðunni var líka það að mér fannst sem ég gæti aldrei komið út úr skápnum á meðan ég æfði sund. Ég var hrædd um að verða fyrir aðkasti og óviss um hvert ég gæti leitað ráða, eða hvort ég gæti yfirhöfuð leitað eitthvert. En eftir á að hyggja þá sé ég eftir því að hafa ekki látið reyna á það, en það er auðvelt að vera vitur eftir á. Ég er alls ekki að saka íþróttahreyfinguna um að vera eitthvað sérstaklega fordómafull í garð samkynhneigðra, alls ekki, þetta er bara norm sem erfitt er að brjóta á bak aftur," segir Hafdís Erla.

### Erfitt að koma út úr skápnum

Vilhjálmur Ingi stundar nám í íþróttafræðum við Háskóla Íslands á Laugarvatni og er meðlimur fótboltadeildar Styrmis og hefur leikið með liðinu frá því í vor. Hann segir félagið hafa verið honum nauðsynlegt stuðningsnet þegar hann kom út úr skápnum fyrr í vetur. „Þegar ég gekk til liðs við Styrmi var ég nýbúinn að opinbera samkynhneigð mína fyrir mínum nánustu og var að leita að vettvangi þar sem ég gæti fundið einhvers konar stuðning og félagsskap á meðan ég væri að átta mig á hlutunum. Það hafði tekið mig langan tíma að safna kjarki til að koma út úr skápnum því að ég var búinn að gera mér í hugarlund að þetta yrði svo erfitt og að ég myndi mæta miklu mótlæti. En þegar ég loks tók skrefið þá komst ég að því að mikið af þessum fordómum höfðu aðallega verið í hausnum á mér," segir Vilhjálmur Ingi.

Hann segist hafa fengið mikinn stuðning hjá fjölskyldu og vinum eftir að hann kom út og segir þann stuðning vera ómetanlegan. „Það var erfitt að játa þetta fyrir fjölskyldu og vinum en þau tóku þessu mjög vel. Ég held að það sé mjög einstaklingsbundið hvenær fólk er tilbúið til að viðurkenna þetta fyrir sjálfu sér. Fyrir mér var það erfiðasta skrefið, að viðurkenna þetta fyrir sjálfum mér. Þegar ég lít til baka þá skil ég hversu mikil þyngsli þetta voru á mér, ég varð samt ekki hamingjusamur á einni nóttu, þetta er ferli sem hver og einn þarf að ganga í gegnum. Því lengra sem maður kemst í ferlinu, þeim mun hamingjusamari er maður. Ég held að mesti munurinn sé sá að ég brosi meira í dag."

### Litaður af fordómum

En eru miklir fordómar gagnvart samkynhneigðum innan íþróttahreyfingarinnar? Hafdís Erla telur að samfélagið geri samkynhneigðum erfitt fyrir að koma út úr skápnum því ungt samkynhneigt fólk sé alið á sömu fordómum og aðrir í samfélaginu. „Þegar ég var að koma út úr skápnum fyrir sjálfri mér sem unglingur þá held ég að mestu fordómarnir hafi verið hjá sjálfri mér því maður er jafn litaður af fordómum samfélagsins og allir aðrir. Hegðunarramminn er mjög þröngur og þá má alls ekki stíga hænufet út fyrir hann. Þetta á sérstaklega við um íþróttir. Hvert einasta frávik frá „íþróttalegu hegðunarnormi" ef svo má að orði komast, ýtir viðkomandi langt út á jaðarinn. Þetta er eins og að vera fastur í hjólfari sem þarf átak til að komast upp úr."

Vilhjálmur telur að ný kynslóð íþróttaþjálfara og iðkenda sé lausari við fordóma en þeir sem eldri eru. „Auðvitað verður maður var við að fólk noti orðið hommi sem neikvætt eða niðrandi orð, því miður, en ég tek það ekki nærri mér, enda engin ástæða til þess. Ég get ímyndað mér að það sé erfitt fyrir stráka á unglingsaldri að koma út úr skápnum í þessu umhverfi því þeir eru enn ómótaðir og að reyna að skilgreina sjálfa sig. Ég held að vandinn sé sá að samkynhneigðir karlar eru almennt taldir kvenlegir og það gengur ekki í heimi íþrótta þar sem allt gengur út á karlmennsku. Ég spurði meira að segja sjálfa mig hvort ég ætti eftir að verða kvenlegri við það að koma út úr skápnum, en það er ekki þannig, persónuleiki þinn breytist ekki með kynhneigðinni."

### Yngstur í „hommaárum"

Vilhjálmur telur að íþróttafélag líkt og Styrmir veiti mönnum nauðsynlegan stuðning og félagsskap. Hann segir jafnframt að það hafi verið honum mikill innblástur að umgangast þá sem komu út úr skápnum þegar samfélagið var enn fullt af fordómum í garð samkynhneigðra. „Ég er yngstur iðkenda Styrmis í „hommaárum" og það var mér mikil hvatning að umgangast eldri leikmenn sem þurftu virkilega að berjast fyrir tilverurétti sínum. En þó að samfélagið í dag sé mun betra en það var þá er það því miður svo að samkynhneigðir þurfa enn að berjast fyrir réttindum sínum. Styrmir getur þannig verið góð fyrirmynd sem sýnir að hópíþrótt eins og fótbolti og samkynhneigð geta vel farið saman. Samkynhneigt fólk er að finna í öllum kimum samfélagsins, líka í íþróttum."

Hafdís er sama sinnis og segir Styrmi vera heilbrigðan valmöguleika fyrir samkynhneigða. „Það liggur í hlutarins eðli að samkynhneigðir haldi hópinn. Félagslíf samkynhneigðra hefur verið svolítið bundið við skemmtistaði og næturlífið og fyrir þá sem nenna því ekki er þetta góður valkostur."

Aðspurð segir Hafdís árangur sunddeildarinnar á nýafstöðnum Outgames hafa komið sér skemmtilega á óvart, en liðsmenn deildarinnar unnu til alls átján gullverðlauna. „Við fórum þarna á gleðinni fyrst og fremst en vissum að við áttum góða möguleika því við vorum með mjög sterka sundmenn í liðinu og það var vissulega mikil hvatning að koma heim með alla þessa peninga. Mér fannst líka mjög gaman að geta keppt aftur og ná árangri sem er mældur í sekúndum og metrum, þó að litlu persónulegu sigrarnir séu ekki síður gleðiefni," segir Hafdís sem lætur af þjálfarastarfinu í haust en þá heldur hún utan í frekara nám. „Ég er að flytja til Berlínar í haust þar sem ég ætla að byrja á því að læra svolitla þýsku og svo ætla ég í sagnfræði. Í Berlín er nóg af íþróttafélögum á borð við Styrmi þannig að ég hef ekki áhyggjur af því að geta ekki stundað sundið áfram."



**NJÓTA FÉLAGSSKAPARINS** Hafdís og Vilhjálmur segja félagsskapinn í Styrmi vera góðan og veita fólki nauðsynlegan stuðning. Erfitt sé fyrir samkynhneigða að taka þátt í starfi venjulegra íþróttafélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## VILJA FORDÓMALAUSAR ÍÞRÓTTIR

Íþróttafélagið Styrmir er sérstakt fyrir þær sakir að félagsmenn þess eru allir samkynhneigðir, þó að gagnkynhneigðir fái oft að vera með. Félagið var stofnað í júní árið 2006 og hét upphaflega Strákafélagið Styrmir en því var síðar breytt í núverandi nafn. Félagsmenn ákváðu sumarið 2006 að koma saman á Klambratúni og leika knattspyrnu sér til gamans. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og fyrir stuttu tók Styrmir meðal annars þátt í Outgames, sem er alþjóðlegt íþróttamót samkynhneigðra, með góðum árangri.

„Það er því miður þannig að samkynhneigðir karlmenn hafa oft átt erfitt uppdráttar í hópíþróttunum líkt og fótbolta og handbolta, og þeir virðast mæta meiri fordómum en konur sem stunda sömu íþróttir.



Margir félagsmenn Styrmis hættu að stunda íþróttir rétt áður en þeir komu út úr skápnum því þeim fannst þeir ekki geta komið út við þessar kringumstæður. " segir Alfreð Hauksson, formaður Styrmis.

Að sögn Alfreðs er meginmarkmið Styrmis að stuðla að fordómalausum íþróttum og skapa jákvætt og uppbyggilegt umhverfi fyrir þá sem vilja stunda íþróttir. „Styrmir býður ekki aðeins upp á íþróttaiðkun heldur einnig félagslegan vettvang fyrir þá sem hafa ekki áhuga á að stunda skemmtistaði." segir Alfreð Hauksson, formaður félagsins.

Áhugasamir geta leitað upplýsinga um félagið á vefsíðu þess á slóðinni www.styrmir.is.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

# Ferskur kjúklingur

**1498**
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR **1498 kr./kg.**

**1679**
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **1679 kr./kg.**

**1498**
BÓNUS FERSKT KJÚKLINGAFILLET
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR **1498 kr./kg.**

**50% AFSLÁTTUR**
HOLTA PARTÝVÆNGIR */ÞARF AÐEINS AÐ HITA*
MERKT VERÐ 690 KR./KG. 50% AFSLÁTTUR **345 kr./kg.**

**595**
COKE & COKE LIGHT
kippa 4 fl. 2 ltr. **595 kr.**

Aðeins 11 kr. kaffibollinn!

**398**
RENE KAFFIPÚÐAR 36 stk. **398 kr.**

**298**
ASTONIS HREINSI OG VIÐHALDSVÖRUR
FYRIR BÍLA **298 kr.brúsinn**

**98**
PEPSI OG PEPSI MAX
1 ltr. **98 kr.**

**98**
BÓNUS SÓLKJARNA OG
RÚGKJARNABRAUÐ
7 sneiðar í pakka: **98 kr.**

**398**
COLGATE TANNKREM 2 stk. 75ml
þrjár teg **398 kr.**

**298**
ASTONIS HREINSIVÖRUR
FYRIR ELDHÚSIÐ **298 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA



**SVELLKALDUR** Hjónin Agnes Sigurðardóttir og Ólafur Þröstur Ólafsson á Árskógssandi með bjórinn Kalda sem bruggaður er eftir tékkneskri hefð.



**ÁRANGUR ERFIÐIS** Jón Elías Gunnlaugsson á Ölvisholti með bjórinn Skjálfta sem hann segir metnaðarfullan bjór fyrir sælkera.

# Hinn gullni mjöður

Á fáeinum árum hafa sprottið upp þrjú afbragðs brugghús á Íslandi sem sérhæfa sig í metnaðarfullri bjórgerð. *Pjetur Sigurðsson* ljósmyndari fór hringveginn um landið í sumar og sótti þau heim.

Meira að segja minnstu smáþjóðir heims brugga sinn eigin bjór og þar er Ísland engin undantekning. Þrátt fyrir skarðið sem bjórbannið myndaði hefur bjór verið bruggaður hér allt frá víkingaöld og þar til íslenskir bjórrisar á borð við Ölgerð Egils Skallagrímssonar risu upp. En undanfarin fjögur ár hafa þrjár minni bruggverksmiðjur haslað sér völl úti á landi með háleit markmið um að brugga metnaðarfullan og bragðmikinn bjór. Ölvisholt brugghús stendur rétt utan við Selfoss en þar er bjórinn Skjálfti bruggaður. Norður í landi, á Árskógssandi er svo bjórinn Kaldi bruggaður eftir tékkneskri hefð, og fyrir vestan, í Stykkishólmi, er bruggaður bjórinn Jökull. Íslendingar hafa tekið þessum bragðgóðu afurðum afbragðsvel og spennandi verður að fylgjast með framgangi þeirra. - amb



**HRÆRT Í BJÓRNUM** Hjá brugghúsinu Mjöður ehf. á Stykkishólmi er bjórinn Jökull bruggaður en hann er millidökkur og bragðgóður lagerbjór. Hér sést Magnús Þór Stefánsson bruggmeistari að störfum.



**PUNKTURINN YFIR I-IÐ** Tapparnir settir á Kalda frá Árskógssandi.




**SVEITASÆLA** Bruggverksmiðjan Ölvisholt er í gömlu fjósi rétt hjá Selfossi.



**SAMVINNA** Magnús Þór Stefánsson bruggmeistari í bruggverksmiðjunni Mjöður hf.



**FAGMANNSGRÆJUR** Jón Elías Gunnlaugsson við bruggkatlana í í Ölvisholti.

# inni&úti

LAUGARDAGUR 8. ÁGÚST 2009 *Sumarblað Fréttablaðsins*



**HOLLT OG GOTT SÆLGÆTI** Ljúffeng döðlu-kaka sem ekki þarf að baka.

SÍÐA 5



**TINNI ALLTAF GÓÐUR** Úlfhildur Dagsdóttir segir myndasögur og hrollvekjur tilvaldar í ferðalagið.

SÍÐA 2

**NÝ SÆLUHÚS Á MARKAÐ**

## Nýtískuleg í 19. aldar stíl

**EITT OG ANNAÐ UM BERJATÍNSLU**

## Vísaðu mér á berjamó

**FLUGMÓDEL Á AKUREYRI**

## Allur flotinn á loft



FRÉTTABLAÐIÐ

MITSUBISHI RALLY REYKJAVIK
30. alþjóðarallið á Íslandi - 13. til 15. ágúst 2009
HEKLA
FRUMHERJI HF
Lítið inn - skoðið - kíkið á - forvitnist
PERLAN
Í tilefni 30 ára afmælis alþjóðarallsins á Íslandi verðum við í Perlunni 10. til 16. ágúst



## SUMAR
SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR

# Til sjávar og sveita

Hverjum Íslendingi er hollt að kynna sér undirstöðuatvinnugreinar landsins. Sérstaklega hafa ungmenni gott af því að dýfa hendi í kalt vatn fiskikara eða reka kýr til mjalta.

Þar sem fjármálamarkaðurinn er hættur að teljast með stend ég nokkuð vel að vígi varðandi þetta heilræði. Ung að aldri vann ég eitt sumar í fiski fyrir vestan. Líkaði alveg stórvel að standa við færibandið og skera þorsk, ýsu, grálúðu, karfa og ufsa. Síðastnefnda fiskinn var skemmtilegast að vinna með, grálúðan var svo feit að hún eyðilagði hanskana á skömmum tíma en þorskinn hef ég aldrei getað borðað síðan. Best man ég eftir pásunum klukkan tíu þegar glumdi í hátalarakerfinu: „Velkomin í morgunleikfimi, við byrjum á skíðagöngu.“ Í Íshúsinu lærði ég að vinna, standa í annan endann í átta tíma á dag sextán ára gömul, og fá borgað eftir afköstum.

Kýr eru maddömur. Það þýðir ekkert að nálgast þær með æðibunugangi eða koma fram við þær af vanvirðingu.

Almennum sveitastörfum hafði ég þó lítið komið nálægt. Fór reyndar í sveit eitt sumar eftir fermingu. Dróst þangað vegna einlægs hestaáhuga en var mest í því að passa börn. Kýr voru ekki á bænum og því hafði ég litla reynslu af umgengni við þær. Það breyttist nú síðustu helgi þegar fjölskyldan ákvað að gerast kúahirðir hjá vinafólki sínu í sveitinni þar sem voru 22 mjólkandi kýr. Þessa tvo daga komst ég að nokkrum merkilegum staðreyndum:

Kýr eru maddömur. Það þýðir ekkert að nálgast þær með æðibunugangi eða koma fram við þær af vanvirðingu. Þær krefjast virðingar og mjúkra handa. Það þýðir ekki að gaufast eitthvað af vankunnáttu, þá fær sá hinn sami illt augnaráð og jafnvel spark að launum.

Kýr eru vanafastar. Þær vilja alltaf fara inn á sama tíma, hafa sinn eigin bás og sömu rútínu á hlutunum. Ef eitthvað fer úr skorðum verða þær æstar og láta ekki að stjórn.



Kýr skíta … mikið. Undirrituð fékk það hlutverk að fylgja hverri kú út úr fjósinu eftir mjaltir og átti að sjá til þess að þær skitu ekki á ganginn á leiðinni. Það tókst aldrei.

Kýr fara í manngreinarálit. Þegar ókunnugir koma í fjósið líst þeim illa á. Hvað þá þegar þessi ókunnuga manneskja ætlar að fara að nálgast þær og vilja eitthvað upp á dekk við mjaltir.



● **Forsíðumynd:** Nodicphotos Getty Images **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveg Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



**VATN ER HOLLT** eins og flestir vita. Meðal annars minnkar mikil vatnsdrykkja líkur á hjartaáfalli, lagar höfuðverk og hreinsar líkamann.



Alls kyns vélar verða til sýnis, allt frá tvíþekjum úr fyrra stríði upp í nútíma þotur.



Vel er tekið á móti yngstu kynslóðinni.

# Flugvélaflotinn á loft

● Kristinn Ingi Pétursson hefur haft áhuga á fjarstýrðum flugvélum frá því hann var drengur. Nú er hann meðlimur í Flugmódelfélagi Akureyrar sem stendur fyrir mikilli sýningu í dag.

„Ég byrjaði í sportinu 2006, en hafði dreymt um þetta síðan ég var krakki,“ segir Kristinn Ingi Pétursson, áhugamaður um fjarstýrðar flugvélar og stjórnarmeðlimur í Flugmódelfélagi Akureyrar. Félagið stendur fyrir árlegri flugkomu á Melgerðismelum, við Flugstöð Þórunnar hyrnu, í dag.

Reiknað er með að þátttakendur verði fimmtíu talsins en Kristinn segir um það bil 250 manns stunda þetta áhugamál hérlendis. „Þarna verða flugmódel af öllum gerðum, allt frá tvíþekjum úr fyrra stríði til nútíma þotna sem fljúga hraðar en hljóðið. Við munum tjalda öllu til. Áhorfendur verða alls ekki sviknir.“

Að sögn Kristins verða vélarnar á bilinu 50 til 60 og sumar engin smásmíði. „Algengt er að vænghafið sé á bilinu einn og upp í þrjá metra,“ bendir hann á og bætir við að meðal annars stærðarinnar vegna líti félagsmenn á módelin sem ósviknar flugvélar. „Af þeirri ástæðu teljum við okkur vera alvöru flugmenn. Enda segja útlærðir flugmenn sem hafa prófað módelin að þeim sé sumpartinn erfiðara að fljúga en flugvélum í fullri stærð.“

Rétt eins og hjá raunverulegum flugfélögum fá ekki nema reyndir flugmenn að taka í vélarnar á sýningunni og eingöngu þær sem hafa verið samþykktar í skoðun hjá félaginu teljast flughæfar. „Svo er net sem skilur að áhorfenda- og flugsvæðið enda viðbúið að mikill fjöldi flugvéla sveimi um loftin blá.“

Hluti fjarstýrðu vélanna gengur fyrir bensíni og segir Kristinn eigendur þeirra ekki hafa farið varhluta af hækkun á eldsneytisverði. „Þetta er orðið dýrt, enda sumir að eyða allt að 20 lítrum á mánuði. Nokkrir hafa snúið sér að rafmagnsvélum, það kostar minna að reka þær á ársvísu og svo eru þær líka umhverfisvænni.“



Kristinn reiknar með að yfir eitt þúsund manns mæti í dag. MYND/ÚR EINKASAFNI

Kristinn segir uppákomur félagsins vel sóttar og býst við yfir 1.000 gestum í ár, en síðast mættu um 300 manns. „Við bjóðum alla velkomna, einkum yngstu kynslóðina. Þetta hefst klukkan 9 og stendur langt fram eftir degi. Svo verða veitingar seldar frá 10 til 17,“ segir hann hress.

*- rve*




## Í FERÐALAGIÐ

# Ófreskjur og ópíumsmygl





Ég horfi nú aðallega á þetta vegna allra sætu strákanna, eða sjónrænu ánægjunnar eins og fræðikonan Laura Mulvey orðaði það,“ segir Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur um sjónvarpsþættina Supernatural, sem hún mælir óhikað með í sumarbústaðinn. „Aðalpersónurnar eru tveir bræður sem hafa það að atvinnu, eða markmiði skulum við segja, að leita uppi alls kyns óvætti og þá helst yfirnáttúrulegar. Þetta er mjög skemmtileg hrollvekja.“

Bláa lótusinn tæki Úlfhildur helst með sér í ferðalagið enda þeirrar skoðunar að þar sé á ferð einstaklega vel heppnuð myndasaga. „Er ekki tilvalið að taka með sér bók um Tinna sem er nú alltaf á ferðinni,“ spyr hún og hlær. „Í þessari bók er Tinni staddur í Kína, aðallega Sjanghæ, þar sem hann hindrar meðal annars ópíumsmygl og gagnrýnir heimsvaldastefnu Vesturlanda en á ritunartíma bókarinnar var Kína ekki orðið að heimsveldi.“




Beðin um að mæla með góðri tónlist stingur Úlfhildur upp á öllu með Jeff Who? „og reyndar öllum hljómsveitunum sem litli bróðir (Þormóður Dagsson) er hættur í. Ég er enn að syrgja þá staðreynd að hann skuli hafa yfirgefið tónlistarheiminn og bara rétt vona að það vari ekki lengi,“ segir hún.

# ego dekor



-70%

Oleandro stækkanlegt borð
Beyki
Stærð: 120cm(180cm)X120cm
Verð áður: 86.000,-
VERÐ NÚ: 25.800,-

RIO stóll
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð áður:
14.800,-
Verð nú:
10.360,-



-30%



-20%

Leðurstóll
Eingöngu í hvítu leðri
Verð áður:
19.800,-
Verð nú:
15.840,-



-30%

Skápasamstæða
Hvíttuð eik-svart gler
Verð áður: 238.000,-
VERÐ NÚ: 166.600,-



-25%

TV skenkur
Br: 180cm
Fáanlegur í hvítu og svörtu háglans
Verð áður: 98.000,-
Verð nú: 73.500,-



-25%

TV skenkur með ljósi
Br: 200cm
Fáanlegur í natural og hvíttaðri eik
Verð áður: 89.000,-
Verð nú: 53.400,-



-40%

TV skenkur
Br: 200cm
Fáanlegur í hvítu og svörtu háglans
Verð áður: 106.000,-
Verð nú: 79.500,-

## ÚTSALAN ER HAFIN 20-70% AFSLÁTTUR

PLANET tungusófi
Stærð: 290x160cm
Verð áður:
256.000,-
Verð nú:
179.200,-



-30%

CLAY leðursófasett
3ja sæta - Verð áður:
145.000,-
Verð nú:
108.750,-
2,5 sæta - Verð áður:
129.000,-
Verð nú:
96.750,-



-25%

Stóll - Verð áður: 79.000,-
Verð nú: 59.250,-



-20%

YORK tungusófi
Stærð: 280x190cm
Færanleg tunga
Verð áður:
245.000,-
Verð nú:
196.000,-



-20%

GRANDO tungusófi
Stærð: 230x157cm
Færanleg tunga
Verð áður:
168.000,-
Verð nú:
134.400,-

CLAY leðurhornsófi
Stærð: 216x216cm
Verð áður: 252.000,-
Verð nú:
189.000,-



-25%

AIR tungusófi
2 mynstraðir púðar fylgja
Stærð: 297x155cm
Verð áður:
238.000,-
Verð nú:
166.600,-



-30%

**Opið mán-fös: 10.00-18.00**
**Opið um helgina: lau: 10.00-18.00 - sun: 13.00-18.00**

**Ego Dekor - Bæjarlind 12**
**S: 544 4420 - www.egodekor.is**



● **FRÁ UMHVERFISSTOFNUN** „Heimilt er að tína ber, sveppi, fjörugróður og aðrar jurtir en ef tínt er í miklum mæli innan eignarlanda þarf til þess leyfi. Heimilt er að tína ber og jurtir á þjóðlendum og afréttum. Athugið að nokkrar jurtir sem vaxa í íslenskri náttúru eru fágætar og friðaðar og óleyfilegt er að skerða þær."









Krækiber eru núna orðin fullþroskuð víðast hvar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Berjamór fyrir borgarbúa



● Það eru ekki allir sem komast í stórkostlegu berjalöndin á Vestfjörðum þetta sumar eða á Austurlandi. Það þarf þó ekki að örvænta því í nágrenni borgarinnar má finna feiknagóð berjalönd.

### HVERT SKAL HALDIÐ?

Góð berjalönd eru að sögn sérfræðinga svo mörg og góð á Íslandi að óþarfi er að haga sér eins og berjasvæðið sem maður uppgötvaði sé hernaðarleyndarmál. Nóg er til handa öllum.

**Heiðmörk** þykir ágætis berjaland. Ef búið er að tína mikið þar sem þú kemur skaltu halda innar í mörkina.

**Hraunið meðfram Reykjanesbrautinni** – sérstaklega í nágrenni Grindavíkur. Hvassahraun þykir þar gott.

**Grímsnesið og Grafningur.** Berjalönd þar þykja góð.

**Hvalfjörður** og þá sérstaklega Brynjudalur sem gengur inn af Hvalfjarðarbotni þykir gott berjaland.

**Selvogur.** Margt fallegt að skoða í leiðinni – svo sem Strandakirkju.

**Nesjavallaleið.** Þar má alltaf finna berjalönd meðfram öðru hvoru.

**Hafravatn.** Berjalönd þar í kring.

Gleymið ekki að athuga í kringum bústaðinn þar sem þið dveljið hvort ekki megi nýta svæðið í kring og tímann í berjatínslu.

### HVAÐ SKAL TAKA MEÐ?

**Ílát** undir berin með góðu loki. Í þetta má nýta gamlar málningarfötur, stórar Machintosh-dósir, Tupperware-box og jafnvel potta, krúsir eða box utan af matvælum ef þú ert staddur í bústað og berjatínsla kemur upp sem óvænt hugmynd. Þar skiptir hugmyndaflugið máli.



Svæðið í kringum Selvogskirkju er eitt af góðum berjalöndum í nágrenni Reykjavíkur.



NORDICPHOTOS/GETTY

Bláber eru rándýr í búðunum svo það er um að gera að láta ekki ókeypis náttúruafurðir framhjá sér fara nú í ágúst. Úr þeim má síðan gera bökur og annað góðgæti.



**Nesti.** Það er ómögulegt að gleyma góðu nesti því enginn vill þurfa að keyra í miðri tínslu eftir orku. Hér er sérstaklega mælt með heitu súkkulaði og heimasmurðum samlokum.

**Mjúkar buxur** sem eru örlítið þykkar til að vernda hnén.

**Berjatína** ef fólk kýs þá aðferð frekar en handtínslu.

**Útvarpstæki** með batteríi (útvarpssagan í berjamó er snilld).

**Grifflur** getur verið þægilegt að hafa ef kalt er. Fingurnir ná ekki góðu taki á berjunum með vettlingum sem ná alveg yfir puttana.

**Regnslá** og annar aukafatnaður ef veður breytist.

### HVERNIG SKAL GEYMA?

**Fryst í lausu.** Sniðugt er að nota gömul box undan ís eða slíkt. Enn sniðugra er að setja smjörpappír milli berjalaga í boxinu, þá er auðveldara að þíða smærri skammta í staðinn fyrir að allt fari í eina frostklessu.

**Sulta.** Ótrúlega einfalt og svo má líka frysta sultuna ef fólk kýs. Kíló af berjum á móti kíló af sykri er gamla reglan.

Þeir í hollustunni geta minnkað hlutfallið í 800 g af sykri á móti kíló af berjum. Sumir nota þurrkaða ávexti, agavesýróp, hrásykur, hlynsýróp, hunang og annað og minnka þannig sykurmagnið enn frekar.

**Söft.** Góðar uppskriftir eru til dæmis víða á internetinu og í bókum.

**Alls kyns bakstur.** Má þar nefna bláberjamuffins, krækiberjahlaup, bláberjaostakökur og margt fleira.

*- jma*



**ÓLAFUR INGI JÓNSSON** verður með leiðsögn um sýninguna Falinn fjársjóður: Gersemar í þjóðareign í Listasafni Íslands á sunnudaginn. Leiðsögnin hefst klukkan 14. Ólafur mun sérstaklega fjalla um málverk Kjarvals, Hvítasunnudag.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Útsalan hafin!
Stærðir 0-14 ára
Nucleo
remember to play



Skipholti 29b • s. 551 0770

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki




RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Maggý og Eva eru við öllu búnar ef það skyldi rigna í göngunni. MYND/SMÁRI ÞRASTARSON

# Litrík helgi fram undan

**Þær Eva Björk Guðmundsdóttir og Margrét Dan Þórisdóttir eiga skemmtilega helgi fyrir höndum og hefst hún vitanlega í gleðigöngunni. Þær munu þó fara sér hægt enda er Eva að því komin að eiga.**

Eva Björk Guðmundsdóttir og Margrét Dan Þórisdóttir, eða Maggý eins og hún er kölluð, láta sig ekki vanta í gleðigönguna í ár frekar en fyrri ár.

„Við byrjum á að hitta vinkonur okkar á Hlemmi þar sem má fá yfirsýn yfir atriðin og búningana en ætlum svo að finna góðan stað á Laugaveginum til að fylgjast með. Ég er nefnilega komin rúmar 35 vikur á leið og ætla því að fara mér hægt," segir Eva en hún og Maggý eiga von á frumburðinum níunda september. „Í kvöld er okkur svo boðið í árlega veislu til vinkvenna okkar en þar verður öllu tjaldað til og flaggað í öllum regnbogans litum."

Eva segir mikla tilhlökkun fylgja Hinsegin dögum enda margir vinir og kunningjar sem koma saman. „Hátíðin teygir sig nú yfir á marga daga með alls kyns viðburðum. Má þar nefna stelpu- og strákaböll, regnbogamessu og fleira. Ég er ekki jafn virk og áður en við ætlum þó að líta inn á Barböru á sunnudag þar sem vinkona okkar er að spila."

Hvað meðgönguna varðar segist Eva hafa verið hraust og er hún enn að vinna, sem vörustjóri hjá Sjóvá. „Við erum orðnar mjög spenntar og get ég uppljóstrað því að von er á enn einni stelpunni á heimilið. Ég á þó bágt með að trúa því að hún hitti á settan dag og fái kennitöluna 090909 en það væri flott." Eva segist ánægð með nýlega lagabreytingu sem gerir samkynhneigðum pörum kleift að fara í tæknifrjóvgun hér á landi og getur ekki beðið eftir því að fá afraksturinn í hendurnar.

*vera@frettabladid.is*


Starfið felst í sölu og ráðgjöf á auglýsingum í Fréttablaðið.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi reynslu af sölustörfum og er reynsla af auglýsingasölu á fjölmiðlum æskileg. Viðkomandi þarf að vera heiðarlegur og ábyrgur, úrræðagóður og með góða þjónustulund.

Launakjör eru árangurstengd og hér er því gott tækifæri fyrir metnaðarfullt fólk.

Umsóknarfrestur er til 14. ágúst. Frekari upplýsingar veitir Jón Laufdal, jonl@frettabladid.is. Sótt er um á vef 365 miðla - 365midlar.is/storf-hja-365.

Fréttablaðið er dagblað í frídreifingu. Blaðið hóf göngu sína árið 2001 og er útbreiddasta og mest lesna dagblað landsins. Fréttablaðið er prentað í yfir 90.000 eintökum og dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Fjölmörg fylgirit og sérblöð koma út með Fréttablaðinu.

Sölu og markaðsfulltrúi
365 miðlar óska eftir öflugum sölu- og markaðsfulltrúum

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.

## Leikskólar Garðabæjar auglýsa eftir starfsfólki

**LUNDABÓL**
Deildarstjóri og sérkennslustjóri

**BÆJARBÓL**
Leikskólakennari á eldri deild

**Umsóknarfrestur er til 24. ágúst 2009**
Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á vef Garðabæjar.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Fræðslu- og menningarsvið

## Barnafataverslun

Í boði er fjölbreytt og skemmtilegt framtíðarstarf sem felst í afgreiðslu, þjónustu við viðskiptavini og öðru sem til fellur s.s. framsetningu í verslun og vörumóttöku. Um 90-100% starf er að ræða.

Leitað er eftir jákvæðum og skipulögðum einstaklingi sem býr yfir frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, söluhæfileikum og þjónustulund. Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg.

**Umsóknareyðublöð eru í verslununum í Kringlunni og Smáralind.**

POLARN O. PYRET
**Kringlan - Smáralind**

## Nú er tækifæri

Deloitte leitar að efnilegu starfsfólki á Endurskoðunarsvið og í Áhættuþjónustu.
Við erum leiðandi þekkingarfyrirtæki sem býður sveigjanlegan vinnutíma, gott starfsumhverfi og metnaðarfulla alþjóðlega endurmenntun.
Taktu skref til framtíðar – líttu inn á www.deloitte.is og leitaðu nánari upplýsinga.

www.deloitte.is

Deloitte.

RAMBØLL

## RAFMAGNSVERKFRÆÐINGAR

Ramböll er leiðandi þekkingarfyrirtæki innan verkfræðinnar á Norðurlöndum og á þeirra vegum starfa í dag um 8000 starfsmenn í um 20 löndum, en megin starfsemi er í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Stóra-Bretlandi. Heildarvelta fyrirtækisins er rúmlega 5 milljarðar norskra króna.

Ramböll í Stavanger veitir þverfaglega ráðgjöf á bygginga- og skipulagssviði, starfsmenn í dag eru um 40. Hjá fyrirtækinu er blandaður hópur sérfræðinga, sterkir og reynslumiklir verkfræðingar sem og yngri, hugmyndaríkir og ferskir nýliðar.

Gegnum dótturfélagið Ramböll Aros a.s. er í boði arkitekta- og skipulagsþjónusta.
Hjá Ramböll Arosa a.s. eru 32 starfsmenn. Sameining þessara fyrirtækja stendur fyrir dyrum.

Nánari upplýsingar má finna á www.ramboll.no

Vegna aukinna verkefna óskar Ramböll eftir að styrkja starfslið fyrirtækisins á rafmagnssviði og ráða rafmagnsverkfræðinga til starfa í Stavanger.

**Starfssvið**
- Hönnun raflagnakerfa
- Hönnunarstjórn
- Þátttaka í faglegri þróun innan sviðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í rafmagnsverkfræði
- A.m.k. 5-7 ára fagleg starfsreynsla
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar
- Faglegur áhugi og metnaður til að ná árangri í starfi

**Ramböll býður uppá ýmsa starfsþróunarmöguleika**
- Ramböll rekur sína eigin endurmenntunardeild
- Þú getur lært af samstarfsmönnum í þverfaglegu starfsumhverfi
- Þú færð stuðning og endurgjöf frá samstarfsmönnum innanlands sem utan
- Þú getur flutt þig yfir á önnur svið, byggingastjórn, verkefnastjórn eða eignaumsjón

Hjá Ramböll er lögð áhersla á óformlegt, opið og gott félagslegt vinnuumhverfi sem endurspeglast í sameiginlegu félagslífi. Sumir mála, aðrir taka ljósmyndir, enn aðrir spila fótbolta og "Rambölleme" leika undir dansi.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna B. Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23.ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Spennandi nám í alþjóðlegu umhverfi

## Keflavíkurflugvöllur ohf.

Keflavíkurflugvöllur ohf. tók við rekstri Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. 1. janúar 2009. Félagið var stofnað til að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarins og flugstöðvarinnar.

Félagið annast einnig flugleiðsöguþjónustu og þjónustu við flugrekendur, rekstur verslana með tollfrjálsar vörur og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar auk þess að sjá um hagnýtingu flugvallarins í þágu öryggis- og varnarmála.

Starfsemi Keflavíkurflugvallar skiptist í sex svið: Fjármálasvið, flugvallarsvið, flugleiðsögusvið, flugverndarsvið, viðskiptasvið og rekstrarsvið. Fríhöfnin ehf. er dótturfélag Keflavíkurflugvallar ohf. og sér um rekstur fríhafnarverslana í flugstöðinni. Starfsmenn félaganna eru 400 og áætluð velta á fyrsta starfsári er ríflega tíu milljarðar króna.

KEF
KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

## Keflavíkurflugvöllur ohf. óskar eftir nemum í flugumferðarstjórn

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Gerð er krafa um að umsækjandi hafi lokið viðurkenndu grunnnámi í flugumferðarstjórn.
- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á íslenskri og enskri tungu.
- Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum, vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa óflekkað mannorð.
- Umsækjandi þarf að geta hafið nám í lok ágúst.

Umsóknarfrestur er til 17. ágúst og umsóknum skulu fylgja afrit af skirteinum og öðru því er máli skiptir við mat á umsækjendum.

Umsóknum skal skilað rafrænt inn á heimasíðu Keflavíkurflugvallar www.kefairport.is/atvinna.

Upplýsingar um námið veitir Haraldur Ólafsson framkvæmdastjóri flugleiðsögusviðs í síma 425-6000.

FOSSHÓTEL
Vinalegri um allt land

## Fosshótel Skaftafell auglýsir eftir starfsmönnum í almenn störf.

Almenn störf eru herbergisþrif, þjónusta í veitingasal, móttaka og aðstoð í eldhúsi.

Um er að ræða tímabundin störf eða fram til 31. október 2009

**Hæfniskröfur:**
Þjónustulund og umhyggjusemi
Gestrisni og sveigjanleiki
Áhugi og dugnaður
Vingjarnleiki
18 ára lágmarksaldur

**Upplýsingar veitir hótelstjóri,**
Erna Dís í síma 478-1945 eða ernadis@fosshotel.is



## Sölu- og markaðsstjóri

MERCK SERONO

Frá 1. október nk. mun öll starfsemi Merck á Íslandi vera hjá Icepharma. Í því samhengi leitum við að sölu- og markaðsstjóra til að hafa umsjón með starfsemi Merck.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- háskólamenntun í heilbrigðisvísindum
- reynsla og þekking á lyfjamarkaði
- reynsla og þekking á sölu- og markaðsstarfi
- fagmennska, jákvæðni, sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum
- gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli

**Starfið felur m.a. í sér:**

- ábyrgð á markaðs- og sölustarfsemi Merck á Íslandi í samvinnu við höfuðstöðvar Merck á Norðurlöndunum, sem eru í Stokkhólmi
- ábyrgð á áætlanagerð og eftirfylgni
- þátttöku í fundum og ráðstefnum heima og erlendis
- markaðssetningu og kynningar á lyfjum fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk

**Við bjóðum:**

- fjölbreytt og spennandi starf í krefjandi umhverfi
- faglega og persónulega þjálfun heima og erlendis
- gott starfsumhverfi og fjölskylduvæna starfsmannastefnu

Merck er alþjóðlegt fyrirtæki með um 33.000 starfsmenn í 59 löndum. Merck er elsta lyfjafyrirtæki í heimi og leggur áherslu á að vera leiðandi í þróun lyfja við krabbameini, taugasjúkdómum, innkirtlasjúkdómum, sjálfsofnæmis- og bólgusjúkdómum og ófrjósemi.

Umsóknarfrestur er til 18. ágúst, 2009. Umsóknir skal senda á netfangið: margret@icepharma.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri á framangreindu netfangi.

icepharma

Icepharma er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu- og markaðsetningu á lyfjum, heilbrigðisvörum og lækningatækjum. Fjöldi starfsmanna er rúmlega 70. Icepharma er skipað hæfu starfsfólki með mikla þekkingu á íslenskum lyfja-og heilbrigðismarkaði. Það á að baki langan starfsaldur og hefur margþætta menntun á sviði lyfja- og hjúkrunarfræði.

VR Fyrirmyndarfyrirtæki 2007 · 2008 · 2009

Fyrirmyndarfyrirtæki VR

Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · www.icepharma.is




512 50 50
Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Störf í grunnskólum

Etirtalin störf eru laus til umsóknar:

***Lækjarskóli***

Skólaliði óskast til starfa við íþróttahús skólans.

Áhugasamir karlar og konur hafi samband við skrifstofu Lækjarskóla í síma 5550585 eða sendi póst á netföngin haraldur@laekjarskoli.is eða halla@laekjarskoli.is .

***Setbergsskóli***

Óskar eftir:

- Stærðfræðikennara í unglingadeild – 50 % starf
- Námsráðgjafa í 60 % starf

Uplýsingar gefur skólastóri í síma 5651011 eða á netfangi maria@setbergsskoli.is

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

BECROMAL
ALUMINIUM FOIL FOR ELECTROLYTIC CAPACITORS

# INNKAUPA- OG LAGERSTJÓRI

Becromal Iceland ehf. óskar eftir að ráða innkaupa og lagerstjóra í aflþynnuverksmiðju fyrirtækisins á Akureyri.

**Starfssvið**
- Stjórnun innkaupa
- Lagerstjórnun
- Umsjón með flutningum til og frá verksmiðju
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Reynsla af uppbyggingu lagers
- Reynsla af verkbókhaldi
- Þekking á vélum æskileg
- Reynsla af samskiptum við innlenda og erlenda birgja
- Skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Um er að ræða starf hjá fyrirtæki í uppbyggingu, framleiðsla mun hefjast í haust. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Fyrirtækið verður vottað skv. ISO 9001 og stefnt er að umhverfisvottun.

Umsjón með starfinu hafa Sigríður Ólafsdóttir (sigridur.olafsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14.ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



# *Viltu vera í okkar liði?*

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 10 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

MEDIS

Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja sem selja lyf undir eigin vörumerkjum.
Á meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki í Evrópu. Medis er með starfsemi í átta löndum og rúmlega 70 starfsmenn. Hjá Medis er stefnt að því að vera fyrst á markað með ný samheitalyf um leið og einkaleyfi falla úr gildi.

## *Sérfræðingur – Finance & Administration*

Starfið felur í sér ábyrgð og umsjón með uppgjöri vegna virðisaukaskatts skráninga Medis í Evrópu. Um er að ræða utanumhald á uppgjörum og tengdri skýrslugerð vegna virðisaukaskatts í löndum innan Evrópusambandsins. Starfið felur í sér mikil samskipti og samvinnu við aðrar deildir Medis og fjármálasvið Actavis Group auk samskipta við erlenda viðskiptamenn, framleiðendur og önnur fyrirtæki innan Actavis Group samstæðunnar.

Við leitum að einstaklingi sem er með mikla reynslu af bókhaldi og þekking á virðisaukaskattsmálum er kostur. Æskilegt er að viðkomandi sé með viðskiptafræðimenntun. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum og mjög góð enskukunnátta er skilyrði.

## *Verkefnastjóri í skráningaferladeild*

Starfið tilheyrir skráningarsviði Actavis Group og felur í sér undirbúning og innsendingu skráningarumsókna innan Evrópusambandsins. Verkefnastjóri tekur þátt í mótun skráningarstefnu og ber ábyrgð á að fylgja henni eftir þar til markaðsleyfi fæst ásamt því að endurnýja markaðsleyfi eins og við á. Um er að ræða krefjandi starf í spennandi umhverfi. Starfið felur í sér mikil samskipti við evrópskar lyfjastofnanir, ráðgjafa og viðskiptavini.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf á sviði raunvísinda, sem er sveigjanlegur og með góða samstarfshæfileika. Gerð er krafa um góða enskukunnáttu, góða tölvukunnáttu, nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Reynsla af verkefnastjórnun er mikill kostur.

## *Starfsmaður í móttöku Actavis Group*

Starfið tilheyrir þjónustuborði Actavis Group og í því felst m.a. að taka á móti gestum, undirbúa og ganga frá eftir fundi, hafa umsjón með ritfangalager og hraðsendingum auk þess að sjá um innkaup á veitingum o.fl. Jafnframt sinnir starfsmaður í móttöku ýmsum skrifstofustörfum og öðrum tilfallandi verkefnum.

Við leitum að samviskusömum og vandvirkum einstaklingi með ríka þjónustulund og skipulagshæfni. Stúdentspróf eða sambærilegt er æskilegt auk þess sem viðkomandi þarf að búa yfir góðri íslensku- og enskukunnáttu sem og tölvukunnáttu.

## *Cognos Planning sérfræðingur*

Starfið tilheyrir IT- Management Information Systems deildar innan Actavis Group sem fæst við hönnun lausna fyrir áætlunargerð og gerð stjórnendaupplýsinga. Starfið felst í hönnun, viðhaldi og skjölun á Cognos Planning módelum fyrir ýmsar viðskiptalausnir innan fyrirtækisins.

Við leitum að einstaklingi sem er með viðskiptafræði, tölvunarfræði eða sambærilega menntun, sem er sveigjanlegur og með góða samstarfshæfileika. Gerð er krafa um góða enskukunnáttu, nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Reynsla af Cognos Planning er mikill kostur.

Nánari upplýsingar veitir **Erla Hrönn Diðriksdóttir**, edidriksdottir@actavis.com.
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **17. ágúst nk**.

actavis

Actavis Group Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði t 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com

Íslandsbanki

# Sérfræðingur
## hjá Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka veitir viðskiptavinum ráðgjöf í tengslum við endurskipulagningu, kaup eða sölu á fyrirtækjum. Einnig veitir Fyrirtækjaráðgjöf ráðgjöf við skráningu fyrirtækja á markað, hlutafjárútboð, yfirtökutilboð eða afskráningu félaga af markaði.

Vegna aukinna umsvifa hjá Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka leitum við að öflugum liðsmanni í samhentan hóp.

Helstu verkefni:

- Verðmat og greining á fyrirtækjum
- Gerð kynningargagna
- Samskipti við forsvarsmenn fyrirtækja og hagsmunaaðila
- Þátttaka í öðrum verkefnum deildarinnar

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði æskileg
- Frumkvæði og geta til að vinna undir álagi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Halla Sigrún Hjartardóttir, forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka, sími 440 4532, netfang: halla@islandsbanki.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 16. ágúst næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is.

## Vélsmiðja Konráðs Jónssonar sf
## Helluhrauni 20, 220 Hafnarfjörður

Vegna mikillar vinnu framundan vantar okkur 2-3 vana járnsmiði í vinnu. Þeir sem hafa öll tilskilin réttindi ganga fyrir. Um er að ræða nýsmíði á handriðum og stigum.
Gerðar eru kröfur um vandvirkni og stundvísi.

**Vinsamlega sendið upplýsingar á e-mail: kjgj@simnet.is**

## Okkur vantar strax kennara í stærðfræði.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Um 100% starf er að ræða.
Allar upplýsingar gefur aðstoðarskólameistari í síma 570 5600 og gsm 896 1808.

**Skólameistari**

**Austurbergi 5 • 111 Reykjavík • Sími 570 5600**
**Símbréf 567 0389 • Tölvupóstur: fb@fb.is • www.fb.is**

## Tækifæri til atvinnusköpunar.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Landsvirkjun eru að huga að framtíðarrekstri á sundlauginni í Þjórsárdal. Svæðið býður upp á mikla möguleika, er staðsett í hjarta Þjórsárdals. Þar er heitt og kalt vatn í talsverðu mæli. Við leitum að áhugasömum aðilum til uppbyggingar á svæðinu. Veitum ykkur frekari upplýsingar og sínum ykkur staðinn ef áhugi er á. Vinsamlegast hafið samband við Gunnar á skrifstofu Skeiða- og núpverjahrepps í síma 486-6014.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Landsvirkjun

# Viljum bæta við okkur eldklárum, handlögnum, úrræðagóðum, þaulreyndum, mannblendnum, röggsömum, samviskusömum, bráðsnjöllum og skemmtilegum bifvélavirkjum.



Fíton/SÍA

## HEKLA - BIFVÉLAVIRKJAR Á BÍLASVIÐI

HEKLA er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á bílum og vélum með það að leiðarljósi að veita úrvals þjónustu og ráðgjöf.

Bílasvið HEKLU flytur inn og þjónustar eftirtalin vörumerki; Volkswagen, Audi, Skoda, Volkswagen atvinnubíla og Mitsubishi. Á undanförnum mánuðum hafa gríðarlegar breytingar átt sér stað í þjónustudeildum bílasviðs en markmið breytinganna var að aðgreina verkstæði hvers vörumerkis til þess að efla þjónustu og bæta aðgengi fyrir viðskiptavini félagsins.

Við leitum að fagmenntuðum og reynslumiklum bifvélavirkjum. Boðið er upp á skemmtilegan vinnustað, úrvals aðstöðu til viðgerða og viðhalds, gott tæknilegt umhverfi ásamt miklum möguleikum á þjálfun og endurmenntun. Á verkstæðum HEKLU er unnið eftir gæðakerfi sem byggir á Volkswagen Group og ISO 9001:2000 stöðlum. Gæðakerfið er vottað af faggiltum aðilum.

Bifvélavirki á bílaverkstæði hefur það hlutverk að greina, finna úrlausnir og vinna við viðgerðir á verkstæðinu.

Ábyrgð og verkefni

- Öll almenn viðhalds- og viðgerðarvinna
- Meðhöndlun bilanagreininga
- Deila þekkingu með starfsfélögum
- Framfylgja öllum öryggisreglum og gæðakröfum framleiðenda

Hæfniskröfur

- Fullgild réttindi og reynsla af starfi sem bifvélavirki
- Góð almenn ensku- og tölvukunnátta
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á símenntun í greininni og vilji til að kynna sér tækninýjungar

Vinnutími á verkstæðinu er frá kl. 8:00 - 16:00.
Allir starfsmenn HEKLU eru hvattir til að sýna frumkvæði, metnað og vilja til að ná árangri í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur B. Jónsson, þjónustustjóri bílasviðs (obj@hekla.is)
Hægt er að senda inn umsóknir í gegnum heimasíðu HEKLU www.hekla.is eða til Valdísar Arnórsdóttur, starfsmanna- og gæðastjóra (va@hekla.is)

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**

HEKLA

das HRAFNISTA

Hrafnista Hafnarfirði

## Hjúkrunarfræðingar

Laus er staða hjúkrunarfræðings á næturvaktir frá 1. september n.k. Starfshlutfall samkomulag.

Laus er staða hjúkrunarfræðings á kvöld- og helgarvaktir. Starfshlutfall samkomulag.

**Upplýsingar gefur Alma Birgisdóttir í síma 585-9500, 693-9564 eða email alma@hrafnista.is.**



## Getum bætt við nemendum í nokkra bekki.

Landakotsskóli er traustur og framsækinn grunnskóli fyrir nemendur í 1. – 10. bekk, auk 5 ára deildar. Boðið er upp á góða kennslu í litlum bekkjum og notalegu umhverfi.

**Upplýsingar um skráningu veittar í síma 5108200.**

LANDAKOTSSKÓLI
Stofnsettur 1896

NÚTÍMALEGUR SKÓLI Á GÖMLUM GRUNNI



## GRUNNSKÓLAR GARÐABÆJAR

Laus störf skólaárið 2009-2010

**Flataskóli**
- Stuðningsfulltrúi í 50% starf skólaárið 2009-2010

**Hofsstaðaskóli**
- Grunnskólakennari v. fæðingarorlofs í 100% starf til 20. janúar 2010
- Leiðbeinandi í 40% starf skólaárið 2009-2010

Umsóknarfrestur er til 16. ágúst nk.

Upplýsingar um störfin eru á vef Garðabæjar

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Fræðslu- og menningarsvið





## Organisti og kórstjóri

Óháði söfnuðurinn auglýsir eftir organista og kórstjóra við kirkju Óháða safaðarins.

Í kirkjunni er 8 radda gott orgel og við kirkjuna starfar metnaðarfullur kór. Skipaður góðu söngfólki. Við óskum eftir organista og kórstjóra sem hefur færni, áhuga og metnað til að taka þátt í og móta öflugt og þróttmikið helgihald og tónlistarlíf. Á verksviði organista verður m.a. að spila við guðsþjónustur í kirkjunni, æfa og stjórna kór kirkjunnar og leika undir í bænastundum o.fl.

Starfshlutfall er 50%. Einnig að hafa forystu í tónlistarmálum kirkjunnar í samráði við safnaðarprest, safnaðarstjórn og kór kirkjunnar.
Áhersla verður lögð á að skapa organista og kórstjóra hlýtt og gott starfsumhverfi og áhugaverðar starfsaðstæður.

Upplýsingar um starfið veita núverandi kórstjóri Kári Allansson í síma 863 7277 og Guðrún Halla Benjamínsdóttir formaður safnaðarstjórnar í síma 694 4274.

Umsóknarfrestur er til 23.ágúst en gert er ráð fyrir að nýr organisti og kórstjóri taki til starfa sem fyrst.

Safnaðarstjórn
Óháða safnaðarins.



# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144



```
using System;
using System.Collections.Generic;
using System.Text;

namespace D3.Programming
{
    class Umsokn
    {
        //The person that reads this
        private Person Umsaekjandi = "You";
        //Skills
        if (Umsaekjandi.Programmingskills.C# || Umsaekjandi.Programmingskills.OtherSimilar)
        { //Independent && likeable
          if(Umsaekjandi == Person.Independent && a == Person.Likeable )
          { //Interested ?
            if (Umsaekjandi.Interested)
            { //Contact D3
                Umsaekjandi.Goto (´´www.d3.is´´(D3));
            }
          }
        }
    }
}
```



## STÖRF VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

WWW.HR.IS

### HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK AUGLÝSIR FIMM STÖRF Í STOÐÞJÓNUSTU SKÓLANS LAUS TIL UMSÓKNAR

**Bókasafns- og upplýsingafræðingur:** Starfið felst í upplýsingaþjónustu, notendafræðslu og kynningum. Menntunar- og hæfniskröfur eru próf í bókasafns- og upplýsingafræði, góð tölvu- og tungumálakunnátta, þekking og áhugi á rafrænum upplýsingum. Reynsla af notendafræðslu og/eða annarri kennslu er kostur. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem hefur ánægju af samskiptum, sýnir frumkvæði og er sveigjanlegur, skipulagður og sjálfstæður í starfi.

**Rafeindavirki:** Starfið felst í viðgerðum og viðhaldi á rannsóknatækjum, kennslutækjum og öðrum rafeindabúnaði. Starfsvettvangur er annars vegar í tækni- og verkfræðideild, og hins vegar í miðlægri tölvu- og tækniþjónustu skólans. Leitað er að einstaklingi með sveinspróf eða meistarapróf í rafeindavirkjun, haldgóða reynslu af sambærilegum störfum og mikinn áhuga á að læra nýja hluti og veita góða þjónustu í kröfuhörðu og síbreytilegu háskólaumhverfi.

**Deildarfulltrúi:** Starfið felst í upplýsingagjöf, þjónustu og samskiptum við nemendur og kennara tækni- og verkfræðideildar. Deildarfulltrúi ber ábyrgð á samskiptum við ákveðna hópa nemenda og kennara, en starfar einnig náið með ýmsum stoðdeildum innan HR. Leitað er að einstaklingi með háskólapróf (BA eða BSc), góða tölvukunnáttu, öguð og skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og hæfni til að forgangsraða og áhuga á að stuðla að enn betra námsumhverfi í tækni- og verkfræðigreinum.

**Þjónustufulltrúi:** Starfið felst í þjónustu við viðskiptavini, verkefnastjóra og kennara í Opna háskólanum. Meðal verkefna eru stofubókanir, pöntun veitinga, ljósritun og frágangur námsefnis, símsvörun og aðstoð við uppfærslu kynningarefnis. Leitað er að þjónustuglöðum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur ánægju af samskiptum og hefur tileinkað sér fagmennsku í öllum vinnubrögðum. Starfið gerir kröfu um góða tölvukunnáttu, og æskilegt er að umsækjandi hafi stúdentspróf og nokkurra ára reynslu af vinnumarkaði.

**Verkefnastjóri:** Starfið er tímabundið starf við FagMennt Opna háskólans í HR. Verkefnastjóri ber ábyrgð á þróun, sölu, framkvæmd og eftirfylgni með diplómanámi Opna háskólans auk annarra lengri námslína. Leitað er að einstaklingi með háskólapróf (BA eða BSc), góða tölvukunnáttu, öguð og skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og hæfni til að forgangsraða auk þess að hafa auga fyrir sóknarfærum á sviði þekkingarmiðlunar.

Umsóknir skulu sendar á netfangið appl@ru.is fyrir 20. ágúst, merktar viðkomandi starfi, og skulu innihalda kynningarbréf, starfsferilskrá, mynd og upplýsingar um umsagnaraðila. Nánari upplýsingar um störfin veitir Ásta Bjarnadóttir framkvæmdastjóri mannauðs- og gæðamála (asta@ru.is).

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Akademískar deildir skólans eru fimm auk Opna háskólans: Kennslufræði- og lýðheilsudeild, Lagadeild, Tölvunarfræðideild, Tækni- og verkfræðideild og Viðskiptadeild. Nemendur eru um 3000, en starfsmenn skólans eru yfir 500 í 270 stöðugildum. Skólinn býður upp á um 750 námskeið á ári, þar af á þriðja hundrað á meistarastigi. Gildi skólans eru metnaður, snerpa, áræðni og heilindi.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

SELTJARNARNESBÆR

## Grunnskóli Seltjarnarness – Valhúsaskóli

Óskum eftir að ráða skólaliða til starfa við unglingadeild Grunnskóla Seltjarnarness.

**Upplýsingar um starfið veitir Þorvaldur H. Skaftason í síma 5959-250 /822-9125**

## Afgreiðslustarf

Álafoss Mosfellsbæ vill ráða hressa og atorkusama manneskju til starfa í verslun sína í Mosfellsbæ. Vinnutími er frá 09-18 alla virka daga og tilfallandi helgarvinnu. Æskilegt er að hún hafi kunnáttu í prjónaskap og einhverja tungumálakunnáttu.

**Umsókn með mynd sendist á addi@alafoss.is fyrir 11. ágúst.**

## ATVINNA ÓSKAST

### Lögmaður - hlutastarf

Lögmaður með víðtæka starfsreynslu óskar eftir hlutastarfi við lögfræðistörf. Til greina kemur t.d. starf fyrir fyrirtæki, stofnun eða félagasamtök. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

**Áhugasamir sendi nafn/síma á logstarf@gmail.com.**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

» Ráðningarþjónusta

# Veitingastjóri

Veitingastaðurinn Pítan óskar eftir að ráða ábyrgan og metnaðarfullan einstakling í starf veitingastjóra kvöld- og helgarvakta. Unnið er á tvískiptum vöktum 2 daga aðra vikuna og 5 daga hina. Um 65% starf er að ræða.

### » Starfssvið

- Þátttaka í almennum störfum
- Starfsmannastjórnun
- Ábyrgð á þjónustu og gæðum á sinni vakt

### » Hæfniskröfur

- Skipulagshæfileikar
- Leiðtogahæfileikar
- Rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Dugnaður og metnaður í starfi

Starfið hentar ekki síður konum en körlum.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá HH Ráðgjöf Ráðningarþjónustu í síma **561 5900.** Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu HH Ráðgjafar **www.hhr.is**

pítan

Pítan er rótgróinn veitingastaður með yfir tveggja áratuga farsæla sögu.

Lagður er metnaður í að veita góða þjónustu og bjóða uppá úrvalsmat úr besta hráefni.

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is




# Framtíðarstörf hjá Alcoa Fjarðaáli

## Sérfræðingur á rannsóknastofu

Við leitum að sérfræðingi á rannsóknastofu álvers Alcoa Fjarðaáls. Viðkomandi þarf að hafa menntun á sviði efnafræði. Reynsla af störfum á rannsóknastofu er æskileg.

Starfið er fjölbreytt og felst meðal annars í að greina sýni og miðla niðurstöðum rannsókna, hafa eftirlit með tækjum og búnaði á rannsóknastofu, taka þátt í að þróa verkferli fyrir rannsóknavinnu og þjálfa starfsfólk í notkun rannsókna-búnaðar.

## Véliðnaðarmenn

Við leitum að véliðnaðarmönnum til að sinna viðhaldi tækja í álveri Alcoa Fjarðaáls. Notkun og viðhaldi tækjanna er stýrt í samræmi við raunverulegt ástand þeirra og markmiðið er að tryggja fullkominn áreiðanleika. Unnið er í teymum og verkefnin eru fjölbreytt. Áhersla er lögð á frumkvæði og stöðugar endurbætur. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

**Umsóknarfrestur fyrir þessi störf er til og með 23. ágúst.**

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu störfum, hafðu þá samband við Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent í síma 540 1000 eða netfangið tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

Alcoa Fjarðaál
www.alcoa.is

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 46923 08/09

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Framkvæmdastjóri lækninga

Starf framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala er laust til umsóknar. Starfið er tímabundið til eins árs og veitist frá 1. október 2009. Um fullt starf er að ræða. Næsti yfirmaður er forstjóri Landspítala.

Landspítali er stærsti vinnustaður landsins þar sem þjónusta við sjúklinga, menntun heilbrigðisstétta og vísindarannsóknir eru lykilhlutverk.

Framkvæmdastjóri lækninga er yfirlæknir Landspítala. Framkvæmdastjóri lækninga er læknisfróður forsvarsmaður spítalans og skal sjá til þess að lækningar séu ávallt í samræmi við lög, stefnu og markmið spítalans, gæðaviðmið og viðurkennda þekkingu. Framkvæmdastjóri lækninga er einn tólf framkvæmdastjóra Landspítala.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

» Læknir með sérfræðileyfi
» Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfileikar
» Reynsla af þróunar- og rannsóknarvinnu
» Frumkvæði og áræðni til að taka þátt í umbótastarfi
» Mikil samskiptahæfni og jákvætt viðmót

Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst 2009. Umsóknum fylgi upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af kennslu-, vísinda- og stjórnunarstörfum, ásamt ljósriti af birtum greinum og útdráttum sem umsækjandi hefur ritað eða átt þátt í.

Umsóknargögn berist í tvíriti til skrifstofu forstjóra, Landspítala, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík. Eitt eintak nægir ef gögn eru send rafrænt.

Upplýsingar um starfið veitir Björn Zoëga, framkvæmdastjóri lækninga, í síma 543 1160 eða 824 5560, netfang bjornz@landspitali.is.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Frekari upplýsingar um ábyrgðarsvið og almennar kröfur til stjórnenda á Landspítala eru á vef Landspítala, www.landspitali.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands. Sótt er um starf rafrænt með því að smella á „sækja um". Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, mannauðssviði Eiríksgötu 5 og á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Landspítala við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

# VÖRUSTJÓRI
# LOGISTICS MANAGER

**Preggioni óskar eftir að ráða vörustjóra (logistics manager) í sínar raðir.**

Um nýtt og spennandi starf er að ræða hjá Preggioni. Áhersla er lögð á að viðkomandi starfsmaður hafi mikla og góða reynslu af "logistics" ásamt því að viðkomandi starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**
Vörustjóri ber meðal annars ábyrgð á þáttum er varða flæði íhluta, vöru og upplýsinga hjá Preggioni í samvinnu við samstarfsaðila. Grunnur starfsins er skipulag, stjórnun og umsjón vegna viðskiptaþjónustu sbr. pantanir, innkaup, lager, flutningar, vöruhús, öryggi og dreifing.

**Eiginleikar sem þú þarft meðal annars að hafa**
- Háskólamenntun og alþjóðleg reynsla í vörustjórnun.
- Frammúrskarandi hæfni í ensku ( viðskiptaenska ).
- Reynsla í samninga / áætlanagerð.
- Sveigjanleiki, frumkvæði og aðlögunarhæfni.
- Hæfni í Þýsku, Frönsku og eða Spænsku er kostur en ekki skilyrði.

**Um Preggioni**
Preggioni er Íslenskt vöru hönnunarfyrirtæki í einkaeigu með aðsetur í Reykjavík og í miklum alþjóðlegum vexti.

Viðskiptavinir Preggioni eru dreifingar- og smásalar um allan heim.



**Fyrsta vara Preggioni er Magneat™, sjá nánar á www.magneat.com**

**Umsóknarfrestur er til 20. Ágúst, 2009**
Fyrirspurnir / umsóknir skulu sendast á netfangið; **dadi@preggioni.com**

PREGGIONI | Laugavegur 49 · 101 Reykjavík
Iceland · www.preggioni.com



# SÖLUSTÖRF

**Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða metnaðarfullt sölufólk í verslanir Intersport.**

**Reynsla af sölustörfum æskileg.**

**Lágmarksaldur 25 ára.**

Umsóknir sendist á gunnar@intersport.is
Umsóknarfrestur er til 31. ágúst.

100% SPORT

INTERSPORT®

GT

Rauðhellu 1 - 221 Hafnarfjörður - Sími 580 16 00 Fax 580 16 01
gtv@gtv.is - www.gtv.is

**óska eftir vönum vélamanni og bílstjóra.**
**Upplýsingar veitir Sigurjón í síma 772 6111**

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti þriggja saksóknara við embætti sérstaks saksóknara laus til umsóknar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið auglýsir laus til umsóknar embætti þriggja sjálfstæðra saksóknara við embætti sérstaks saksóknara, sem starfar skv. lögum um embætti sérstaks saksóknara nr. 135/2008 með síðari breytingum. Saksóknarar við embætti sérstaks saksóknara eru ákærendur skv. lögum um meðferð sakamála og fara jafnframt með lögregluvald skv. lögreglulögum. Miðað er við að skipað verði í stöðurnar eigi síðar en 1. október nk.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara, að því undanskildu að heimilt er að skipa einstakling eldri en 70 ára. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af saksóknara- og/eða lögmannsstörfum. Dómara skal veitt leyfi frá störfum, verði hann skipaður. Sérstakar reglur gilda um skipunartíma hinna sjálfstæðu saksóknara sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 135/2008 með síðari breytingum.

Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, eigi síðar en 26. ágúst 2009. Ráðuneytið mun leita umsagna um umsóknirnar frá embætti sérstaks saksóknara og settum ríkissaksóknara í málum sem til rannsóknar eru hjá embætti sérstaks saksóknara. Nánari upplýsingar um störfin veitir Þórunn J. Hafstein settur ráðuneytisstjóri í síma 545 9000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
7. ágúst 2009.

**Auglýsingasími**
**512 50 50**
– Mest lesið

MOSFELLSBÆR

# Mosfellsbær

Laus störf til umsóknar skólaárið 2009-2010.

### LÁGAFELLSSKÓLI

**Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND eru höfð að leiðarljósi?**

**Starfsfólk óskast** í Frístundasel allt að 50% starf. Vinnutími frá kl. 13:00. Starfsfólk í ræstingu. Vinnutími ýmist frá kl. 13:00 eða frá 17:00.

Laun samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags. Umsóknir sendist á netföngin johannam@lagafellsskoli.is og efemia@lagafellsskoli.is
**Upplýsingar veita:** Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 8968230 og Efemía Gísladóttir skólastjóri í síma 6185149. Við hvetjum karla jafnt sem konur til þess að sækja um. Umsóknarfrestur er til 23. ágúst.
Vertu með!

### VARMÁRSKÓLI

**Leikskólakennari óskast** í 80% starf næsta haust við leikskóladeildskólans (gæti orðið 100% á næstu vikum). Deildin starfar í nánu samstarfi við grunnskólann. Næsta vetur verður samstarf við leikskólann Hlíð og lögð verður m.a. áhersla á útivist, sköpun og umhverfismennt. Leitað er að áhugasömum einstaklingi, sem er reiðubúinn til að taka þátt í þróunarstarfi og nýbreytni í skólastarfi.

**Nánari upplýsingar veitir** Steinunn Geirdal aðstoðarleikskólastjóri í síma 694-7383, netfang: steinunn@varmarskoli.is

**Þroskaþjálfi óskast** til starfa í 80% stöðu til að vinna með einhverfum nemendum og nemendum með annarskonar sérþarfir. Þroskaþjálfi starfar í teymi með sérkennurum. Upplýsingar veitir Þóranna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri í síma 525-0700 / 899-8465, netfang: thoranna@varmarskoli.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# GRUNNSKÓLAR GARÐABÆJAR

## Skólabyrjun haustið 2009

Grunnskólar Garðabæjar verða settir mánudag 24. ágúst.

Skólasetning fyrir nemendur í 2. - 10. bekk og boðun 1. bekkinga er auglýst á heimasíðum skólanna. Þar eru einnig upplýsingar um upphaf kennslu og innkaupalista.

Deildarstjóri skóladeildar

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Fræðslu- og menningarsvið

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

RAFLIST
Löggildir rafverktakar
Getum bætt við okkur allari
Almennri raflagnavinnu,
Nýlagnir og viðaldsvinnu.
Uppl.i s. 823-8860 & 696-0502
www.raflist.is

## Trésmíði

**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

## Önnur þjónusta

ÚRVALS GRÓÐURMOLD, HELLUSANDUR OG GÖNGUSTÍGAEFNI. AFREITT Á BÍLA OG KERRUR. KAMBUR EHF GEIRLANDI V/ SUÐURLANDSVEG S. 8920111 5543918 kamburehf@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Hágæða sláttutraktórar



Garden Combi sláttutraktór
STIGA
Vetrarsól ehf.
Askalind 4 - Kópavogi - Sími 564 1864



7 blóm myndir, krónur 770.000.000.000.000.000.000.000,00. Krónur. Edda. S: 552 5880.



Hringstigi til sölu. Hæð 265 Þvermál 120. Uppl. í s. 898 2125.

Dollarar til sölu. Uppl. s. 863 8892.

Skjalaskápar á braut til sölu. Stæðan er 380cm x 210 x 105 cm. samt. 50m hillupláss. upl. 847-2464

Rafmagnstúpa frá Rafhitun. Árgerð 05. Með neysluvatnsspíral og fylgihlutum. 18kW. Uppl. í síma 8985524

## Óskast keypt

Óska eftir ódýrum ísskáp með frystir. Uppl. í s. 663 5315.

Óska eftir að kaupa CD, DVD diska, PS2 leiki og vínyl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

Í tilefni af tímamótunum verður þátturinn ríflega tvöfalt lengri en venjulega. Gísli ræðir þar við Jón Björnsson, landvörð á Hornströndum, sem gengur 600 kílómetra á ári út og suður um Hornstrandir á fimmtán ára gömlum gúmmístígvélum. Ester Rut Unnsteinsdóttir, forstöðumaður Melrakkaseturs Íslands, ræðir um heimskautarefinn sem lifir góðu lífi í friðlandinu og svo tekur Gísli hús á mæðgunum Birnu Pálsdóttur og Hrólfi Vagnssyni sem dvelja sumarlangt í gamla Læknishúsinu á Hesteyri.



**Á HORNSTRÖNDUM** Gísli Einarsson og Freyr Arnarson myndatökumaður á Hornströndum þar sem sér niður í Miðvík í Aðalvík.

# Skemmtilegt Sumar á Selfossi



Hátíðin Sumar á Selfossi verður haldin nú um helgina. Hátíðin er nú haldin í fjórtánda sinn og hefur Knattspyrnufélag Árborgar annast hátíðahöld síðustu sex ár. Dagskráin hófst í gær með Olísmótinu í 5. flokki karla í knattspyrnu.

Í dag hefst dagurinn með hópgöngu á Ingólfsfjall klukkan átta að morgni. Þá verður boðið upp á veglegt morgunverðarhlaðborð í íþróttasal Vallaskóla klukkan níu. Meðal annarra dagskrárliða á laugardag má nefna bíla- og tækjasýningu við íþróttahúsið, kassaklifur og markað í íþróttahúsi Vallaskóla. Boðið verður upp á leisertag og peintboll, trúbadorapartí á Kaffi krús, listflug og margt fleira. Ingó og Veðurguðirnir halda síðan sérstaka barnatónleika í Hvíta húsinu klukkan 16.

Sléttusöngurinn fer nú í fyrsta sinn fram í bæjargarðinum við Sigtún klukkan 21.30. Árni Johnsen sér um hann af sinni alkunnu snilld.

Glæsileg flugeldasýning verður á bökkum Ölfusár en kvöldinu lýkur með balli í Hvíta húsinu þar sem Ingó og Veðurguðirnir ásamt Á móti sól spila fyrir dansi.

Ætlunin er að öll hverfi Selfoss verði skreytt með sérstökum litum og því ljóst að skemmtileg stemning mun myndast við það.

Á sunnudaginn heldur Olísmótið áfram. Messa er í Selfosskirkju klukkan 11 en boðið upp á súpu og brauð í safnaðarheimilinu að henni lokinni. Klukkan ellefu er leiðsögn um myndlistarsýninguna Ferjustaður í Hellisskógi.

Hátíðinni lýkur með verðlaunaafhendingu við lok Olísmótsins klukkan 14.30.

# Kerruhlaup til heilsubótar

„Þetta er alhliða æfingakerfi sem byggir upp styrk og þol, auk þess sem með þessu fæst samvera með krökkunum og góð útivist,“ segir Melkorka Árný Kvaran sem hefur ásamt Höllu Björgu Lárusdóttur innleitt nýjung til landsins, svokallað kerrupúl, að bandarískri fyrirmynd sem hefur náð vinsældum vestan hafs.

Markmiðið með kerrupúli er eins og fyrr sagði að byggja upp styrk og þol og byggjast æfingar meðal annars upp á armbeygjum, kraftgöngu og skokki utandyra. „Já, við skokkum með kerrurnar,“ segir Melkorka hlæjandi og fullvissar blaðamann um að börnunum stafi engin hætta af. „Nei, enda með belti og svo er þetta alls ekkert maraþon.“

Halla fékk þá hugmynd að kynna þetta æfingakerfi fyrir landsmönnum þegar hún flutti heim eftir sex ára búsetu í Bandaríkjunum. Hún fékk Melkorku til liðs við sig, sem er íþróttakennari og matvælafræðingur að mennt og þær eiga samanlagt sjö börn á aldrinum eins til fjórtán ára. En verður ekki kalt í haust og vetur? „Nei, maður klæðir sig bara eftir veðri, þótt við sjáum kannski til hvernig fer í mesta kuldanum í vetur,“ segir Melkorka.



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Kerrupúl byggist meðal annars á styrktar- og þolæfingum.

Fyrsta námskeið hefst á mánudagsmorgun klukkan 10. „Við hittumst við inngang Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, þar sem við verðum að æfa í Laugardalnum,“ segir Melkorka.

Nánar á www.kerrupul.is og skráning á kerrupul@kerrupul.is.

---



*Þökkum auðsýnda samúð og virðingu við andlát og útför,*

## Jóns H. Björnssonar

Ásgarði 125, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarþjónustu Karitas og líknardeildar Landspítala í Kópavogi fyrir einstaklega góða umönnun.

**Elín Þorsteinsdóttir**
**Sigríður Lóa Jónsdóttir** **Sigurður Ingi Ásgeirsson**
**Gunnlaugur Björn Jónsson** **Kristrún Jónsdóttir**
**Ingibjörg Svala Jónsdóttir** **Ólafur Ingólfsson**
**Sigrún Jónsdóttir**
**Björn Þór Jónsson**
**Elísa Ólöf Guðmundsdóttir** **Vignir Kristjánsson**
**Þorsteinn Ágúst Ólafsson** **Sandra Shobha Kumari**
**Árni Björnsson**
**og barnabörn.**

---



*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Ágúst Guðmundsson

bifreiðastjóri og ökukennari,
Norðurbrú 5, Garðabæ,

áður að heimilis Ásgarði 149, Reykjavík, lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 24. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 11. ágúst kl. 13.00.

**Robert John Severson**
**Margrét Ágústsson** **Aðalsteinn Ólafsson**
**Kristján Ágústsson** **Stefanía Sara Gunnarsdóttir**
**Ágúst Björn Ágústsson** **Þórdís Björg Kristinsdóttir**
**Bjarni Ágústsson** **Þórdís Lára Ingadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Fréttablaðið biðst afsökunar á mistökum í tilkynningu sem birt var 07/08/09.

---



*Okkar ástkæri,*

## Jón Steinarr Árnason,

Finnsstöðum Eiðaþinghá,

lést á heimili sínu föstudaginn 31. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Systkinin og fjölskyldur.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Ingunnar Helgu Hallgrímsdóttur

áður til heimilis í Sæborg, Glerárhverfi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Dvalarheimilinu Hlíð fyrir kærleiksríka umönnun og einstakan hlýhug.

**Hallgrímur Gísli Friðfinnsson** **Anna Lísa Jóhannesdóttir**
**Sóley Rannveig Friðfinnsdóttir**
**Skúli Friðfinnsson** **Margrét Anna Hjaltadóttir**
**Þórdís Friðfinnsdóttir** **Bergþór Ragnarsson**
**Brynja Friðfinnsdóttir** **Viðar Þorleifsson**
**Edda Friðfinnsdóttir** **Guðjón Stefánsson**
**Hrönn Friðfinnsdóttir** **Þengill S. Stefánsson**
**Jóhannes B. Long**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,*

## Friðrik Pétursson

fv. kennari, Borgarholtsbraut 20,
Kópavogi,

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 30. júlí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 14. ágúst kl. 15.00.

**Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttir**
**Ríkharður H. Friðriksson**
**Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir**
**Kristín Helga Ríkharðsdóttir.**

---



*Móðir okkar,*

## Lára Vilhelmsdóttir

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 22. júlí sl. Útförin fer fram mánudaginn 10. ágúst nk. í Bústaðakirkju kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á ABC barnahjálp.

**Ingþór Friðriksson**
**Hallbera Friðriksdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför,*

## Hreiðars G. Viborg

Hraunvangi 3, Hafnarfirði, áður
Barmahlíð 34.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunarheimilis Vífilsstaða.

**Jóna Helgadóttir**
**Helgi Þór Viborg** **Hildur Sveinsdóttir**
**Guðmundur Viborg**
**Sigríður María Hreiðarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



*Þökkum auðsýnda hlýju og vinarhug við andlát og útför ástkærs bróður okkar,*

## Hallgríms Helgasonar

Tröllagili 14, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki lyfjadeildar FSA.

**F.h. aðstandenda**
**Sigurlaug Helgadóttir**
**Björg Helgadóttir**
**Páll Helgason**

---



*Okkar ástkæri,*

## Björgvin Þór Guðmundsson

Langagerði 122, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 27. júlí sl. Útförin fór fram frá Digraneskirkju þann 6. ágúst sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Áss styrktarfélags, fyrir frábæra umönnun og aðstoð, einnig læknum og hjúkrunarfólki lungnadeildar Landspítala.
Megi minningin um góðan dreng lifa.

**Ingibjörg Sveinbjörnsdóttir**
**Svanhvít Hannesdóttir** **Helgi Valmundsson**
**Guðmundur Björgvinsson**
**Rúnar Guðmundsson** **Sigrún Lilja Jónasdóttir**
**Birna Guðmundsdóttir** **Þorvaldur Aðalsteinsson**
**Árni Guðmundsson** **Hugrún Aðalsteinsdóttir**
**Hannes Guðmundsson**
**Hilma Guðmundsdóttir** **Jónas Jónasson**
**Sólveig Guðmundsdóttir** **Hlynur Bragason**
**Vilborg Helgadóttir** **Sverrir Gunnarsson**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Kristín Þórsdóttir

frá Bakka í Svarfaðardal, Mímisvegi 10,
Dalvík,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 1. ágúst. Jarðsungið verður frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 14. ágúst kl. 13.30; jarðsett verður að Tjörn.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæra eiginmanns, föður tengdaföður, afa og langafa,*

## Rögnvaldar Björnssoar

byggingameistara, Berjarima 3.

**Þorbjörg Hulda Þorvaldsdóttir**
**Katrín Rögnvaldsdóttir** **Gunnar Hannesson**
**Björn Rögnvaldsson** **Olga Hafberg**
**Þorvaldur Birgir Rögnvaldsson** **Andrea Robertson**
**Jóna Kristín Rögnvaldsdóttir** **Gunnar Guðbjörn Gunnarsson**

**barnabörn og barnabarnabarn.**

# Óska eftir að kaupa

**íslensk enskt lingapon tungumála námskeið.**

Sem er útgefið ár 1976, 1977 eða 1978 en ekki English Course. En útgáfuárið er auðfundið í bókum sem fylgja.

**Upplýsingar í síma 865 7013.**

**Ég borga 25.000 kr. fyrir námskeiðið**

# Kvöldskóli BHS

**haustönn 2009**

**Innritun í málmiðnadeild kvöldskóla Borgarholtskóla verður eftirtalda daga:**

**föstudag 14. ágúst kl. 17 - 19**

**laugardag 15. ágúst kl. 11 - 14**

Námið er tilvalið fyrir þá sem ætla í sveinspróf í málmiðngreinum og sem valgreinar með öðru námi. Í boði eru allir áfangar í rennimíði, aflvélavirkjun og áfangar fyrir blikksmiði og bíliðnamenn. Einnig eru boðnar allar suðugreinar: MIG / MAG, TIG, logsuða og rafsuða.

| Fagbóklegt efni | | Teikningar | |
|---|---|---|---|
| EÐL - 102 | eðlisfræði | GRT - 103 | grunnteikning |
| MRM - 112 | rafmagnsmælingar | GRT - 203 | grunnteikning |
| RAT - 112 | rafeindatækni | ITM - 213 | inventor/iðnteikning |
| RÖK - 102 | rökrásir | TTÖ - 102 | tölvuteikning |
| REN - 341 | rennismíði bókleg | | |
| REN - 441 | rennismíði bókleg | | |
| **Verklegt og fagbóklegt** | | | |
| AVV-103/203 | bóklegt/verklegt | REN-103/203 | verkleg rennism. |
| HSU-102/212 | verkleg suða | REN-344/443 | verkleg rennism. |
| LSU-102/202 | verkleg suða | REN - 543 | verkleg rennism. |
| RSU-102/202 | verkleg suða | | |
| HSU - 232 | verkleg suða | | |
| HVM - 103/203 | verkleg handavinna | | |
| PLV - 102 | verkleg plötusmíði | | |

**Upphaf kennslu:** mánudag 24. ágúst frá 18:10 - 22:30

**Lok kennslu:** mánudaginn 30. nóvember

Ath.: Áfangar geta fallið niður náist ekki nægur fjöldi nemenda í hópa
Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans: www bhs.is

# Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál




REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

**Hringdu í síma**

**512 50 60**

**ef blaðið berst ekki**









NOKKUR ORÐ
Alma Guðmundsdóttir

# Fullkomnlega sammála Brad Pitt

Ég gladdist mjög yfir því að lesa brot af viðtali við Brad Pitt í nýjasta tölublaði tímaritsins Parade. Eins og við var að búast var hann spurður út í samband sitt við Angeline Jolie. Þegar talið barst að hjónabandi útilokaði hann ekki að þau myndu gifta sig einn daginn, en þó ekki fyrr en það verður löglegt fyrir alla að ganga í það heilaga. Þá vísar hann til þess að Proposition 8 hafi verið samþykkt í Kaliforníu, tillagan um bann á hjónaböndum samkynheigðra.

Pitt segist ekki hafa nokkurn skilning á slíku hatri og trúir því að allir eigi að hafa sömu réttindi. Þá viðurkenndi hann að hafa fengið hatursbréf frá sértrúarsöfnuðum sem gagnrýna hann fyrir skoðun sína. Hann sagðist ekki botna í fólki sem vill meina að hjónabönd samkynheigðra splundri fjölskyldum og særi börn því hann hefur notið þeirra forréttinda að sjá samkynhneigða vini sína verða foreldra og ala upp börn sín í ástríku umhverfi.



Í gær var grein á visir.is um að Ameríska sálfræðingafélagið sé á móti því að geðheilbrigðisstarfsfólk ráðleggi samkynhneigðum skjólstæðingum sínum að breyta kynhneigð sinni, því „fátt bendi til þess að hægt sé að breyta kynhneigð homma og lesbía og slík meðferð geti verið skaðleg“. Vissulega verður að teljast jákvætt að félagið gefi frá sér þessa yfirlýsingu, en á sama tíma er svo sorglegt að fólk hafi einhvern tíma haldið að þetta væri hægt, gagnlegt eða siðferðislega rétt og hafi trúað því að samkynhneigð sé „val á lífsstíl“.

Ég gæti allavega ekki verið meira sammála ummælum Pitts og held í gleðigönguna í dag með bros á vör.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÍSLENSKA / SIA.IS / NAT 46920 08/09
Stolt

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**Kryddpían fyrrverandi, Victoria Beckham** hefur gefið í skyn að hún ætli að fórna tónlistarferlinum og snúa sér alfarið að nýju fatalínunni sinni sem hefur fengið afbragðs viðtökur. Einnig hefur hún endurnýjað samning sinn við Emporio Armani um að vera andlit fyrirtækisins í undirfataauglýsingum.



# stíll

utlit@frettabladid.is

**Dásamlega** þægilega og flotta snúna hettupeysu frá E-label, Laugavegi.





**Svala derhúfu** fyrir ágústregnið frá Girl and the Gorilla. Fæst í Kisunni, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...




**Besta baugabana** heims. Þessi er margverðlaunaði hyljari frá Bobbi Brown fáanlegur í mörgum litatónum. Fæst í Kringlunni og Smáralind.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Sara McMahon**

# *Spegill, spegill herm þú mér*

Ég datt fyrir tilviljun inn á vefsíðuna www.lookbook.nu fyrir nokkru síðan. Vefsíða þessi er eins konar fjöldatískublogg og þar getur fólk birt myndir af sér klæddu sínu fínasta pússi. Vilji maður gerast virkur meðlimur þessa tískubloggs þarf annar meðlimur að bjóða manni „inngöngu“. Þegar það hefur orðið að veruleika getur nýliðinn farið að birta myndir af sér og því sem hann klæðist þann daginn.

Meðlimir síðunnar geta gefið hver öðrum hjarta þyki þeim einhver alveg sérstaklega smekklega klæddur, en þar sem þeir hafa aðeins yfir einu hjarta að ráða þarf að vanda valið vel. Sé meðlimur búinn að gefa hjartað sitt þá getur hann samt skilið eftir skilaboð hjá öðrum meðlimum og þannig komið aðdáun sinni á framfæri við viðkomandi.

Meðalaldur meðlima er nokkuð lágur, en fæstir eru komnir mikið yfir tvítugt.

Ég hef nokkrum sinnum lagt leið mína inn á þessa síðu síðan ég uppgötvaði hana fyrst, setið við tölvuna mína, skoðað og dæmt fataval bláókunnugs fólks og á erfitt með að gera upp við mig hvort mér þykir síðan sniðug eða furðuleg. Stundum þykir mér síðan fóstra sérstaka tegund narsissisma, þar sem fólk dáist svo mikið að sjálfu sér að því finnst það knúið til að deila því með umheiminum þannig að allir hinir geti dáðst með þeim. Svo hugsa ég að ef til vill sé ekkert að því að vera svolítið ánægður með sjálfan sig og koma til dyranna eins og maður er klæddur, í orðsins fyllstu merkingu. Þá velti ég því fyrir mér hvort þessi sýniþörf sé einmitt andstæða sjálfsánægju, því eru þessir ómótuðu unglingar ekki fyrst og fremst að falast eftir hrósi og samþykki? Eða gæti þetta verið nútímalegt og netvætt mont? Að þarna safnist fólk saman til að gorta af fallegum flíkum, fullkominni andlitsbyggingu og heilbrigðu hári. Ætli svarið liggi ekki í mannlegu eðli, þetta hefur fylgt okkur allt frá því að vonda stjúpan spurði töfraspegilinn hver í heimi fegurst væri. Nema tölvuskjárinn hefur komið í stað spegilsins og fegursti meðlimurinn þann daginn fær ógrynni stafrænna hjarta því til sönnunar.





**RAUÐ OG LOKKANDI** Líflegur og léttur kjóll frá sumarlínu Soniu Rykiel. Bleikröndóttu sokkarnir gera dressið enn sumarlegra.



**BELLA SÍMAMÆR** Fallegur palliettukjóll á sýningarpalli í París. Sonia hefur mikið notað dökka liti á borð við svart, blátt og brúnt í hönnun sinni og hér bregður hún ekki frá vananum.




Verð kr. 265.000.-

**Rainbow**

Bjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow
með ábyrgð **verð 80.000** **tilboð 58.000**
*meðan byrgðir endast.*

**Hrein fjárfesting ehf**
**Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is**
**Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337**

**www.rainbow.is**


SONIA RYKIEL HEFUR SKAPAÐ SÉRSTAKAN STÍL:

# Drottning prjónsins

Franski hönnuðurinn Sonia Rykiel stofnaði sína fyrstu verslun á Vesturbakkanum í París árið 1968. Sama ár var hún valin „drottning prjónsins“ í Bandaríkjunum. Rykiel hefur í gegnum árin skapað stíl sem þykir með öllu einstakur, en rendur, pallíettur, áletranir og dökkir litir einkenna hönnun hennar. Líkt og forveri hennar, Coco Chanel, hvetur Rykiel konur til þess að innlima hönnun inn í þeirra eigin stíl og persónuleika og ekki hlaupa á eftir tísku hvers tíma.

- sm



**GLAMÚR OG PALLÍETTUR** Dökkir litir og pallíettur.



**Í HÁR SAMAN** Þessi framúrstefnulegi „pels“ ætti ekki að fara fyrir brjóstið á dýraverndunarsinnum.



**HAUSTTÍSKAN** Svartur samfestingur og skemmtileg, röndótt alpahúfa á haust/vetrarsýningu Rykiel í París.

Landsins stærsta

# Skósprengja

SKECHERS
LLOYD
RBK
ara
ecco
PETER KAISER
adidas
PUMA

Lágmark **50%** afsláttur

mán - fös: 11 - 18
lau: 11 - 16
sun: 12 - 16

## Opið alla helgina

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

> **BÝÐUR OFT Í MAT**

Jennifer Aniston er ekkert að skafa ofan af hlutunum í nýjasta tölublaði The Oprah Magazine og segir heimili sitt vera besta veitingastaðinn í Los Angeles. Leikkonan er dugleg að bjóða vinum og vandamönnum í mat og finnst best að borða heima hjá sér. Aniston þarf þó ekki sjálf að hafa fyrir gestunum því hún er með einkakokk sem sér um eldamennskuna.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Kveður Ísland með hörpuspili

Sólveig Thoroddsen hörpuleikari kveður landið með tónleikum á Rósenberg í kvöld, en hún spilar með Rósinni okkar.

Hún segir tónleikana óformlega kveðjutónleika. „Ég er að fara út í nám, til Cardiff í Wales, í Royal Welsh College of Music and Drama.“

Sólveig útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík í vor sem dúx en er þó hógværðin uppmáluð. Sem dúx voru henni allir vegir færir í háskólanámi en hún setur stefnuna á tónlistina enda búinn að læra í níu ár á hörpu. „Ég ætla að reyna það, já.“ Spurð hvort hún eigi ekki ágætis möguleika á því þá svarar hún „jú, jú, svo sem, vonum það bara.“

Sólveig er einnig útskrifuð úr Tónskóla Sigursveins. Auk þess að spila með Rósinni okkar hefur hún tekið að sér sinfóníuhljómsveitarverkefni.

Með flutningunum út flytur Sólveig að heiman. Hvernig er að vera að fara af landi brott? „Það er svolítið sérstakt og ég átta mig ekki alveg á því.“ Er verið að flýja kreppuna? „Nei, nei, ég er ekkert betur stödd í námi erlendis að borga himinhá skólagjöld,“ segir hún og hlær.

Skólinn byrjar í september en Sólveig nýtur dvalarinnar á Íslandi þangað til. Tónleikarnir eru talsvert öðruvísi en skemmtiatriði dagsins, sjálf Gay Pride-gleðigangan með öllu tilheyrandi. „Kannski aðeins,“ segir hún og hlær. „Við erum aðallega að fara að spila írsk þjóðlög, eitthvað líka íslensk og norsk.“ Tónleikarnir hefjast klukkan 21.30. **- kbs**



**RÓSIN ÞEIRRA** Sólveig ásamt Rósinni okkar, en hún kveður bandið með tónleikum í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# 2 Unlimited til Íslands í september

„Ég flutti inn Haddaway í fyrra og það gekk vonum framar þannig að ég ákvað að endurtaka leikinn og fá hljómsveitina 2 Unlimited til landsins. Það tók mig svolítinn tíma að hafa uppi á henni en það hafðist að lokum,“ segir Arnviður Snorrason tónleikahaldari. Hljómsveitin var stofnuð árið 1991 og í þau fimm ár sem sveitin var starfrækt var hún ein vinsælasta danssveit Evrópu.

„Hljómsveitin klofnaði árið 1996 og það er söngkonan, Anita Doth, sem kemur hingað til lands ásamt dönsurum og plötusnúðum. Hún leikur bara gömul 2 Unlimited-lög þannig að þetta verður án efa besta 90‘s-skemmtikvöldið á Íslandi til þessa. Við verðum með reykvélar og „glow-stick“ og svo hvet ég að sjálfsögðu alla til að mæta í sínu fínasta 90‘s-pússi.“ Inntur eftir því af hverju hann telji að 90‘s-tónlistin hafa gengið í endurnýjun lífdaga síðustu ár svarar Arnviður að það sé einföld skýring á því. „Ég held að það sé vegna þess að kynslóðin sem ólst upp við þessa tónlist er sama fólk og stendur í því að skipuleggja næturlífið í Reykjavík í dag. Ætli maður sé ekki svolítið að leita í ræturnar og nostalgíuna og það er það sem gerir þetta svona skemmtilegt.“

Tónleikarnir verða haldnir 5. september á Broadway og verður miðasala auglýst síðar.

**- sm**



**ENGIN TAKMÖRK** Hljómsveitin 2 Unlimited var ein vinsælasta danshljómsveitin á sínum tíma.

# Stórsveit í hljóðveri Hjaltalíns

**Vinsældapopparnir í Hjaltalín eru að taka upp aðra breiðskífu sína. Meðlimir sveitarinnar hafa hertekið Stúdíó Sýrland og í gær naut Hjaltalín aðstoðar rúmlega þrjátíu annarra hljóðfæraleikara.**

„Við erum að taka upp efni fyrir okkar aðra plötu,“ segir Rebekka Bryndís Björnsdóttir, fagottleikari Hjaltalíns. Bandið tekur upp í Stúdíói Sýrlandi þar sem rúmlega þrjátíu manns bættust í hljómsveitina í gær.

„Þetta er alls konar gott fólk. Í hljómsveitinni er mikið af mjög klárum hljóðfæraleikurum og músíköntum, góðum félögum, fólki sem er rosalega gaman að vinna með og spila með. Þetta er mjög skemmtilegt og virkar vel,“ segir Rebekka um liðsaukann.

Hljómsveitin er notuð „í góðri summu af lögum, en það verður ekki öll platan svona. Það stendur til að taka átta lög á þennan hátt. Þetta verður ekki alveg sami hljómurinn. Hann verður svolítið stærri. Fólk verður bara að tékka á þessu.“



**FRÍÐUR FLOKKUR** Högni stýrir hópi tónlistarmanna sem breyta Hjaltalín úr stórsveit í risaband.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hljómsveitarstjórar eru Högni og Viktor en þeir eru söngvari og fiðluleikari Hjaltalíns. Tekið er upp yfir tvo daga, í gær og í dag. Af viðtali blaðamanns við Rebekku að dæma leiðist þeim ekki, en mikil hlátrasköll heyrðust þar sem hljómsveitin var að yfirgefa upptökuhúsnæðið. „Við erum bara þreytt eftir langan vinnudag, þannig að við erum kannski með svolítinn galsa,“ segir Rebekka og hlær. „Þetta gengur vel og er búið að vera skemmtilegt. Það er mjög góð stemning.“ En hvenær kemur svo gripurinn út? „Það er aðeins óvíst í augnablikinu, við erum að skoða það.“

**kolbrun@frettabladid.is**


Stofnaður 1952



Skólaárið 2009 – 2010

Inntökupróf

Þekking Reynsla | Fagmennska Gæði | Úrvalskennarar í klassískum og nútíma listdansi

Listdansskóli Íslands

Rafræn skráning á listdans.is
Inntökupróf í grunnskóladeild fara fram 15. ágúst
9-11 ára kl.11.00.
11-15 ára kl.12.00.

Skólasetning framhaldsdeildar er 19. ágúst kl. 14.00.
Kennsla hefst 20. ágúst.

Frank Fannar Pedersen útskrifaðist úr Listdansskóla Íslands 2008 og hefur störf hjá IT DANSA í Barcelona í haust. Við óskum Frank til hamingju með árangurinn.

Munið frístundarkortin.

Staður: Engjateigur 1 105 Reykjavík

Nánari upplýsingar: www.listdans.is 588 91 88


# Haffi Haff syngur á vagni Jacobsen

„Haffi Haff er líflegur og skemmtilegur performer og þegar við töluðum við hann var hann meira en til í að taka þátt í þessu með okkur,“ segir Ólafur Hjörtur Ólafsson á skemmtistaðnum Jacobsen. Staðurinn verður með sinn eigin vagn í gleðigöngu Hinsegin daga í dag, þar sem plötusnúðarnir Yamaho, Sexy Lazer og DJ Magic munu þeyta skífum og Haffi Haff syngja.

„Haffi verður síðan með „show“ á efri hæðinni í kvöld og E&E Crew verða að spila,“ útskýrir Ólafur sem var um það bil að fara að skreyta vagninn fyrir gönguna þegar blaðamaður náði tali af honum. „Hugarástand Casanova & Frímanns spila í kjallaranum alla nóttina, en hugmyndin er að breyta kjallaranum í svona „gay dungeon“ þar sem fílingurinn verður eins og maður sé að koma inn í búr. Við þurfum samt að redda dóti fyrir það, en vonum að það takist. Þetta á eftir að vera frábær helgi hjá okkur,“ segir Ólafur. **- ag**



**SYNGUR Í GÖNGUNNI** Haffi Haff tekur lagið á vagni Jacobsen í gleðigöngunni í dag.

# Þurftu að nauðlenda

Ashton Kutcher og eiginkona hans, Demi Moore, voru hætt komin á síðasta fimmtudag þegar einkaflugvél Kutchers bilaði. Upp komst um bilun í vélinni skömmu eftir að hún fór í loftið um hádegi og þurfti því að nauðlenda í Las Vegas sex mínútum síðar.

Samkvæmt Twitter-síðu Kutchers ofhitnaði vélin svo fjöldi slökkviliðsbíla var viðbúinn þegar vélinni var lent. Hann sagðist vera þakklátur fyrir að vera á lífi. Atvikið varð þó ekki til þess að koma í veg fyrir að hann hélt út á lífið um kvöldið, en tilefnið var teiti í tengslum við nýjustu kvikmynd Kutchers, Spread.



**HÆTT KOMIN** Ashton Kutcher og Demi Moore voru um borð í einkaflugvélinni sem bilaði og þurfti að nauðlenda í Las Vegas.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 8. ágúst 2009

**➜ Tónleikar**

**14.00** **Ragnar Bjarnason** heldur tónleika ásamt Þorgeiri Ástvaldssyni í Sólheimakirkju í Grímsnesi. Aðgangur er ókeypis.

**21.30** Hljómsveitin **Rósin okkar** flytur írska, norska og íslenska þjóðlagatónlist á Café Rosenberg við Klapparstíg.

**22.00** **Hvanndalsbræður** verða á Græna hattinum, Hafnarstræti 96 á Akureyri.



**➜ Motocross**

Fjórða umferð Íslandsmeistaramótsins í Motocross fer fram í Sólbrekku á keppnissvæði Vélhjólaíþróttaklúbbs Reykjaness, (beygja til hægri af Grindavíkurvegi að Seltjörn og aka í gegnum Sólbrekkuskóg). Keppni hefst kl. 12. Nánari upplýsingar á www.motocross.is.

**➜ Tónlistarhátíð**

Tónlistarhátíðin „Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri“ 7.-9. ágúst. Nánari upplýsingar www.klaustur.is.

**17.00** Flutt verður suðuramerísk efnisskrá með verkum eftir Braga, Villa-Lobos, Brouwer og Guastavino.

**➜ Uppsveitavíkingurinn**

Sterkustu menn landsins mæta til leiks í aflraunakeppninni Uppsveitavíkingurinn, 7 og 8 ágúst. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar og dagskrá er á www.kraftsport.is.

**➜ Dansleikir**

Hljómsveitin **Dalton** verður á skemmtistaðnum Spot við Bæjarlind 6 í Kópavogi.

**Sálin hans Jóns** míns verður í Officeraklúbbnum á Vallarheiði í Reykjanesbæ.

**➜ Handverkshátíð**

Handverkshátíð verður í Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit 7.-10. ágúst. Tískusýningar, námskeið, fyrirlestrar og margt fleira. Dagskrá og nánari upplýsingar á www.handverkshatid.is.

### Sunnudagur 9. ágúst 2009

**➜ Tónleikar**

**16.00** Gítardúettinn **Duo Nor** leikur frumsamið efni og þekktar djassperlur undir áhrifum latín- og sveiflustíls, á tónleikum í Gljúfrasteini, húsi skáldsins.

**17.00** **Roger Sayer** dómorganisti verður með tónleika í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt.

**➜ Tónlistarhátíð**

Tónlistarhátíðin „Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri“, 7.-9. ágúst. Nánari upplýsingar www.klaustur.is.

**15.00** Tónleikar helgaðir íslenskri tónlist eftir Snorra Sigfús Birgisson, Kristin H. Árnason, Sigfús Einarsson, Jón Laxdal o.fl.

**➜ Markaðir**

Markaður verður haldinn að Lónskoti í Skagafirði milli kl. 13 og 17.

**➜ Söguganga**

**11.00** Farið verður í menningar- og sögutengda göngu um Kálfatjarnarsvæði og Almenningsveg og gengið til baka um heiðina. Vegalengd er um 6 km. Lagt af stað frá Kálfatjarnarkirkju kl. 11. Nánari upplýsingar á www.vogar.is

**➜ Skemmtikvöld**

**21.00** Á Rosenberg við Klapparstíg verður haldið Skemmtikvöld þar sem fram koma **Einar Már Guðmundsson**, **Gunnar Þórðason**, **Gunnar Bjarni**, **Johnny and the Rest**, **Toggi Bjarnason 3** og **Hrafnkell Már** og **Rakel María**. Aðgangur er ókeypis.

**➜ Dansleikir**

Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn að Stangarhyl 4 milli kl. 20-23.30. Klassík leikur fyrir dansi.

**➜ Leiðsögn**

**15.00** Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna Safn(arar) sem nú stendur yfir í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga kl. 11-17, fimmtudaga til kl. 21.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


# Costa del Sol & Barcelona

**18. ágúst**

**frá kr. 89.990 í 10 nætur**

**Einstakt tækifæri - 2 perlur í sömu ferð!**



**Ótrúlegt tilboð!**
**10 nætur á Costa del Sol eða 7 nætur þar og 3 í Barcelona!**



## Aðeins örfá sæti í boði!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Costa del Sol 18. ágúst. Í boði eru tveir kostir, þ.e. 10 nátta dvöl á Costa del Sol eða þá að skipta dvölinni og vera viku á Costa del Sol og í 3 nætur í hinni einstöku Barcelona. Í báðum tilfellum er heimflug frá Barcelona (flug frá Malaga til Barcelona er innifalið). Á Costa del Sol er í boði stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókar sæti (og fæðisvalkost) og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Í Barcelona er í boði sértilboð á gistingu á Hotel Aragon *** auk fleiri valkosta. Gríptu þetta einstaka tækifæri og njóttu lífsins á strandparadís í viku og í Barcelona, borginni sem allir elska, í 3 daga. Að velja þriggja nátta dvöl í Barcelona í stað þess að dvelja allan tímann á Costa del Sol kostar frá kr. 12.000 aukalega (ath. verðið er háð flugverði Malaga-Barcelona og getur hækkað án fyrirvara).

**Nánar á www.heimsferdir.is og á skrifstofu í síma 595 1000.**

Verð kr. **89.990**

Netverð á mann, m.v. 2-4 herbergi / stúdíó / íbúð í 10 nætur. Stökktu tilboð 18. ágúst. Aukalega fyrir hálft fæði í 7 nætur kr. 22.000 fyrir fullorðna og kr. 11.000 fyrir börn (í 10 nætur kr. 32.000 fyrir fullorðna og kr. 16.000 fyrir börn). Aukalega m.v. 3 nátta dvöl í tvíbýli á Hotel Aragon í Barcelona kr. 12.000.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



PÍPAR • SÍA • 91082




# Lítið inn til okkar á milli verkefna í sumar



## Velkomin á sýningar Landsvirkjunar:

**Dimmir hratt á draugaslóð** Blöndustöð : **Andlit Þjórsdæla** Búrfellsstöð
**Afl úr iðrum jarðar** Kröflustöð : **Hvað er með Ásum?** Laxárstöð
**List Kristjönu Samper** Ljósafossstöð : **Orkan frá Kárahnjúkum** Végarði

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar**.
Aðgangur er ókeypis.

**Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum í sumar eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.**

Landsvirkjun
Árangur fyrir alla

# Styttist í Jazzhátíð

Margir af fremstu djassleikurum landsins hittust í Gróðurhúsi Norræna hússins fyrir skömmu og spiluðu nokkur lög í tilefni af því að Jazzhátíð Reykjavíkur hefst næstkomandi fimmtudag.

Þar handsöluðu listamenn og forsvarsmenn hátíðarinnar samning um að gera þessa tuttugustu Jazzhátíð Reykjavíkur þá skemmtilegustu frá upphafi. Á fundinum veltu menn jafnframt fyrir sér hvort Gróðurhúsið ætti framtíð fyrir sér sem djasshús Reykjavíkur, enda útsýnið þar eins og best verður á kosið.

Miðasala er hafin á Jazzhátíðina á Midi.is og kostar miðinn í forsölu 8.000 krónur. Hátíðin stendur yfir í tuttugu daga, eða frá 13. ágúst til 1. september. Á síðunni Reykjavikjazz.is má sjá lista yfir þann fjölda listamanna sem stígur þar á svið.



**DJASS Í GRÓÐURHÚSINU** Gítarleikarinn Andrés Þór, Maggi trymbill, Kristján Marteinsson og Andri Ólafsson spiluðu fyrir kollega sína.

# Dylan með jólaplötu

**Goðsögnin Bob Dylan er um þessar mundir að taka upp sína fyrstu jólaplötu. Á plötunni verða bæði hans eigin lög og útgáfur af þekktum jólalögum. Hann hefur þegar tekið upp fjögur lög: Must Be Santa, Here Comes Santa Claus, I´ll Be Home For Christmas og O Little Town of Betlehem.**

**„Að jólaplata frá Bob Dylan sé í undirbúningi kemur mér ekki á óvart,“ sagði Scott Marshall sem hefur ritað ævisögu meistarans. „Í fyrstu hljómar þetta kannski undarlega en ég held að Dylan sé alveg sama hvað öðrum finnst.“**

# John Hughes sárt saknað

**Fjöldi Hollywood-stjarna hefur tjáð sig opinberlega um dauða leikstjórans John Hughes sem lést úr hjartaáfalli á fimmtudag aðeins 59 ára gamall.**






**LEIKSTJÓRINN HUGHES**

**Curly Sue** (1991)
**Uncle Buck** (1989)
**She's Having a Baby** (1988)
**Planes, Trains & Automobiles** (1987)
**Ferris Bueller's Day Off** (1986)
**Weird Science** (1985)
**The Breakfast Club** (1985)
**Sixteen Candles** (1984)

John Hughes var þekktur leikstjóri, framleiðandi og handritshöfundur í Hollywood og átti blómatíma sinn á níunda áratugnum. Á meðal vinsælustu verka hans voru unglingamyndirnar The Breakfast Club, Ferris Bueller´s Day Off og Pretty in Pink, auk þess sem Home Alone, National Lampoons-myndirnar, Planes, Trains & Automobiles og fleiri myndir nutu allar mikilla vinsælda.

„Ég var bæði aðdáandi verka hans og hans sem persónu,“ sagði Macaulay Culkin sem lék í Home Alone. „Heimurinn hefur misst, ekki bara frábæran og áhrifamikinn kvikmyndagerðarmann, heldur líka yndislegan og góðan náunga.“

Culkin var ekki eini ungi leikarinn sem fékk tækifæri hjá Hughes því leikarar á borð við Molly Ringwald, Ally Sheedy, John Cusack, Judd Nelson og Steve Carell léku öll í myndum hans ung að aldri. „Hans verður sárt saknað bæði af mér og öllum sem hann kom nálægt. Hjarta mitt og hugsanir eru hjá fjölskyldu hans,“ sagði Ringwald sem sló í gegn í Pretty in Pink og The Breakfast Club. Matthew Broderick, sem lék aðalhlutverkið í Ferris Bueller´s Day Off, tjáði sig einnig um dauða Hughes. „Ég er bæði sorgmæddur og í sjokki vegna fregnanna um minn gamla vin John Hughes. Hann var frábær og mjög hæfileikaríkur maður.“

Eftir því sem Hughes nálgaðist miðjan aldur virtist hann ekki lengur hafa það sem til þurfti í Hollywood og dró sig sífellt meira úr sviðsljósinu. Síðasta myndin sem hann leikstýrði var Curly Sue sem kom út 1991. Eftir það starfaði hann einungis sem handritshöfundur og framleiðandi.

freyr@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!

crossing over
Frábær spennumynd með Harrison Ford og Ray Liotta í aðalhlutverkum.
Harðsvíraðir glæpamenn nota sér neyð fólks og örvæntingu til að komast yfir landamærin til Bandaríkjanna.
Mögnuð mynd um hvað fólk leggur á sig... með ófyrirséðum afleiðingum!
LÚXUS 16

FUNNY GAMES
EIGUM VIÐ AÐ BYRJA?
"Funny Games refsar áhorfendum fyrir blóðþorstann með því að gefa þeim allar þær misþyrmingar sem hægt er að ímynda sér."
- Scott Tobias, The Onion
ATH: Ekki fyrir viðkvæma 18

Heimir og Gulli Bítið á Bylgjunni. Ó.H.T., Rás 2. S.V. MBL
30.000 MANNS!
LÚXUS 16
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON
KARLAR SEM HATA KONUR
-V.J.V., FBL -Þ.Þ., DV -T.V., kvikmyndir.is -D.Ó.J, kvikmyndir.com

my sister's keeper
12 - Ó. Þ. I., Kvikmyndir.com

ÍSÖLD 3
40.000 MANNS! L

- S.V. MBL - V.J.V., FRÉTTABLAÐIÐ
THE HURT LOCKER - Ó.H.T, Rás 2 16
T.V. - Kvikmyndir.is 10

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| CROSSING OVER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| CROSSING OVER LÚXUS | kl. 2 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 1 - 5 - 8 - 10.10 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 5 - 8 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 1 - 3D 850 kr. | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 1 - 3.30 - 5.45 | L |
| ICEAGE 3 ENSKT TAL - ÍSL. TEXTI | kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 10.50 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| FUNNY GAMES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 18 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 3 -4.30-6 -7.30 -9-10.30 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 3.20 - 8 - 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.40 - 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 3 - 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 2 - 4 | L |
| THE HURT LOCKER | kl. 5.45 | 16 |
| B13: ULTIMATUM | kl. 8 - 10 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| CROSSING OVER | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 2.30 - 5.30 - 8.30 | 16 |
| THE HURT LOCKER | kl. 2.30 - 5.15 - 8 - 10.45 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 3.30 - 5.50 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 10.10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

PUBLIC ENEMIES
POWERSÝNING KL. 10.00
- Boston globe
FIGHTING
- Ó. Þ. I., Kvikmyndir.com
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
- T.V. - Kvikmyndir.is
STÆRSTA KVIKMYNDASERÍA ALLRA TÍMA ER KOMIN Í BÍÓ!
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 4, 7 og 10-P | 16 |
| FIGHTING | kl. 8 og 10.10 | 14 |
| HARRY POTTER | kl. 2(550 kr.) og 4 | 10 |
| MY SISTER'S KEEPER | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 2(550 kr.) og 6 | L |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal - 3D | kl. 2(850 kr.) | L |

SAMBÍÓIN

JOHNNY DEPP CHRISTIAN BALE
PUBLIC ENEMIES
FRÁ LEIKSTJÓRA „HEAT“ OG „COLLETERAL“ MICHAEL MANN KEMUR EIN ALLRA BESTA MYND ÁRSINS

HEIMURINN ÞARF STÆRRI HETJUR
3D
FRÁ JERRY BRUCKHEIMER G-FORCE
ÞEIR ERU NÝJUSTU NJÓSNARAR FBI OG ÞEIR ÞURFA AÐ TAKA HÖNDUM SAMAN TIL AÐ BJARGA HEIMINUM

SANDRA BULLOCK RYAN REYNOLDS
BÓNORÐIÐ
ANDREW ÞOLIR EKKI YFIRMANN SINN, EN TIL AÐ FÁ STÖÐUHÆKKUN ÞARF HANN AÐ TAKA BÓNORÐI HENNAR

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 5:30 - 8 - 10:50 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 2 - 8 - 10:50 | VIP |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| PROPOSAL | 1:20 - 3:30 - 5:40 - 8 - 8:30 - 10:20 - 11 | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 1:20 - 2 - 5 - 8 - 10:20 | 10 |
| HARRY POTTER 6 | kl. 5 | VIP |
| BRUNO | kl. 11 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 5:30 - 8 | 12 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 | 10 |

SparBíó
550 Á MERKTAR APPELSÍNUGULU OG 850 Á GRÆNAR

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:50 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ Ensk. Tali | kl. 6 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 1:30D - 3:40D - 8D - 10:20D | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 2 - 5 - 8 | 10 |
| BRUNO | kl. 11 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| G-FORCE m/ísl.tal | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:50 | 16 |
| HARRY POTTER 6 | kl. 2 - 5 | 7 |
| THE PROPOSAL | kl. 8 - 10 | L |

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
ÍSÖLD 3
ATH. 550 KR. EKKI Í 3D
ATH. 550 KR. ATH. SÝND KL.2
ATH. 850 KR. Á 3D ATH. SÝND KL.2
LAUGARÁSBÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SAMbio.is
SparBíó SAMBÍÓIN
LAUGARDAG OG SUNNUDAG
FRÁ JERRY BRUCKHEIMER G-FORCE
550kr
SANDRA BULLOCK RYAN REYNOLDS BÓNORÐIÐ
ANDREW ÞOLIR EKKI YFIRMANN SINN, EN TIL AÐ FÁ STÖÐUHÆKKUN ÞARF HANN AÐ TAKA BÓNORÐI HENNAR
550kr
G-FORCE M/ ísl. Tali
HARRY POTTER 6
BÓNORÐIÐ
kl. 1:20 í Álfabakka
kl. 1:30 í Kringlunni

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
KARLAR SEM HATA KONUR BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON
550 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
550 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ ísl & enskt tal KL.2 BORGARBÍÓ KL.3.40 HÁSKÓLABÍÓ
3D 850 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ
550 kr. KL.3.20 HÁSKÓLABÍÓ

# ALLTAF BETRA VERÐ



## Acer Extensa 5230E-901G16Mn

2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA+ breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • 3xUSB 2.0, VGA, PC Card slot II ofl. • Windows Vista Home Basic

15,4"

acer

**89.990**

## acer LCDSKJÁR



### Acer V223WAD LCD

22" LCD breiðtjaldsskjár með DVI (með HDCP), 1680x1050 punkta upplausn, 10000:1 skerpu og 5ms svartíma. Svartur.

22"

**33.990**

## TOSHIBA FARTÖLVA



15,4"

### Toshiba Satellite PRO L300-28T

2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • 3xUSB 2.0, VGA, ExpressCard Slot ofl. • Windows Vista Business ásamt XP Pro

**129.990**

## MEDIA SPILARI



TVIX HDMI

### Tvix R-3300

Margmiðlunarspilari með upptöku, HDMI, netkorti og USB tengi. Spilar alla helstu mynd- og hljóðstaðla.

**39.990**

## 250GB FLAKKARI



WD

### Western Digital 250GB Passport

Glæsilegur lítill USB flakkari með 250GB hörðum disk.

**16.990**

## TOSHIBA FARTÖLVA



13,3"

### Toshiba Portégé M800-11D

2.0GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 3GB(1x2GB 1x1GB) DDR2 800MHz vinnsluminni • 320GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 13,3" TFT WXGA breiðtjaldsskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Windows Vista Home Premium

**169.990**

## FJÖLNOTATÆKI



EPSON

### Epson SX200

A4 fjölnota tæki. Prentar í 5760 x 1440 punktum, skannar í 1200 x 2400 og prentar 34 bls á mín. USB. Prentar beint af minniskortum. Windows og Mac.

**14.990**

## EPSON MYNDASKANNI



### Epson Perfection V30

A4 skanni með 4800 x 9600 dpi upplausn. USB tengi. Windows og Mac.

**15.990**

## TÖLVU TILBOÐ



### Ace Intel 3 tölvupakki

Intel Core 2 Duo E7400 2.8GHz, 3MB cache, EIST, XD, VT, EM64T örgjörvi • 2GB 800MHz DDR2 minni • 640GB WD Blue harður diskur • DVD±RW skrifari • 22" LCD Philips 220SW9FB skjár - 1680x1050 • 512MB MSI ATI Radeon HD4850 - 1986MHz GDDR3, 640MHz skjákort • Vandað hátalarakerfi • Windows Vista Home Premium stýrikerfi

**169.990**

## TEIKNIBORÐ



### Wacom Bamboo Fun A6

A6 tölvuteikniborð með penna, mús. Windows og Mac OS.

WACOM

**24.990**



Logitech

### Logitech MX518

Optical tölvumús.Pottþétt í leikina.

**8.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

## > KR og Grindavík með nýja menn

Bæði lið KR og Grindavíkur tilkynntu það á heimasíðum í gær að þau væru búin að ráða til sín erlenda leikmenn fyrir næsta tímabil í Iceland Express-deildinni. KR-ingar munu fá til sín Bandaríkjamanninn Tommy Johnson sem mun spila sem bosman-leikmaður hjá liðinu en Tommy varð Íslandsmeistari með Keflavík 2008 og skoraði þá 18 stig að meðaltali í úrslitakeppninni. Grindvíkingar munu hins vegar tefla fram Amani Daanish sem er 26 ára, 200 sm og 99 kg framherji en Nick Bradford mun því ekki spila áfram með Grindvíkingum. Daanish spilaði með Indiana State í bandaríska háskólaboltanum en Larry Bird er bæði stigahæsti og frákastahæsti leikmaðurinn í sögu skólans.



sport
sport@frettabladid.is

JÓN GUÐNI FJÓLUSON: ÁTTI FRÁBÆRAN LEIK FYRIR FRAM ÞEGAR LIÐIÐ SLÁTRAÐI KEFLAVÍK Á FIMMTUDAG

## *Við höfum verið mjög öflugir upp á síðkastið*

Fram vann sinn stærsta sigur í efstu deild frá 1993 þegar liðið vann magnaðan 5-0 sigur á Keflavík á fimmtudagskvöld. Keflvíkingar höfðu ekki tapað síðan í sjöundu umferð deildarinnar þegar kom að þessum leik en réðu ekkert við Framara þetta kvöldið.

„Þetta small allt saman hjá okkur í þessum leik og loksins fórum við að nýta færin okkar, það hefur aðeins vantað í sumar," segir hinn tvítugi Jón Guðni Fjóluson sem átti afbragðsleik fyrir Safamýrarliðið. Hann var óvænt notaður á miðjunni en hefur hingað til verið notaður mestmegnis sem miðvörður.

„Ég hef ekki áður spilað á miðjunni með meistaraflokki en hafði aðeins spilað þar með 2. flokki í fyrra. Þá spilaði ég sem djúpur á miðjunni en ekki svona framarlega. Ég fann mig vel í þessum leik og er sáttur svo lengi sem ég fæ að spila," segir Jón Guðni sem hefur verið að stimpla sig vel inn í Framliðið.



„Keflvíkingar eru mjög sterkir eins og þeir sýndu um daginn þegar þeir unnu FH-inga. En við höfðum trú á þessu og förum auðvitað í hvern einasta leik til að vinna. Sigurinn kom í sjálfu sér ekkert á óvart en við bjuggumst kannski ekki alveg við honum svona stórum."

Jón Guðni skoraði fyrsta markið gegn Keflavík eftir hornspyrnu en hann hefur verið ógnandi í föstum leikatriðum og skoraði til dæmis mark liðsins gegn Larissa í Tékklandi. Hann lagði síðan upp annað mark Fram á fimmtudaginn á glæsilegan hátt.

„Ég er mjög sáttur við þetta tímabil enda flottur hópur. Við mættum vera ofar í deildinni, höfum spilað fínan bolta en hefur vantað bara að skora fleiri mörk. Við höfum verið öflugir upp á síðkastið, það gekk vel í Evrópukeppninni og við komumst á gott skrið," segir Jón Guðni.

Hann gekk til liðs við Fram í 3. flokki en er frá Þorlákshöfn. „Ég spilaði þar með Ægi í yngri flokkunum en tók síðan eitt sumar á Flúðum með Hrunamönnum í 4. flokki. Ástæðan er sú að þar var spilaður ellefu manna bolti en ekki í Þorlákshöfn," segir þessi spennandi leikmaður.

## ÚRSLIT Í GÆR

### *Pepsi-deild kvenna*

Valur - Þór/KA 1-2
0-1 Mateja Zver (45.), 1-1 Kristín Ýr Bjarnadóttir (69.), 1-2 Mateja Zver (45.)

Stjarnan - GRV 4-0
1-0 Björk Gunnarsdóttir (15.), 2-0 Björk Gunnarsdóttir (25.), 3-0 Kristrún Kristjánsdóttir (57.), 4-0 Björk Gunnarsdóttir (vsp 71.)

Fylkir - KR 0-2
0-1 Hrafnhildur Guðnadóttir (18.), 0-2 Fjóla Dröfn Friðriksdóttir (25.)

Keflavík - ÍR 0-2
0-1 Liliana Martins (30.), 0-2 Liliana Martins (66.)

**STAÐAN Í PEPSI-DEILD KVENNA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **14** | **10** | **2** | **2** | **67-17** | **32** |
| Breiðablik | 14 | 10 | 2 | 2 | 45-11 | 32 |
| **Stjarnan** | **14** | **10** | **2** | **2** | **38-11** | **32** |
| Þór/KA | 14 | 9 | 2 | 3 | 46-23 | 29 |
| **Fylkir** | **14** | **6** | **5** | **3** | **41-22** | **23** |
| KR | 14 | 6 | 1 | 7 | 29-19 | 19 |
| **Aftur/Fjölnir** | **14** | **4** | **2** | **8** | **19-30** | **14** |
| GRV | 14 | 4 | 0 | 10 | 9-46 | 12 |
| **ÍR** | **14** | **2** | **2** | **10** | **11-55** | **8** |
| Keflavík | 14 | 0 | 0 | 14 | 6-77 | 0 |

### *1. deild karla*

Þór - Víkingur R. 1-0
1-0 Kristján Steinn Magnússon (90.)

Leiknir R. - ÍR 2-1
1-0 Brynjar Orri Bjarnason (51.), 2-0 Brynjar Hlöðversson (61.), 2-1 Árni Freyr Guðnason (86.)

Afturelding - ÍA 1-1
1-0 Paul Clapson (60.), 1-1 Ragnar Leósson (82.)

Fjarðabyggð - KA 0-3
0-1 Orri Gústafsson (24.), 0-2 Guðmundur Óli Steingrímsson (85.), 0-3 Sjálfsmark (90.)

**STAÐA EFSTU LIÐA Í 1. DEILD**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Selfoss** | **15** | **10** | **2** | **2** | **28-17** | **32** |
| HK | 15 | 8 | 2 | 5 | 27-21 | 26 |
| **Haukar** | **14** | **7** | **4** | **3** | **27-17** | **25** |
| KA | 15 | 6 | 5 | 4 | 21-14 | 23 |
| **Fjarðabyggð** | **15** | **7** | **2** | **6** | **25-25** | **23** |



**LÁNAÐUR** Reggina hefur ákveðið að lána Emil til Barnsley út tímabilið. NORDICPHOTOS/GETTY

Barnsley samdi við Reggina:

## Emil aftur til Englands

**FÓTBOLTI** Enska 1. deildarfélagið Barnsley tilkynnti á heimasíðu sinni í gær að það hefði komist að samkomulagi við ítalska félagið Reggina varðandi Emil Hallfreðsson. Emil verður lánaður til Barnsley út tímabilið en enska félagið fær síðan forkaupsrétt á honum ef hann stendur sig vel.

Emil er 25 ára vinstri kantmaður sem á 22 landsleiki að baki en honum hefur gengið erfiðlega að festa sig í sessi á Ítalíu. Hann þekkir vel til á Englandi enda var hann á sínum tíma í herbúðum Tottenham. Barnsley hafnaði í 20. sæti ensku B-deildarinnar á síðasta tímabili.

**- egm**

# Toppbaráttan opnaðist upp á gátt

**Norðanstúlkur í Þór/KA unnu frækinn 1-2 sigur á Íslandsmeisturum Vals í toppbaráttuslag Pepsi-deildar kvenna í gærkvöld. Nú þegar fjórar umferðir eru eftir eru þrjú lið efst og jöfn á toppnum.**

**FÓTBOLTI** Norðanstúlkur í Þór/KA gerðu góða ferð á Hlíðarenda þar sem þær unnu Íslandsmeistara Vals 1-2 í fjörugum leik. Valur, Breiðablik og Stjarnan eru öll efst og jöfn þegar fjórar umferðir eru eftir.

„Ég er mjög svekktur yfir því hvernig stelpurnar mættu til leiks gegn góðu liði Þórs/KA og þetta var pottþétt lélegasti fyrri hálfleikur sem ég hef séð mitt lið spila í sumar. Við náðum að laga okkar leik í síðari hálfleik og hefðum átt að klára þetta en það gekk ekki eftir. Sigurmarkið hjá þeim kom svo eins og vatnsgusa framan í okkur. Nú þurfum við bara að halda einbeitingu og klára okkar leiki," segir Freyr Alexandersson þjálfari Vals.

Jafnræði var með liðunum framan af leik en Valsstúkur ógnuðu í tvígang snemma leiks þegar Dóra María Lárusdóttir og Kristín Ýr Bjarnadóttir áttu báðar skalla að marki Þórs/KA með stuttu millibili en markvörðuinn, Berglind Magnúsdóttir, var vel á verði í marki gestanna í bæði skiptin.

norðanstúlkum óx svo ásmegin eftir því sem líða tók á hálfleikinn og náðu trekk í trekk að galopna Valsvörnina með hættulegum stungusendingum á hinar eldsnöggu Mateja Zver, Vesna Smiljkovic og Rakel Hönnudóttur. Smiljkovic komst ein inn fyrir vörn Vals um miðjan hálfleikinn en þá varði María Björg Ágústsdóttir glæsilega í tvígang frá henni af stuttu færi. María Björg kom þó engum vörnum við í blálok fyrri hálfleiks þegar Zver slapp inn fyrir vörn Valsstúlkna og skoraði af öryggi, í slána og inn.

Valsstúlkur voru reyndar afar óánægðar með að markið hafði fengið að standa þar sem þær töldu Zver hafa verið rangstæða en markið stóð og norðanstúlkur leiddu 0-1 þegar flautað var til hálfleiks. Valsstúlkur voru talsvert frá sínu besta í fyrri hálfleik og áttu erfitt með að finna glufur á varnarmúr Þórs/KA en allt annað var að sjá til Íslandsmeistaranna í upphafi síðari hálfleiks þar sem þær pressuðu stíft að marki gestanna. Það dró til tíðinda á 68. mínútu þegar Dagný Brynjarsdóttir átti hörkuskot sem fór efst í markstöngina á marki Þórs/KA en markamaskínan Kristín Ýr varð fyrst til þess að átta sig og afgreiddi frákastið af yfirvegun og öryggi í markið og jafnaði leikinn. Baráttuglaðar norðanstúlkur höfðu varist vel fram að jöfnunarmarkinu en voru farnar að bakka full mikið og lentu fyrir vikið undir mikilli pressu frá Valsstúlkum. Valsstúkur héldu pressunni áfram og skall hurð nærri hælum þegar fimm mínútur voru eftir af leiknum þegar varnarmenn gestanna björguðu á línu eftir skalla frá Katrínu Jónsdóttur.

Á síðustu mínútu venjulegs leiktíma fékk Dagný svo kjörið tækifæri til þess að tryggja Val sigur en skot hennar af stuttu færi sigldi fram hjá marki Þórs/KA. Gestirnir voru aftur á móti ekki hættir og Zver og Smiljkovic léku í gegnum vörn Vals og Zver skoraði svo sigurmarkið í uppbótartíma með skoti af stuttu færi. Ótrúlegur sigur Þórs/KA í kaflaskiptum leik þar sem gestirnir voru hættulegri í fyrri hálfleik en Valur í þeim seinni.

Dragan Stojanovic þjálfari Þórs/KA var eðlilega í skýjunum við leikslok í gær. „Ég er ekki bara sáttur við stigin þrjú heldur líka spilamennsku míns liðs. Mér fannst allt ganga upp sem við lögðum upp með. Mér fannst sigurinn verðskuldaður þar sem við fengum mörg dauðafæri í fyrri hálfleik en ég viðurkenni að ég var orðinn smeykur í síðari hálfleik um að okkur yrði refsað fyrir að nýta ekki okkar færi. Það var því enn sætara þegar sigurmarkið kom og við erum búnar að koma okkur á kortið í fótboltanum á Íslandi og við viljum gera enn betur. Það getur allt gerst á lokakaflanum og við erum sátt við þriðja eða fjórða sætið, en ef við gerum enn betur þá verður það frábært," segir Dragan ánægður.

**omar@frettabladid.is**



**SIGURMARK Í BLÁLOKIN** Norðankonur fagna hér öðru marka sinna gegn Íslandsmeisturum Vals í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sir Alex Ferguson hjá Man. United er klár fyrir leikinn um Samfélagsskjöldinn gegn Chelsea á morgun:

## Þetta verður enginn upphitunarleikur

**FÓTBOLTI** Nú styttist í að boltinn byrji að rúlla í ensku úrvalsdeildinni en hinn árlegi leikur um Samfélagsskjöldinn fer fram á morgun þar sem Englandsmeistarar Manchester United og bikarmeistarar Chelsea mætast á Wembley-leikvanginum. Enska úrvalsdeildin hefst svo með pomp og prakt á laugardaginn eftir viku.

Nokkuð hefur verið um breytingar hjá liðunum tveimur frá því á síðasta tímabili þegar United varði titil sinn í ensku úrvalsdeildinni og Chelsea vann FA-bikarinn. Nú er enginn Cristiano Ronaldo í herbúðum Manchester United en í staðinn hefur félagið nælt meðal annarra í Antonio Valencia og Michael Owen. Chelsea hefur þó ekki látið stórkostlega mikið til sín taka á leikmannamarkaðnum fyrir utan kaupin á Yuri Zhirkov á 18 milljónir punda. Aftur á móti urðu stjóraskipti í brúnni þar sem Guus Hiddink vék fyrir Ítalanum Carlo Ancelotti en Skotinn Sir Alex Ferguson er vitanlega enn á sínum stað hjá United og er tilbúinn í átökin á morgun.

„Þessir leikir hafa oft verið notaðir til þess að koma mönnum af stað sem eru nýbúnir að eiga í meiðslum en það verður ekki raunin núna. Menn eru búnir að vera í góðu líkamlegu ásigkomulagi á undirbúningstímabilinu og því verður þetta enginn upphitunarleikur. Þetta eru alltaf baráttuleikir þegar við mætum Chelsea og stoltið skiptir þar miklu máli. Chelsea verður annars sterkt undir stjórn Ancelotti á komandi leiktíð þar sem hann er reyndur stjóri og er með virkilega góðan leikmannahóp í höndunum. Það var líka mikilvægt fyrir félagið að halda John Terry áfram innan sinna raða. Ég held annars að auk okkar verði það eins og áður Chelsea, Liverpool og Arsenal sem muni berjast á toppi ensku úrvalsdeildarinnar," segir Ferguson.

Nokkuð er um meiðsli í herbúðum United fyrir leikinn og nú þegar ljóst að hvorki Edwin van der Saar né Nemanja Vidic verði með gegn Chelsea.

Ancelotti hefur úr sterkum hópi að velja en Joe Cole er eini leikmaðurinn sem víst er að ekki verður leikfær þó svo að Zhirkov sé tæpur.

**- óþ**




**MARKASKORARI** Spennandi verður að sjá hvort að Michael Owen slái í gegn NORDIC PHOTOS/AFP

# Fasteignir.is

## langstærsti fasteignaleitarvefur landsins

Hægt að spila myndasýningu
af eignum sem fólk er að skoða

YFIR
16.600
eignir á skrá







vísir

Þú getur einnig nálgast fasteignir.is á visir.is

Stórbætt leitarvél þar sem viðmótið er mun þægilegra en áður
hefur þekkst, hægt er að raða og flokka eignir á mun betri hátt en áður.







## Ekki missa af draumaeigninni þinni – leitaðu á fasteignir.is

Aflmark
Árborgir
Ársalir
Ás
Ásberg
Ásbyrgi
Berg
Borgir
Byr fasteignasala
Casa firma
Dómus
Dyr ehf
Eignaborg sf
Eignamiðlun
Eignamiðlun Mosfellsbæ
Eignamiðlun Suðurnesja
Eignatorg
Fannberg
Fasteign.is
Fasteignahöllin
Fasteignakaup
Fasteignamarkaðurinn
Fasteignamál lögmannsstofa
Fasteignamiðlun
Fasteignamiðlun Grafarvogs
Fasteignamiðlun Vesturlands
Fasteignamiðstöðin
Fasteignasala Brynjólfs Jónssonar
Fasteignasala G.Ó Keflavík
Fasteignasala Íslands
Fasteignasala Mosfellsbæjar
Fasteignasala Snæfellsnes
Fasteignasala Vestfjaða
Fasteignasala Vestmanna-eyja
Fasteignasalan Garður
Fasteignasalan Tröð
Fjárfesting fasteignasala
Fold
Fyrirtækjasala Íslands
Gimli
Hákot
Heimaey
Heimili
Híbýli
Hof fasteignasal
Holt fasteignasala
Hraunhamar
Húsaleiga/Húsasala
Húsanaust
Húsasala
Húsavík
Húseign
Húsið
Húsin í borginni
Hvammur
Höfði
Kjöreign
Lögmenn Suðurlandi
Miðborg
Miklaborg
NAI Reykjavík
Neseignir
Nýtt heimili
Regula
Remax Bær
Remax Lind
Remax Senter
Remax Torg
Skeifan fasteignamiðlun
Staður
Stakfell
Stórborg
Stóreign
Valfell
Valhöll
Viðskiptahúsið
Völur



> **Casey Affleck**

„Ég flutti til Los Angeles og mætti í allar leikprufur sem ég komst í. Sem betur fer stóð ég mig nógu illa til að fá ekkert hlutverk því að flest þeirra voru hræðileg.“

***Affleck fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Gone Baby Gone sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld. kl. 22.00.***

# dagskrá sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 22.30**

**The 4400**

Komið er að sögulokum í þessari vinsælu yfirnáttúrulegu þáttaröð um hin 4400. Undir því nafni ganga þau jafnan sem sneru aftur til jarðar eftir að hafa verið numin á brott og að því er virðist send út í geim í mislangan tíma. Eftir að þau sneru aftur hafa þau öll öðlast einhvers konar yfirnáttúrulega hæfileika og nú loksins er komið að því að opinbera öll þessi leyndarmál, opinbera leyndardóminn um fjögur þúsund og fjögur hundruð-menningana.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Réttur**

**Stöð 2 kl. 19.10**



Réttur er leikin spennuþáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaflækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem starfa á lögmannsstofunni Lög og réttur og er Logi Traustason þar fremstur meðal jafningja. Þættirnir voru sýndir í fyrravetur og nutu þá mikilla vinsælda. Handrit er eftir Sigurjón Kjartansson, Kristin Þórðarson og Margréti Örnólfsdóttur. Með aðalhlutverk fara Magnús Jónsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Víkingur Kristjánsson.

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Lítil prinsessa, Geirharður Bojng Bojng, Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans, Einu sinni var... Jörðin og Landið mitt.

**10.40 Popppunktur** (Buff - múm) (e)

**11.35 Kastljós - Samantekt**

**12.05 Helgarsportið** (e)

**13.00 Bikarmót FRÍ** (1:3) (e)

**13.20 Mótókross** (e)

**13.50 Breska konungsfjölskyldan** (e)

**14.40 Óvænt heimsókn** (7:7) (e)

**15.10 Hlé**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Stóra stökkið**

**17.45 Pip og Panik** (10:13) (e)

**17.49 Skoppa og Skrítla** (2:8) (e)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Hellisbúar** (Cavemen) (10:13)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Út og suður** Gísli Einarsson fer um landið og heilsar upp á forvitnilegt fólk.

**20.05 Gróðabragð** (Scalp) (3:8) Franskur myndaflokkur.

**21.05 Forsetamorðið** (Death of a President) Bresk bíómynd frá 2006.

**22.40 Bikarmót FRÍ** (2:3) Samantekt frá keppni dagsins á Bikarmóti Frjálsíþróttasambands Íslands.

**23.00 Heimsmeistaramót íslenska hestsins**

**23.30 Kóngakapall** (Kongekabale) (e)

**01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**11.25** My Hero **11.55** Dalziel and Pascoe **12.45** Dalziel and Pascoe **13.35** The Chase **14.25** The Chase **15.15** My Hero **15.45** My Hero **16.15** Doctor Who **17.15** Doctor Who **18.00** Hotel Babylon **18.55** Judge John Deed **19.45** Little Britain **20.15** Little Britain **20.45** Little Britain **21.15** Little Britain **21.45** Doctor Who **22.30** Hotel Babylon **23.25** Judge John Deed

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Lalli, Gulla og grænjaxlarnir, Elías, Dynkur smáeðla og Ruff's Patch

**07.55 Algjör Sveppi** Þorlákur, Kalli og Lóa, Boowa and Kwala, Svampur Sveinsson, Áfram Diego, áfram!, Hvellur keppnisbíll, Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn og Aðalkötturinn.

**10.35 Inspector Gadget**

**12.00 Nágrannar**

**12.20 Nágrannar**

**12.40 Nágrannar**

**13.00 Nágrannar**

**13.25 So You Think You Can Dance**

**14.50 So You Think You Can Dance**

**15.40 Beauty and the Geek**

**16.30 My Name Is Earl** (14:22)

**16.55 Oprah**

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.55 Íþróttir**

**19.02 Veður**

**19.10 Réttur** (1:6)

**19.55 Back To You** (9:17) Kelsey Grammer leikur vinsælan og óþolandi sjálfumglaðan fréttaþul sem ræður sig aftur á gömlu stöðina.

**20.20 Monk** (7:16) Einkaspæjarinn og sérvitringurinn Adrien Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna.

**21.05 Numbers** (4:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséní sem notar reikniformúlur og líkindareikning við glæparannsóknir.

**21.50 Lie to Me** (8:13) Með sálfræði, atferlisfræði og einstökum hæfileikum í að greina í andlitsdrætti fólks hvort það segi satt eða ósatt, leysir The Lightman Group erfiðustu málin fyrir alríkislögregluna, lögfræðistofur, fyrirtæki og einstaklinga.

**22.35 The 4400** (1:13)

**23.20 NCIS** (24:24)

**00.05 60 mínútur**

**00.50 Lady in the Water**

**02.35 The Last Templar**

**04.00 The Last Templar**

**05.25 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**09.45 Gillette World Sport**

**10.15 Kraftasport 2009** Sýnt frá Arnold Classic-mótinu.

**11.00 Man. Utd. - Portsmouth** Útsending frá leik um Samfélagsskjöldinn.

**13.00 Community Shield 2009 - Preview Show** Hitað upp fyrir leik Man. Utd og Chelsea um Samfélagsskjöldinn.

**13.30 Man. Utd. - Chelsea** Bein útsending frá leik um Samfélagsskjöldinn.

**16.15 World Golf Championship 2009** Útsending frá Bridgestone Invitational-mótinu í golfi.

**18.00 Pepsimörkin 2009**

**19.00 FH - KR** Bein útsending frá leik í Pepsideild karla í knattspyrnu.

**21.15 10 Bestu: Sigurður Jónsson**

**22.00 Pepsimörkin 2009**

**23.00 Bridgestone Invitational 2009** Útsending frá lokadeginum á Bridgestone Invitational-mótinu í golfi. Sýnt beint á Sport 3 kl 19.00.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.45 Liverpool - Atl. Madrid** Útsending frá leik sem fram fór á Anfield.

**11.30 PL Classic Matches** Man United - Chelsea, 1999.

**12.00 PL Classic Matches** Chelsea - Man Utd, 1999.

**12.30 Premier League World**

**13.00 Community Shield 2009 - Preview Show** Hitað upp fyrir leik Man. Utd og Chelsea um Samfélagsskjöldinn.

**13.30 Man. Utd. - Chelsea** Bein útsending frá leik um Samfélagsskjöldinn.

**16.15 Goals of the Season 2008**

**17.10 Everton - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.50 Man. City - WBA** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.30 Review of the Season**

**21.25 Man. Utd. - Chelsea** Útsending frá leik um Samfélagsskjöldinn.

**23.20 PL Classic Matches** Manchester Utd - Chelsea, 2000.

## EXTRA

**15.30 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það nýjasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.

**16.00 Hollyoaks** (246:260)

**16.25 Hollyoaks** (247:260)

**16.50 Hollyoaks** (248:260)

**17.15 Hollyoaks** (249:260)

**17.40 Hollyoaks** (250:260)

**18.10 Seinfeld** (12:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

**18.35 Seinfeld** (13:22)

**19.00 Seinfeld** (15:24)

**19.25 Seinfeld** (16:24)

**19.45 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem sýnt er allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins.

**20.30 America's Got Talent** (10:20) Leitin að sönnu hæfileikafólki er hafin í þriðja sinn. Líkt og síðast eru dómararnir David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne. Jerry Springer er kynnir.

**21.55 The O.C. 2** (6:24) Orangesýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**22.40 Seinfeld** (12:22)

**23.05 Seinfeld** (13:22)

**23.30 Seinfeld** (15:24)

**23.55 Seinfeld** (16:24)

**00.15 Sjáðu**

**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**18.00 Borgarlíf**

**18.30 Íslands safarí**

**19.00 Reykjavík – Akureyri**

**19.30 Eldað Íslenskt**

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Útvegurinn**

**21.30 Maturinn og lífið**

**22.00 Hrafnaþing**

**23.00 Reykjavík – Akureyri**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**12.25 World Cup of Pool 2008** (e)

**13.15 Rachael Ray** (e)

**14.00 Rachael Ray** (e)

**14.45 America's Funniest Home Videos** (11:48) (e)

**15.10 What I Like About You** (e)

**15.35 Style Her Famous** (14:20) (e)

**16.05 Design Star** (2:9) (e)

**16.55 Monitor** (7:8) (e)

**17.25 Britain's Next Top Model** (e)

**18.15 Bachelorette** (4:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn.(e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (12:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Robin Hood** (8:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku.

**21.00 She Drives Me Crazy** Dramatísk sjónvarpsmynd frá árinu 2007. Tvær ólíkar systur halda saman í ferðalag. Virginia er ung ekkja sem hefur ekki gaman af lífinu en eldri systir hennar, Blithe, er mikill fjörkálfur. Á ferðalaginu lenda þær í kostulegum uppákomum og komast að leyndarmálum hvor annarar. Aðalhlutverk: Melinda Clarke.

**22.30 Montana Sky** Rómantísk spennumynd. Þegar forríkur kúabóndi deyr erfa dætur hans þrjár risastóran búgarð í Montana. Þær eru allar hálfsystur og þekkjast ekki neitt en samkvæmt erfðaskránni verða þær að búa saman á búgarðinum í eitt ár til að fá arfinn. Aðalhlutverk: John Corbett, Ashley Williams, Charlotte Ross og Diane Ladd.

**00.00 CSI. Miami** (16:21) (e)

**00.40 Murder** (5:10) (e)

**01.30 Pepsi MAX tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 My Date with Drew**

**10.00 Batman & Robin**

**14.00 My Date with Drew**

**16.00 Batman & Robin**

**18.00 Ratatouille**

**20.00 King's Ransom**

**22.00 Gone Baby Gone** Glæpamynd eftir höfund Mystic River í leikstjórn Bens Afflecks. Aðalhlutverk: Morgan Freeman, Casey Affleck og Michelle Monaghan.

**00.00 The Hoax**

**02.00 Talladega Nights. The Ballad of Ricky Bobby**

**04.00 Gone Baby Gone**

**06.00 Enemy of the State**

## DR 1

**11.15** SPAM - Indtager Piratpartiet EU? **11.40** Det lille hus på prærien **12.30** Copenhagen Historic Grand Prix **14.30** Den store dag **15.30** Ebb og Flo **15.35** Postmand Per **15.50** Nalle & Pip **16.00** Tæt på Dyrene **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.05** Sherlock Holmes **18.00** Klodens kræfter **19.00** TV Avisen **19.15** SportNyt med SAS liga **19.40** Taggart **21.20** Reimers **22.00** Dodens detektiver **22.25** Seinfeld **22.50** For fuld udblæsning

## NRK 1

**11.30** Du skal hore mye jukeboks **12.30** Norsk på norsk jukeboks **13.15** Lollipop **13.40** Om et hjerte **14.35** Thor Heyerdahl - På jakt etter paradiset **15.30** Åpen himmel **16.00** Pip og papegoyene **16.25** Småkryp **16.30** Et apeliv **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.45** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.15** Kjempesvermar **19.05** Poirot **20.45** Den danske dikteren **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nattsosteren **22.15** „Nordkaperen“ seiler i Indonesia **23.15** Verdensarven **23.30** Jazz jukeboks

## SVT 1

**13.10** Guld och gröna skogar **13.40** AnneMat **14.10** Lillhärjådalen 1.1 **15.00** Spioner på riktigt. Mouras mysterier **16.00** Rapport **16.15** Hedebyborna **17.15** En dag i Sverige **17.30** Rapport **17.50** På Stockholms slott **18.00** Solens mat **18.30** Sportspegeln **19.00** Being human **20.00** I en klass för sig **20.30** Språkresan **21.00** Öringfiske jorden runt **21.30** Hunter **22.30** Packat & klart sommar






acer emachines

# Frábær fartölva

15,6 tommur

**Acer eMachine E725-423G25MI**
2.0GHz Intel Core Duo T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 3GB (2048+1024 MB) DDR2 667MHz minni • 250GB SATA diskur • 15.6" WideScreen WXGA LED CrystalBrite skjár • Intel Graphics Media Accelerator 4500M skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél í skjá • DVD±RW, CD-RWskrifari • 2xUSB2, kortalesari, VGA, SPDIF o.fl. • Windows Vista Home Premium

**99.989 kr.**
Fullt verð ~~129.989~~

Fyrir ...

# FERÐALAGIÐ-SKÓLANN-HEIMILIÐ

þú færð það í Max - ódýrt!



19 tommur

## LCD breiðskjár

**19 Acer V193WAbb**
19" LCD breiðskjár • 1440x900 upplausn • 10000:1 skerpa • 16.7 milljónir lita • 5ms viðbragðstími

**24.989 kr.**
Fullt verð ~~29.989~~



EPSON

## Myndaprentari

**Epson S20**
A4 bleksprautuprentari sem prentar í 5760 x 1440 punktum. USB. Windows og Mac.

**8.989 kr.**
Fullt verð ~~12.989~~



## 640GB flakkari

**WD Elements 640GB**
640GB flakkari með USB 2.0. Windows og Mac.

**16.989 kr.**
Fullt verð ~~24.989~~



## Fjölnotatæki

**Brother DCP150C**
Litaprentun • Ljósritun • Skönnun • Prentar á jaðar pappírs • 1200 x 6000dpi • USB tengi.

**18.989 kr.**
Fullt verð ~~22.989~~



## Íslenskt lyklaborð

**Logitech Media 600**
Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum • Tengist með USB • Svart

**4.989 kr.**
Fullt verð ~~6.989~~

## Þráðlaus lasermús



**Logitech V450 Nano**
V450 þráðlaus lasermús fyrir fartölvur með Nano sendi.

**9.989 kr.**

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

### > Kate Bosworth

„Þegar vinur minn sagði mér að það væri til klámmynd sem héti eftir kvikmynd sem ég lék í þá vissi ég að ég var búin að meika það.“

***Bosworth fer með hlutverk í kvikmyndinni Superman Returns sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR LEGGUR VIÐ HLUSTIR

# *X-ið - þar sem rokkið byrjaði (og drapst)*

Ég lendi stundum í þeirri ofsafengnu reynslu að hlusta á útvarpið þegar ég ferðast á milli staða í bíltæki. Ofsafengin er reynslan einungis vegna þess grátlega úrvals útvarpsstöðva sem í boði er. Upphefst iðulega mikill dans á milli útvarpsstöðva þar sem vælandi blaður keppir við ofspilaðar klisjur, fyrir utan að sjálfsögðu hið svokallaða R'n'B sem kynþokkinn drýpur af, eða ekki.

Í gegnum tíðina hefur X-ið haft vinninginn yfir aðrar stöðvar, þótt Gullið sé alltaf glóandi, langi mann til að ná hjartslætti niður í miðri teppunni á föstudegi. „X-ið, þar sem rokkið byrjaði“ heyrist milljón sinnum á dag, eða „X-ið, guðfaðir rokksins“. Sem væri svo sem gott og blessað ef X-ið spilaði ekki aðallega electro-popp. Að vísu eru Nirvana, Pearl Jam, AC/DC og Guns 'n' Roses tíðir gestir, en það er svo útvatnað að það telst varla til rokks lengur. Færa mætti rök fyrir því að allt indí-ruslið sem streymir frá stöðinni sé í raun rokk. En þá má allt eins færa rök fyrir því að stöðin skyldi að mestu spila Elvis og Jerry Lee Lewis.



**ROKKDÍVA** Samkvæmt X-inu er söngkona Yeah Yeah Yeahs, Karen O, rokkdíva, alveg sama þótt hún syngi electro-popp.

Ég er ekki á móti því að electro-popp sé spilað, en í guðanna bænum, ekki kalla það rokk! Hvað nákvæmlega er rokk við Daniel með Bat for Lashes, allt nýjasta efni Killers, Gus Gus, nýrra efni Yeah Yeah Yeahs eða FM Belfast? Síðast þegar ég vissi fordæmdi X-ið einmitt allt þetta „popprusl“ og skilgreindi rokk á svipaðan máta og aðrir skilgreina metal. Sem eitthvað hart. Ég hélt að Europe hefði sannað að sama hversu miklu hári þú skartar verða synthar aldrei harðir. Er ég að misskilja eitthvað?

Ég er mikið fyrir það sem kallað var glam-rock á áttunda áratugnum. Ég elska Bowie, ég hef gaman af skemmtilegum búningum og brjálaðri förðun. En ég veit að Bowie er poppmegin við línuna og ég myndi aldrei kalla glamið hart, varla rokk. Hvernig varð electro-popp þá rokk? En lítum á björtu hliðarnar. Nú getur X-ið stolt auglýst: X-ið, þar sem rokkið byrjaði – og drapst.

## LAUGARDAGUR



▶ **19.00 World Golf Championship 2009, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.35 America's Got Talent** STÖÐ 2



▶ **19.45 America's Funniest Home Videos** SKJÁREINN



▶ **20.00 So You Think You Can Dance** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.40 Lewis - Friðþæging** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Póstturinn Páll, Stjarnan hennar Láru, Sammi, Bangsímon og vinir hans, Tóti og Patti, Ólivía, Strákurinn, Elías knái, Fræknir ferðalangar, Skúli skelfir og Hrúturinn Hreinn.
**10.20 Sólkerfið** (Space Files) (6:13)
**10.35 Leiðarljós** (e)
**11.15 Leiðarljós** (e)
**12.00 Helgarsportið** (e)
**13.00 Kastljós** (e)
**13.35 Út og suður** (e)
**14.05 Heimsmeistaramót íslenska hestsins** (1:4) (e)
**15.10 EM stelpurnar okkar** (1:4) (e)
**15.25 EM stelpurnar okkar** (2:4) (e)
**15.45 Hvað veistu? - Hvað veldur fíkn?** (Viden om)
**16.15 Sápugerðin** (11:12) (e)
**16.40 Bergmálsströnd** (11:12) (e)
**17.05 Lincolnshæðir** (15:23)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Popppunktur** (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Fallega fólkið** (2:6)
**20.10 Sveitaskvísur** (Cow Belles)
▶**21.40 Lewis - Friðþæging** (Lewis: Expiation) Bresk sakamálamynd. Húsmóðir í Oxford finnst hengd á heimili sínu og virðist blasa við að hún hafi fyrirfarið sér en Lewis efast um að það sé rétt.
**23.15 Bikarmót FRÍ** (1:3)
**23.35 Afeitrun** (D-Tox) (e)
**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 American Dreamz**
**10.00 Running with Scissors**
**12.00 Ratatouille**
**14.00 American Dreamz**
**16.00 Running with Scissors**
**18.00 Red Riding Hood**
**20.00 French Kiss**
**22.00 Good Luck Chuck**
**00.00 You, Me and Dupree**
**02.00 Crank**
**04.00 Good Luck Chuck**
**06.00 Man About Town**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli á þakinu, Flintstone krakkarnir og Dynkur smáeðla.
**08.00 Algjör Sveppi** Ruff's Patch, Elías, Boowa and Kwala, Refurinn Pablo, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Könnuðurinn Dóra, Maularinn, Tommi og Jenni, Kalli litli kanína og vinir, Nornafélagið og Ofuröndin.
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.25 The Apprentice** (2:14)
**14.20 Supernanny** (1:20) Ofurfóstran Jo Frost er mætt aftur og kennir ungu og ráðþrota fólki að ala upp litla ólátabelgi.
**15.05 Extreme Makeover. Home Edition** (24:25) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.
**16.40 You Are What You Eat** (3:18) Doktor Gillian McKeith er sérfræðingur á sviði mataræðis og aðstoðar fólk sem komið er í ógöngur í þeim málum.
**17.10 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það vinsælasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Íþróttir**
**18.52 Lottó**
**19.00 Veður**
**19.05 Ísland í dag - helgarúrval**
▶**19.35 America's Got Talent** (10:20) Leitin að sönnu hæfileikafólki er hafin í þriðja sinn. Dómarar eru David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne. Jerry Springer er kynnir.
**21.00 Superman Returns** Ný mynd um Ofurmennið Superman. Aðalhlutverk: Kevin Spacey, Kate Bosworth, Lois Lane og Brandon Walsh.
**23.30 Great Balls of Fire** Sannsöguleg mynd sem fjallar um feril einnar fyrstu og skærustu rokkstjörnu sögunnar, Jerry Lee Lewis.
**01.15 Darkness**
**02.55 Be Cool**
**04.50 ET Weekend**
**05.35 Fréttir**

## SPORT besta sætið

**09.40 PGA Tour 2009 - Hápunktar**
**10.35 Inside the PGA Tour 2009**
**11.00 Stjarnan - FH** Útsending frá leik í Pepsídeild karla í knattspyrnu.
**12.50 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar.
**13.50 US Open 2009** Sýnt frá US Open-mótinu í golfi en þangað mættu til leiks flestir af bestu kylfingum heims.
**17.50 Kraftasport 2009** Sýnt frá Arnold Schwarzenegger Classic-mótinu en það er eitt stærsta sinnar tegundar í Bandaríkjunum.
**18.30 Community Shield 2009 - Preview Show** Hitað upp fyrir leik Man. Utd og Chelsea um Samfélagsskjöldinn.
**19.00 World Golf Championship 2009** Bein útsending frá Bridgestone Invitational-mótinu í golfi en Vijay Singh og Tiger Woods hafa unnið mótið síðastliðin tvö ár.
**22.00 World Series of Poker 2008** Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum mæta til leiks.
**22.45 World Series of Poker 2008**
**23.30 Ultimate Fighter - Season 9**
▶**00.15 UFC Unleashed**

## SPORT 2 enski boltinn

**10.00 Man. Utd. - Portsmouth** Útsending frá leik um Samfélagsskjöldinn.
**12.00 Premier League World 2009/10**
**12.30 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**13.25 Community Shield 2009 - Preview Show** Hitað upp fyrir leik Man. Utd og Chelsea um Samfélagsskjöldinn.
**13.55 Liverpool - Atl. Madrid** Bein útsending frá vináttuleik sem fram fer á Anfield.
**15.55 Arsenal - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.35 Man. City - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.15 PL Classic Matches** Man United - Chelsea, 1999.
**19.45 PL Classic Matches** Everton - Leeds, 1999.
**20.15 Liverpool - Atl. Madrid** Útsending frá leik sem fram fór á Anfield.
**21.55 Goals of the Season 2007**
**22.50 Sunderland - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**13.40 Rachael Ray** (e)
**14.25 Rachael Ray** (e)
**15.10 Rachael Ray** (e)
**15.55 All of Us** (17:22) (e)
**16.25 America's Funniest Home Videos** (9:48) (e)
**16.50 America's Funniest Home Videos** (10:48) (e)
**17.15 How to Look Good Naked** (e)
**18.05 Greatest American Dog** (e)
**18.55 Family Guy** (10:18) (e)
**19.20 Everybody Hates Chris** (11:22) (e)
▶**19.45 America's Funniest Home Videos** (11:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur.
**20.10 According to Jim** (3:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki. (e)
**20.40 Flashpoint** (2:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest. (e)
**21.30 Daniel's Daughter** Sjónvarpsmynd frá árinu 2008. Cate er ritstýra á tímariti og um það bil að giftast ríkum fjölmiðlakóngi þegar hún fær pakka frá látnum föður sínum sem fer þess á leit að hún dreifi ösku hans nálægt heimabæ þeirra. (e)
**23.00 Dr. Steve-O** (5:7) (e)
**23.30 The Dudesons** (5:8) (e)
**00.00 Battlestar Galactica** (17:20) (e)
**00.50 World Cup of Pool 2008** (e)
**01.40 Murder** (5:10) (e)
**02.30 Monitor** (7:8) (e)
**03.00 Online Nation** (2:4) (e)
**03.30 Penn & Teller: Bullshit** (e)
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing**
**19.00 Reykjavík – Akureyri**
**19.30 Græðlingur**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Reykjavík – Vestmannaeyjar**
**22.00 Borgarlíf**
**22.30 Íslands safarí**
**23.00 Reykjavík – Akureyri**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Skólastjórnendur!

Við höfum í 10 ár boðið upp á ferskar máltíðir í leik- og grunnskólum, á lægra verði, fyrir ánægða nemendur og foreldra.

Við getum boðið:

- *Stakar máltíðir*
- *Matseðla*
- *Starfsfólk*
- *Rekstur tækja*
- *Innheimtu*
- *Sérfæði*
- *Salatbari*
- *Næringar- og gæðastaðla*



Skólamatur ehf. | Iðavellir 1 | 230 Reykjanesbær | Sími 420 2500 | www.skolamatur.is

SKÓLAMATUR
Holt, gott og heimilislegt

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.00**

**Superman Returns**



Nýjasta myndin um hið eina sanna ofurmenni. Superman snýr aftur til borgarinnar Metropolis eftir að hafa verið fjarverandi í fimm ár en þar hefur margt breyst í fjarveru hans. Myndin var gerð af Bryan Singer, höfundi The Usual Suspect og X-Men-myndanna og skartar fjölda þekktra leikara í helstu hlutverkum. T.d. má nefna Kevin Spacey sem Lex Luthor, Kate Bosworth sem Lois Lane og nýliðann Brandon Walsh í hlutverki Clarks Kent.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Sveitaskvísur**

**Sjónvarpið kl. 20.10**

Sveitaskvísur er bandarísk sjónvarpsmynd frá 2006. Systurnar Taylor og Courtney eiga ríka foreldra og fá allt sem þær langar í. Dag einn, eftir að systurnar leggja eldhúsið á heimilinu í rúst, er pabba þeirra nóg boðið og sendir þær í vinnu á mjólkurbúi fjölskyldunnar svo að þær öðlist ábyrgðartilfinningu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vistaskipti
**14.00** Til allra átta
**14.40** Lostafulli listræninginn
**15.15** Með laugardagskaffinu
**15.35** Stiklur úr furðum hversdagsins
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Í boði náttúrunnar
**17.05** Húslestrar á Listahátíð 2009
**18.00** Kvöldfréttir
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Um ástina
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Tríó
**21.30** Án ábyrgðar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Gullöld revíunnar
**23.10** Stefnumót
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.20 Nágrannar** Lífið í Ramsey-götu gengur sjaldnast sinn vanagang enda eru íbúar þar einkar skrautlegir og skemmtilegir.

**16.40 Nágrannar**

**17.00 Nágrannar**

**17.20 Nágrannar**

**17.40 E.R.** (1:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**18.30 Ally McBeal** (12:21) Ally veldur árekstri til að geta hitt myndarlegan mann og Ling hjálpar gömlum og góðum vini sínum.

**19.15 X-Files** (23:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

▶ **20.00 So You Think You Can Dance** (14:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð. Allt byrjaði þetta á prufunum sem fram fóru í fjórum borgum. Að prufunum loknum var skorið úr um hvaða tíu stelpur og tíu strákar komust í sjálfa úrslitakeppnina.

**21.25 So You Think You Can Dance** (15:23)

**22.10 Beauty and the Geek** (2:10) Fimmti hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku- og krúttkeppni.

**22.55 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.

**23.20 E.R.** (1:22)

**00.05 Ally McBeal** (12:21)

**00.50 X-Files** (23:24)

**01.35 Stelpurnar**

**02.00 Sjáðu**

**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** My Hero **10.35** My Hero **11.05** My Hero **11.35** EastEnders **12.05** EastEnders **12.35** EastEnders **13.05** EastEnders **13.35** Dalziel and Pascoe **14.25** Dalziel and Pascoe **15.15** Doctor Who **16.15** My Hero **16.45** My Hero **17.15** Hotel Babylon **18.10** Judge John Deed **19.00** The Jonathan Ross Show **19.50** Dalziel and Pascoe **20.40** Dalziel and Pascoe **21.30** Waking the Dead **22.20** Hotel Babylon **23.15** Judge John Deed **00.05** The Jonathan Ross Show

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boogie Mix **11.10** Hovdingebold **12.00** Det lille hus på prærien **13.05** Mrs. Doubtfire **15.10** For sondagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Den travle by **16.00** Mr. Bean **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Det vilde Kina **18.00** Merlin **18.45** Kriminalkommissær Barnaby **20.20** I nattens hede **22.05** Conviction **22.45** Seinfeld

## NRK 1

**10.30** Ut i naturen jukeboks **11.30** Du skal hore mye jukeboks **12.30** Norsk på norsk jukeboks **13.55** Texas på Landsskytterstevnet **15.05** Halvdan med breiband **16.00** Skrimmel Skrammel **16.25** En gul en og en gronn en **16.30** Rosa og livet **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Hvilket liv! **18.10** Gylne klassefester **19.20** 20 sporsmål **19.45** Sjukehuset i Aidensfield **20.30** En klegg i dress **21.00** Kveldsnytt **21.15** Billy Elliot **23.00** Du skal hore mye ... mer

## SVT 1

**10.25** Kräfträtt gourmet **12.55** Strömsö **13.35** AnneMat **14.05** Lillhärjådalen 1.1 **14.50** Allsång på Skansen **15.50** Helgmålsringning **15.55** Blomsterspråk **16.00** Rapport **16.15** Disneydags **17.00** Bobster **17.25** Bernard **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Minnenas television **19.05** Kriminaljouren **19.50** Tommy Emmanuel. Center Stage **20.50** Pistvakt **21.20** Sjukan **21.50** Tid till förändring **23.25** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN

*Halldóra Eydís Jónsdóttir*



**Aldur:** 25 ára í dag.
**Starf:** Nemi en vinnur í ágúst í Vogafjósi í Mývatnssveit.
**Fjölskylda:** Einhleyp en á systkinin Þórhöllu Bergeyju, Arnþrúði Önnu og Skarphéðin Reyni.
**Foreldrar:** Ólöf Hallgrímsdóttir og Jón Reynir Sigurjónsson. Þau eru bændur sem reka ferðaþjónustuna Vogafjós í Mývatnssveit.
**Búseta:** Býr í London en á lögheimili í Mývatnssveit.
Stjörnumerki: Ljón.

Halldóra Eydís er komin í tíu manna úrslit í skóhönnunarkeppni Viva la Diva sem kallast Nýja skóstjarnan.

# Fáklæddar bóndömur safna peningum

Sjö stelpur í Listafélagi Verslunarskólans ætla að bóna bíla í bikinifötum einum fata í Faxafeni 10 á morgun. Með uppátækinu ætla þær að safna fyrir starfsemi félagsins í vetur þar sem leikrit og ýmis námskeið verða á döfinni.

„Meirihlutinn af okkur hefur mikinn áhuga á leiklist og söng. Síðan eru hinar líka rosalega hressar og skemmtilegar en hafa kannski ekki reynslu. En við erum allar rosalega klikkaðar," segir Hallfríður Þóra Tryggvadóttir, formaður Listafélagsins. „Þetta er amerísk hugmynd að þvo bíla fyrir pening, alveg eins og að selja límonaði. Okkur fannst svo fyndið að hafa það konsept að gera hluti sem bara stelpur gera. Staðalímyndin að stelpur séu rosalega sexí að bóna bíla fannst okkur mjög fyndin. Okkur finnst mjög gaman að leika og þetta verður held ég lítið mál fyrir okkur að koma svona fram," segir hún.

Þær stöllur hafa brugðið á fleiri ráð í fjársöfnuninni. Þær sungu í nýlegri auglýsingu Símans og Tónlistar.is, hafa safnað flöskum og ætla að selja kökur í Kolaportinu.

Bílabónið í Faxafeninu hefst klukkan 14 á morgun og stendur yfir fram eftir degi. Ef rigning verður úti verður bónað innandyra og til að halda uppi góðri stemningu verður plötusnúður á staðnum. Almenningur borgar 2.000 krónur fyrir þvottinn en Verslingar fá hann á 1.000 krónur. **- fb**



**KLÁRAR Í BÓNIÐ** Hallfríður Þóra og vinkonur ætla ekki að láta sitt eftir liggja í bílabóninu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT**
**2.** þrjóskur, **6.** sjúkdómur, **8.** erlendis, **9.** sigað, **11.** tveir eins, **12.** bein, **14.** eyðileggja, **16.** rykkorn, **17.** lyftist, **18.** þangað til, **20.** kringum, **21.** hviða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** umstang, **3.** óreiða, **4.** tala, **5.** bók, **7.** stýra, **10.** völlur, **13.** belja, **15.** sjúkdómur, **16.** í viðbót, **19.** vörumerki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** þrár, **6.** ms, **8.** úti, **9.** att, **11.** tt, **12.** kjúka, **14.** ónýta, **16.** ar, **17.** ris, **18.** uns, **20.** um, **21.** kast.
**LÓÐRÉTT: 1.** ómak, **3.** rú, **4.** áttatíu, **5.** rit, **7.** stjórna, **10.** tún, **13.** kýr, **15.** asmi, **16.** auk, **19.** ss.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Peter Rabe og Rúnar Þór Róbertsson.
2. Sonia Sotomayor.
3. Til borgarinnar San Marcos í Texas í Bandaríkjunum.

MULTILASER
Gæða ljósritunarpappír
Svansmerktur
Gunnar Eggertsson hf.
Sími 525-3800
ge@ge.is

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**LÆRIR AÐ META ÍSLENSKA TÓNLIST** Jógvan færir Íslendingum færeyskar perlur og Færeyingum íslenskar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓGVAN HANSEN: VINNUR MEÐ FRIÐRIKI ÓMARI AÐ NÝRRI PLÖTU

# Perlur Íslands á færeysku

Jógvan Hansen og Friðrik Ómar vinna að nýrri plötu. Verkefnið miðar að því að kynna færeyska tónlist fyrir Íslendingum og öfugt, en helstu perlur íslenskra dægurlaga verða þýdd yfir á færeysku. Lögin eru frá ýmsum tímum og eru í uppáhaldi hjá félögunum.

„Ég valdi fyrir hann tíu færeysk lög og hann valdi fyrir mig tíu íslensk lög og svo eru þau þýdd á hitt tungumálið," segir Jógvan. Stefnt er á að úr verði tvöföld geislaplata. „Þetta er náttúrulega stórt verkefni og kostar mikið, en það er erfitt að fjármagna hvað sem er í dag, enginn á pening, sérstaklega ekki við Friðrik, tónlistarmennirnir. Vonandi getum við gert þetta í haust, ef ekki þá snemma næsta ár. Mig langar ekki að gera þetta í kringum jólin, þá fellur platan bara í einhverja súpu. Þá vil ég frekar syngja jólalög."

Jógvan hefur þegar sungið Traustan vin, Vegbúann og Lítinn dreng á Færeyskum dögum, með færeyskum textum. „Færeyingar og Íslendingar eru góðir vinir í dag og við viljum kynna tónlistina betur fyrir þjóðunum. Ótrúlegt en satt þá er tónlistin okkar ólík. Þegar fólk heyrir færeysku lögin fyrst þá er ekkert víst að þeim líki þau. Þegar ég kom til Íslands þá fílaði ég ekki Sálina hans Jóns míns, Stuðmenn, Í svörtum fötum, Írafár og allt það. Ég skildi ekki tónlistina og ekki textana, sem gerir mikið. En eins og allt annað þá lærir maður að elska þau með tímanum."

Jógvan vill ekki gefa upp að svo stöddu hverjir sjá um þýðingar. „Það er allt voðalega fallegt og vel gert, enda vanir menn sem sjá um það."

Hvernig heldur hann að Íslendingar taki því að heyra slagarana sína á færeysku? „Það minnsta sem fólk getur gert er að taka vel á móti því," segir Jógvan í gríni. „Ég vona innilega að Íslendingum líki það en ég get ekki ákveðið það fyrir þá. Það er allavega skemmtilegt fyrir þá að heyra hvernig Vegbúinn eða Traustur vinur hljómar á færeysku. Íslendingar hlæja mikið að því hvernig Færeyingar tala og öfugt. Annars held ég að það sé engin ástæða til að fíla þetta ekki, Færeyingar eru búnir að semja frábær lög í gegnum tíðina." **kolbrun@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Áhugaverð orðaskipti áttu sér stað á bloggsíðu **Eiríks Jónssonar**, ritstjóra Séð og heyrt, á DV.is í gær. Eiríkur birti mynd af Gunnari V. Andréssyni, ljósmyndara Fréttablaðsins, þar sem hann deildi við **Vilhjálm H. Vilhjálmsson** lögmann í héraðsdómi í vikunni. Eiríkur sagðist þekkja þá báða en Gunnar betur, sem betur fer. Vilhjálmur svaraði fljótlega í athugasemdakerfi síðunnar og vandaði ritstjóranum ekki kveðjurnar: „Það var ekki sami hrokinn í þér þegar þú varst að væla út gjaldfrest og afslátt af dráttarvöxtum og innheimtuþóknun eftir að þú varst dæmdur fyrir ærumeiðingar gagnvart Þóru Guðmundsdóttur í Hæstarétti. Sjaldan launar kálfurinn ofeldið, en njóttu vel."





Fatahönnuðurinn **Birta Björnsdóttir** og Jón Páll Halldórsson húðflúrmeistari skírðu dóttur sína á dögunum. Dóttirin fékk nafnið Ylfa Vár. Nafnið mun vera fengið úr norrænni goðafræði. Fyrir áttu þau Birta og Jón Páll soninn Storm Björn.

Leikarinn **Vignir Rafn Valþórsson** lýsti því yfir í Fréttablaðinu á mánudag að hann væri að undirbúa leiksýninguna Sporvagninn Grease. Sýningin átti að vera um þau Sandy og Danny, 20 árum eftir að Grease gerist. Og einhvern veginn átti Snæfríður Íslandssól að blandast inn í söguna. Frumsýningin átti að vera í dag í artFart-hátíðinni. Af því varð ekki og litlar sem engar skýringar fást á því. Sagan segir að leikarar sem áttu að vera í sýningunni viti ekki einu sinni af hverju hún var slegin af. Þeim var tilkynnt það í SMS-skilaboði.



**- hdm**

# Matmóðir Íslendinga fær góðar viðtökur

„Viðtökurnar hafa verið ótrúlegar. Það hafa 50-60 manns hringt bara í dag og allir hafa einhverja sögu að segja," segir Sigurður Svavarsson hjá bókaútgáfunni Opna. Í fyrradag kom út ný útgáfa bókarinnar Matur og drykkur eftir Helgu Sigurðardóttur sem hefur verið ófáanleg um langt skeið. Talsverð spurn hefur verið eftir bókinni og hefur til að mynda heyrst af fólki sem skráð hefur sig á biðlista eftir henni hjá fornbókasölum landsins. Þessi endurútgáfa byggist á þriðju útgáfu verksins frá 1954 sem var síðasta útgáfan sem Helga Sigurðardóttir gekk sjálf frá.

„Það er langt síðan ég hef upplifað álíka viðbrögð við nýrri útgáfu. Fólk virðist gríðarlega þakklátt fyrir þetta framtak okkar, og það gleður vitaskuld mikið. Ein kona kom hér við áðan og labbaði út með sjö eintök. Hún ætlaði að tryggja að öll börnin hennar hefðu eintak við höndina, svo hún hefði sína bók í friði," segir Sigurður.

Sigurður segir að þessar viðtökur staðfesti hversu mikið grundvallarrit Matur og drykkur sé. Margar þjóðir eigi sér bók sem þessa; bæði Norðmenn og Danir og auðvitað Ítalir, en Silfurskeiðin var einmitt gefin út á íslensku í fyrra. Tímasetning útgáfunnar er líka góð. „Nú eru menn að huga að rótunum, farnir að rækta sjálfir og svona. Þá er leitað í grunnuppskriftirnar," segir Sigurður. Ekki skemmir svo fyrir á krepputímum að Helga Sig lagði áherslu á hagsýni.

Nanna Rögnvaldardóttir ritar formála bókarinnar og rifjar þar upp þekkt viðkvæði á íslenskum heimilum í gegnum tíðina þegar redda þurfti einhverju í eldhúsinu: „Það er best að athuga hvað Helga segir." Sigurður útgefandi á ekkert nema lof yfir bókina og hina merku Helgu Sig: „Þessi kona var alveg stórmerkileg og rís alveg undir því að vera kölluð matmóðir Íslendinga."

**- hdm**



**STOLTIR ÚTGEFENDUR** Sigurður Svavarsson og Guðrún Magnúsdóttir hjá Opna hafa vart kynnst öðrum eins viðbrögðum og þau hafa fengið við endurútgáfu bókar Helgu Sigurðardóttur, Matur og drykkur. Ein kona keypti sjö eintök. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# RISA LAGERSALA

## Í HOLTAGÖRÐUM 2. HÆÐ

TEKK COMPANY

ALLT AÐ SELJAST UPP FRÁ habitat NATUZZI It's how you live

## ALLT Á 40-80% AFSLÆTTI

OPIÐ: LAUGARDAGA: 10-17 - SUNNUDAGA: 13-17 - VIRKA DAGA 10-18:30

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
*Júlíu Margrétar Alexandersdóttur*

## Herra Júlíus

Á vormánuðum tók ég eftir nokkrum ljósum hárum á höku mér og þegar ég horfði í spegil í ákveðinni birtu á hlið sá ég að svæðið í kringum höku og munn var helst farið að minna á norskan ungling. Skeggjaða konan. Hversu oft hafði maður hlegið að því? Ekki jafn fyndið þegar maður fékk að reyna það á eigin skinni.

**HÖFÐU** brjóstin á mér minnkað? Hafði höfuðhárið þynnst og var ég að fá ístru? Mér fannst ég sjá þess ótvíræð merki að eitthvað mikið væri að. Var ég að breytast í karlmann? Ég hringdi í lækni og sagðist vera að breyta um kyn. Ég var klárlega talin galin af mínum nánustu sem hristu hausinn og biðu eftir að þessi della gengi yfir – ég væri ekki að breytast í karlmann.

**LÆKNIRINN** sannfærði mig um að ég væri ekki að sturlast og skoðaði álkuna á mér í smásjá – jú, þarna væri húðin eitthvað grófari. Ég hringdi sigri hrósandi í fjölskylduna sem ég hafði margsinnis dregið með mér út á svalir, steytt puttanum framan í mig: „Sjáðu bara, sjáðu!“ en annaðhvort, kurteisi eða blindu vegna, hafði enginn þóst sjá neitt.

**TIL** að komast að því hvað nákvæmlega væri í gangi reyndist mikilvægt að senda mig í blóðprufu og athuga skjaldkirtil og hormónabúskap. Ferlið var langt, enda þurfti blóðprufan að fara fram á sérstökum tíma og sumarfrí alls staðar. Fyrir tveimur vikum fékk ég niðurstöður sem sýndu að magn testósteróns í blóðinu hafði hækkað og herra Júlíus horfði á börnin sín, hugsandi hvernig hún ætti að segja þeim að nú ættu þau tvo feður og hvernig sambýlismaðurinn myndi taka tíðindunum.

**LAUSN** er, þökk sé læknavísindunum, til fyrir þó flesta kvilla er hrjá nútímamanninn í dag. Væri ég uppi á öðrum tíma hefði ég kannski endað sem hlægilega goðsögnin um skeggjuðu konuna í sirkusnum. Fólkið mitt horfir hins vegar furðu lostið á mig veifa niðurstöðunum sigri hrósandi – ég vissi það! Ég ER að breytast í karlmann. Enn fremur sýndi þetta mér að það er mun oftar sem við eigum að hlusta á eigið hjarta og fylgja fyrstu tilfinningu – brjóstvitið hefur nefnilega slag í slag rétt fyrir sér.

**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er laugardagurinn 8. ágúst 2009, 220. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.57 | 13.33 | 22.07 |
| Akureyri | 4.28 | 13.18 | 22.05 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


© Inter IKEA Systems B.V. 2008




ÚTSALA

9. júlí – 9. ágúst

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN!

IKEA®

Opið alla daga 11-19 | Veitingastaður opinn 9:30-18:30 | www.IKEA.is